



LANDSSKIPULAG
2015–2026

Umsögn Skipulagsstofnunar um framkomnar athugasemdir við auglýsta tillögu

Loftslag, landslag, lýðheilsa

Viðauki við Landsskipulagsstefnu 2015–2026

Febrúar 2021

Tillaga að viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015–2026, ásamt umhverfismati, var auglýst til kynningar í átta vikur þann 13. nóvember 2020. Tillagan var aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar (www.skipulag.is) og vef landsskipulagsstefnu (www.landsskipulag.is). Kynningarfundur um tillöguna var haldinn um streymi á netinu þann 19. nóvember 2020 og var aðgengilegur út kynningartímann. Auk þess voru haldnir kynningarfundir fyrir sveitarfélög í hverjum landshluta í gegnum fjarfundakerfi fyrstu og aðra viku desembermánaðar auk kynningarfunda með einstökum aðilum sem óskað var eftir sérstaklega. Allir kynningarfundir um tillöguna voru skjáfundir vegna samkomutakmarkana sökum heimsfaraldurs kórónuveiru. Tillagan var send til umsagnar sveitarfélaga, hlutaðeigandi opinberra aðila og hagsmunasamtaka og var auk þess send samráðsvettvangi landsskipulagsstefnu. Alls bárust 43 umsagnir. Skipulagsstofnun þakkar þeim sem lögðu fram umsagnir fyrir þeirra framlag, sem er mikilvægur þáttur í mótun landsskipulagsstefnu.

Að neðan er samantekt helstu efnisatriða þeirra umsagna sem bárust á kynningartímanum og úrvinnsla Skipulagsstofnunar á þeim. Athugasemdir hafa verið flokkaðar eftir efnisatriðum og greinum í tillögu að viðauka við landsskipulagsstefnu og sett er fram sameiginleg úrvinnsla um athugasemdir sem fjalla um sama efnisatriðið.

Eftirtaldir aðilar skiluðu inn umsögn um tillöguna:

Arkitektafélag Íslands	8.1.2021	Reykjavíkurborg	7.1.2021
Ásahreppur	17.12.2020	Samband íslenskra sveitarfélaga	15.1.2021
Bláskógabyggð	8.1.2021	Samband sveitarfélaga á Austurlandi	8.1.2021
Dalabyggð	17.12.2020	Samorka	7.1.2021
Embætti landlæknis	12.1.2021	Samtök iðnaðarins	8.1.2021
Fjórðungssamband Vestfirðinga	8.1.2021	Sigríður Arna Arnþórsdóttir	8.1.2021
Flóahreppur	10.12.2020	Sigurður Loftur Thorlacius	5.1.2021
Forsætisráðuneytið	4.12.2020	Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar	13.1.2021
Grundarfjarðarbær	8.1.2021	Skipulagsnefnd Uppsveita	5.1.2021
Hrunamannahreppur	11.1.2021	Skógræktin	16.1.2021
Kópavogsbær	22.12.2020	Snæfellsbær	8.1.2021
Landgræðslan	7.1.2021	SUNN – Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi	8.1.2021
Landsvirkjun	8.1.2021	Sveitarfélagið Hornafjörður	6.1.2021
Loftslagsráð	8.1.2021	Sveitarfélagið Skagafjörður	7.1.2021
Mosfellsbær	15.1.2021	Svæðisskipulagsnefnd Eyjafjarðar	30.11.2020
Múlaþing	8.1.2021	Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins	19.2.2021
Norðurþing	8.1.2021	Tálknafjarðarhreppur	16.12.2020
Orkustofnun	8.1.2021	Umhverfisstofnun	13.1.2021
ÓFElG náttúruvernd	8.1.2021	Veðurstofa Íslands	8.1.2021
Óttar Yngvason ¹	8.1.2021	Vegagerðin	15.1.2021
Páll Jakob Línal	8.1.2021	Vesturbyggð	11.1.2021
Reykjanesbær	8.1.2021		

¹ Fyrir hönd Náttúruverndarsamtaka Íslands, Náttúruverndarfélagssins Laxinn lífi, Veiðifélags Breiðdæla, Veiðifélags Hofsaár og Sunnudalsár, Veiðifélags Vesturdalsár, Veiðifélags Selár, Atla Árdal Ólafssonar, eiganda hluta veiðiréttar í Hvannadalsá, Langadalsá og Þverá í Ísafjarðardjúpi, Veiðifélags Laxár á Ásum og veiðiréttarhafa Haffjarðarár í Hnappadal.

Almennar athugasemdir

Helstu atriði athugasemda	Úrvinnsla Skipulagsstofnunar
Umsagnir án athugasemda við tillöguna	
<p>Í umsögnum Ásahrepps, Flóahrepps, skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar, Kópavogsbæjar, Mosfellsbæjar og forsætisráðuneytis kemur fram að ekki séu gerðar athugasemdir við tillöguna.</p>	<p>Pakkað er fyrir umsagnirnar. Kallar ekki frekari á viðbrögð.</p>
Fjármögnun og framfylgd landsskipulagsstefnu	
<p>Samband íslenskra sveitarfélaga telur að þörf sé á stuðningi við að hrinta stefnunni í framkvæmd, í formi leiðbeininga og ráðgjafar eða í formi beins fjárstuðnings til skipulagsvinnu. Fjárheimildir til Skipulagssjóðs og Skipulagsstofnunar geti þurft að hækka á næstu árum til að tryggja farsæla innleiðingu stefnunnar. Sambærilegar athugasemdir bárust frá Tálknafjarðarhreppi, Sveitarfélaginu Hornafirði, Reykjanesbæ, Sveitarfélaginu Skagafirði, Vesturbyggð, Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi og Fjórðungssambandi Vestfirðinga.</p> <p>Samband íslenskra sveitarfélaga telur að það geti haft umtalsverð áhrif á kostnað við skipulagsgerð sveitarfélaga hvort leiðbeiningar eða grunngögn liggja fyrir við gerð aðal- eða svæðisskipulags. Vel unnar leiðbeiningar um tiltekna þætti skipulags geti reynt gagnleg viðbót við verkfærakistu sveitarfélaga.</p> <p>Vesturbyggð telur að á grundvelli kostnaðarmats megi áætla hvernig sveitarfélögunum verði tryggð framlög til að standa undir auknum kröfum, m.a. við gerð aðalskipulags. Vesturbyggð bendir jafnframt á að kostnaður vegna einstakra atriða stefnunnar kunnist að vera mismunandi eftir sveitarfélögum.</p> <p>Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins telur jákvætt að Skipulagsstofnun og umhverfis- og auðlindaráðuneyti ætli að hafa frumkvæði að framkvæmd ýmissa verkefna og gerð leiðbeininga, t.d. smíði upplýsingagáttar um losun og bindingu gróðurhúsalofttegunda vegna mismunandi landnotkunar. Gæta þurfi þess að landsskipulagsstefna sé fjármögnuð svo fyrrgreind verkefni nái fram að ganga.</p>	<p>Skipulagsstofnun tekur undir mikilvægi þess að tryggt sé fjármagn til innleiðingar landsskipulagsstefnu. Ein leið til þess er að auka heimildir til ráðstöfunar fjár úr Skipulagssjóði til samræmis við innheimt skipulagsgjald. Stofnunin telur að skýr stefnumörkun ríkisins í skipulagsmálum sé til þess fallin að stuðla að faglegri og markvissri skipulagsgerð og leiða til aukins samræmis í vinnubrögðum milli sveitarfélaga. Þá er framfylgdarverkefnum landsskipulagsstefnu ætlað að styðja við skipulagsvinnu sveitarfélaga með margvíslegum hætti. Í tillögu að viðauka við stefnuna er meðal annars gert ráð fyrir útgáfu leiðbeininga um einstök viðfangsefni, greininga á landsvísu og bættu aðgengi að gögnum og upplýsingum. Allt framangreint getur haft þau áhrif að koma í veg fyrir kostnaðarauka við skipulagsgerð sveitarfélaga og gera hana markvissari og stuðla að betri nýtingu fjármagns sem rennur til skipulagsvinnu.</p>
<p>Sveitarfélagið Hornafjörður nefnir að fyrir landstór og fámenn sveitarfélög fylgi mikill kostnaður uppbyggingu innviða fyrir vistvæna ferðamáta í dreifbýli og að engar tekjur komi á móti. Mikilvægt sé að leitað verði leiða til að styrkja sveitarfélög fjárhagslega til slíkra framkvæmda og ætti það að falla undir verkefni annarra stjórnvalda í stefnunni.</p>	<p>Skipulagsstofnun tekur undir mikilvægi þess að ríkið styðji með margvíslegum hætti við verkefni sem falla að áherslum landsskipulagsstefnu. Varðandi fjármögnun uppbyggingar innviða má nefna að gert er ráð fyrir að við mótun áætlana stjórnvalda í einstökum málaflokkum sem varða landnotkun og byggðaðpróun sé horft til áherslna sem</p>

<p>Reykjanesbær telur frekari stuðning ríkisins við almenningssamgöngur æskilegan þar sem stór atvinnusvæði nái oft yfir fámennari sveitarfélög sem eiga erfiðara með að halda úti öflugum almenningssamgöngum. Suðurnesin séu ágætt dæmi um þetta.</p> <p>Samband íslenskra sveitarfélaga telur það vera forsendu árangurs loftslagsvæns skipulags sveitarfélaga að ríkið komi markvisst að einstökum verkefnum, svo sem um uppbyggingu Borgarlínu, annarra almenningssamgangna og göngu- og hjólastíga milli byggðarlaga. Einnig sé beiting efnahagslegra hvata til t.d. orkuskipta í samgöngum, bættrar landnýtingar og breytinga í meðhöndlun úrgangs mikilvægur þáttur innleiðingar. Sama eigi við um stuðning ríkisins við aðgerðir til að auka viðnámsþrótt gagnvart loftslagsbreytingum.</p>	<p>settar eru fram í landsskipulagsstefnu. Landsskipulagsstefna á þannig að geta haft áhrif á forgangsröðun verkefna og úthlutun fjármuna í tengslum við áætlanir á borð við samgönguáætlun og byggðaáætlun.</p>
<p>Samband íslenskra sveitarfélaga telur að þar sem um er að ræða stefnu ríkisins til langs tíma verði að ganga út frá því að nýmæli í stefnunni komi ekki öll til framkvæmda við gildistöku stefnunnar heldur verði þau innleidd á gildistíma hennar. Nánari staðfesting á þessum skilningi ætti að koma fram í þingsályktunartillögu um málið.</p> <p>Vesturbyggð nefnir að á grundvelli kostnaðarmats megi áætla í hvaða skrefum nýmæli í viðaukanum öðlist gildi eða eftir atvikum hvernig sveitarfélögunum verði tryggð framlög til að standa undir auknum kröfum, m.a. við gerð aðalskipulags.</p>	<p>Áherslur viðaukans eru settar fram í formi almennra markmiða og sjónarmiða sem sveitarfélög hafa svigrúm til að útfæra í samræmi við aðstæður á viðkomandi svæði. Landsskipulagsstefna er liður í því viðvarandi verkefni bæði ríkis og sveitarfélaga að auka gæði skipulagsgerðar og nýta hana með markvissari hætti til að stuðla að því að mikilvægum þjóðfélagslegum markmiðum verði náð, svo sem á sviði loftslagsmála. Í landsskipulagstillögunni er gert ráð fyrir ýmiss konar framfylgdarverkefnum sem unnin verða á komandi árum og hafa meðal annars þann tilgang að leiðbeina sveitarfélögum við innleiðingu stefnunnar, stuðla að markvissari skipulagsgerð og auka aðgengi að upplýsingum og greiningum sem gagnast geta við stefnumótun um þróun byggðar og landnotkun. Ljóst er hins vegar að framfylgd stefnunnar er almennt ekki háð því að tiltekin framfylgdarverkefni hafi verið unnin, heldur er unnt að byggja skipulagsgerð á þeim markmiðum og sjónarmiðum sem stefnan felur í sér miðað við aðstæður og fyrirbyggjandi þekkingu á hverjum tíma. Skipulagsstofnun telur ábendingarnar ekki kalla á breytingar á landsskipulagstillögunni.</p>
<p>Sveitarfélagið Skagafjörður telur eðlilegt að nánari grein verði gerð fyrir þeim gildum og viðmiðum sem eigi að gilda um útfærslu á fræðsluefni, leiðbeiningum og öðru sem Skipulagsstofnun er ætlað að útfæra fyrir sveitarfélög, hönnuði, ráðgjafa og aðra sem að málum koma.</p> <p>Sveitarfélagið Hornafjörður telur mikilvægt að unnið verði markvisst og hratt að gerð leiðbeininga og söfnun grunnagna til skipulagsgerðar. Skoða þurfi hvort oftast sé tilefni til þess að safna gögnum með samræmdum hætti fyrir allt landið og setja fram í gagnagátt fyrir skipulagsgerð.</p>	<p>Þau gildi og viðmið sem lögð verða til grundvallar í framfylgdarverkefnum og öðru fræðsluefni koma fram í sjálfri tillögunni. Leiðbeiningaefni er hugsað til nánari upplýsingar, skýringar og stuðnings en er ekki ætlað að fela í sér nýjar kröfur til skipulagsgerðar sveitarfélaga. Skipulagsstofnun tekur undir mikilvægi þess að leiðbeiningagerð og gagnasöfnun vindi hratt og vel fram til að greiða leið sveitarfélaga við skipulagsgerð. Fjármögnun stefnunnar gegnir þar lykilhlutverki svo að framfylgdarverkefni nái fram að ganga. Í þessu samhengi má nefna að vegna áherslu stjórnvalda á að hraða aðgerðum í loftslagsmálum er við það miðað að áhersla verði í fyrstu á að leiðbeina sveitarfélögum við loftslagsmiðaða skipulagsgerð og mat á</p>

<p>Loftslagsráð telur að flýta þurfi gerð og aðgengi að leiðbeiningum og gagnagrunnum og setja fram einfaldar leiðbeiningar og gátlista sem fyrst.</p>	<p>loftslagstengdum áhrifum skipulagsáætlana. Skipulagsstofnun telur ábendinguna ekki kalla á breytingar á landsskipulagstillögunni.</p>
<p>Bláskógabyggð leggur áherslu á að landsskipulagsstefna sé til leiðbeiningar fyrir sveitarfélög sem taki mið af henni við gerð skipulagsáætlana. Skipulagsvaldið sé hjá sveitarfélögum og því megi ekki setja fram stefnu sem bindi skipulagsgerð þeirra um of.</p> <p>Að mati Sigríðar Örnú Arnþórsdóttur geta víðtæk umfjöllun og áherslupunktur tillögunnar verið tvieggja sverð og bendir á að varast skuli að fara of langt með að stýra lífsmynstri fólks.</p> <p>Samband íslenskra sveitarfélaga nefnir að í 7. kafla sé fremur lítið um tillögur sem líta beri á sem bindandi við skipulagsgerð sveitarfélaga heldur sé frekar um leiðbeiningar að ræða um gott verklag og samráð við almenning.</p>	<p>Skipulagsstofnun bendir á ákvæði skipulagslaga og reglugerðar um landsskipulagsstefnu, en þar kemur meðal annars fram að landsskipulagsstefna feli í sér stefnu ríkisins í skipulagsmálum og almenn sjónarmið til leiðbeiningar við skipulagsgerð sveitarfélaga. Stefnunni er almennt ekki ætlað að fela í sér fyrirsmáli um nákvæma útfærslu landnotkunar. Þess í stað setur hún fram almenn stefnumið og leiðarljós um hvernig skipulagsgerð sveitarfélaga verði nýtt með markvissum hætti til að vinna að mikilvægum þjóðfélagslegum markmiðum, líkt og kolefnishlutleysi. Sveitarfélögum ber samkvæmt skipulagslögum að taka mið af landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlana en hafa svigrúm til að útfæra stefnuna innan sinnar lögsögu í samræmi við aðstæður sínar. Skipulagsstofnun telur ábendinguna ekki kalla á breytingar á landsskipulagstillögunni.</p>
<p>Reykjanesbær telur að sýna þurfi með markvissum og mælanlegum hætti á hvaða veg skipulagsáætlanir uppfylla raunverulega markmið sem sett eru í skipulagsstefnunni.</p>	<p>Skipulagsstofnun tekur undir þörf á eftirfylgni með framfylgd stefnunnar. Samkvæmt skipulagslögum ber sveitarfélögum að taka mið af landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlana og er samræmi við landsskipulagsstefnu meðal þess sem Skipulagsstofnun aðgætir við ráðgjöf um og yfirferð aðal- og svæðisskipulagstillagna. Sveitarfélög hafa engu að síður svigrúm til að útfæra stefnuna innan sinnar lögsögu í samræmi við aðstæður á viðkomandi svæði. Skipulagsstofnun telur ábendinguna ekki kalla á breytingar á landsskipulagstillögunni.</p>
<p>Kynning og samráð</p>	
<p>Sveitarfélagið Hornafjörður þakkar góðar kynningar á kynningartíma tillögunnar, aðgengi að starfsmönnum Skipulagsstofnunar og góð svör við fyrirspurnum.</p> <p>Samband íslenskra sveitarfélaga hrósar Skipulagsstofnun fyrir fagmannleg vinnubrögð við framkvæmd verkefnisins.</p>	<p>Pakkað er fyrir umsagnirnar. Kallar ekki frekari á viðbrögð.</p>
<p>Samband íslenskra sveitarfélaga telur brýnt að kafla um vindorku verði í þeirri tillögu að þingsályktunartillögu sem ráðherra leggur fram á Alþingi og bendir á að samráð sé nauðsynlegt um þann kafla stefnunnar. Samráðsferli um fyrirbyggjandi tillögu missi að ákveðnum hluta marks ef umsagnaraðilar fá ekki tækifæri til að tjá sig um þennan veigamikla kafla tillögunnar. Ef von sé á endurskoðuðum kafla á næstu vikum væri eðlilegt að framlengja umsagnarfrest en ella verði skoðaðar aðrar leiðir til samráðs um efni kaflans.</p>	<p>Við tillöguna hefur verið bætt kafla um vindorku, sjá gr. 6.3, þar sem fjallað er um stefnumótun um vindorkunýtingu í skipulagsáætlunum og umhverfismat áætlana varðandi vindorku. Skipulagsstofnun tekur undir að æskilegt hefði verið að kaflinn hefði legið fyrir á kynningartíma tillögunnar. Eins og skýrt er í greinargerð með nýrri gr. 6.3 var það ekki unnt, vegna breyttra áforma umhverfis- og auðlindaráðherra um framsetningu stefnu um þetta efni. Drög að frumvarpi til breytinga á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun og drög að þingsályktun á grunni þeirra var kynnt í samráðsgátt stjórnvalda í janúar 2021. Að teknu tilliti til efnis og nálgunar þeirrar stefnu sem þar er lögð til hefur Skipulagsstofnun endurskoðað fyrri drög að gr. 6.3 og mun skila tillögu að viðauka við landsskipulagsstefnu til ráðherra með þeim kafla viðbættum. Skipulagsstofnun minnir á að samkvæmt skipulagslögum ber umhverfis- og</p>

	<p>auðlindaráðherra að hafa samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga og hlutaðeigandi ráðuneyti um tillögu að landsskipulagsstefnu áður en hún er lögð fram sem þingsályktunartillaga á Alþingi. Þá má benda á að við meðferð tillögunnar hjá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis gefst tækifæri til að senda inn umsógn um tillöguna.</p>
<p>Óttar Yngvason telur athugasemdafrest til 8. janúar 2021 ekki hafa náð 8 vikna athugasemdafresti samkvæmt 6. mgr. 11. gr. skipulagslaga, sbr. einnig 2. mgr. 6. gr. laga um skipulag haf- og strandsvæða og telur að auglýsa beri tillöguna á ný.</p>	<p>Skipulagsstofnun telur ekki ástæðu til framlengingar athugasemdafrests þar sem kynningartími stóð í 8 vikur eins og lög gera ráð fyrir. Stofnunin lagði tillöguna fram til kynningar föstudaginn 13. nóvember sl. en föstudaginn 8. janúar 2021 bar upp 8 vikum síðar.</p>
<p>Fjórðungssamband Vestfirðinga bendir á að á samráðsfundum sem haldnir voru til kynningar á lýsingu á viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015–2026, sem fóru m.a. fram á Ísafirði fyrri hluta árs 2019, hafi verið bent á að mismunandi aðstæður sveitarfélaga kalli á mismunandi umfjöllun í stefnunni. Ekki liggja fyrir fundargerðir eða minnisblöð um það hvernig unnið hafi verið úr niðurstöðum þessara samráðsfunda. Sambandið telur að æskilegt væri að fundarmönnum kynningarfunda sé kynnt hvernig staðið verði að úrvinnslu á efni frá fundum og að gefið sé út yfirlit yfir fundi og aðila sem hefðu setið þá.</p>	<p>Á kynningar- og samráðsfundum um lýsingu fyrir gerð viðauka við landsskipulagsstefnu og í lýsingunni sjálfri var gerð grein fyrir því hvernig fyrirhugað væri að standa að mótun tillögunnar. Í kjölfar kynningar á lýsingu var tekin saman samráðsskýrsla. Í henni var brugðist við innsendingu umsögnum frá kynningartímanum auk þess sem teknir voru saman helstu umræðufletir og efni fundanna. Í skýrslunni kemur meðal annars fram að Skipulagsstofnun taki undir að við mótun stefnunnar þurfi að hafa í huga mismunandi leiðir og ólíkar aðstæður í þéttbýli og dreifbýli og ólíkum landshlutum, til þess að ná tilsettum árangri.</p>
<p>Arkitektafélag Íslands segist tilbúið til að eiga frekara samstarf við Skipulagsstofnun og umhverfis- og auðlindaráðuneyti um málefni sem varða skipulags- og húsnæðismál.</p> <p>Landgræðslan kveðst reiðubúin að veita frekari upplýsingar og ráðgjöf um þá þætti sem að verksviði hennar snúa, sé þess óskað.</p> <p>Samorka þakkar fyrir tækifærið til að veita málinu umsógn og eru samtökin tilbúin til að koma að vinnu málsins í framhaldinu.</p>	<p>Skipulagsstofnun fagnar áhuga á samráði við áframhaldandi vinnu á landsskipulagsstefnu. Samráð er mikilvægur þáttur í stefnumótun og keppikefli stofnunarinnar að sem flest sveitarfélög, aðrir hlutaðeigandi opinberir aðilar og hagsmunasamtök komi að þróun landsskipulagsstefnu. Skipulagsstofnun þakkar fyrir aðkomu umsagnaraðila og veitt framlag.</p>
<p>Framsetning og efni tillögunnar</p>	
<p>Samband íslenskra sveitarfélaga hefur heilt yfir jákvæða afstöðu gagnvart tillögu að viðbótum við landsskipulagsstefnu og telur ekki vera ágreining um grundvallaráherslur sem fram koma í fyrirliggjandi drögum.</p> <p>Fjórðungssamband Vestfirðinga tekur í meginatriðum undir þær ábendingar sem settar eru fram af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga og eins hrós um fagleg vinnubrögð Skipulagsstofnunar við undirbúning, skrif stefnu, framsetningu á efni og umhverfismati og tengingu landsskipulagsstefnu við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og Landsslagssamning Evrópu.</p> <p>Skipulagsnefnd Uppsveita telur að flest þeirra markmiða sem koma fram í viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015–2026 séu jákvæð fyrir skipulagsgerð í þétt- og dreifbýli á</p>	<p>Þakkað er fyrir umsagnirnar. Kallar ekki frekari á viðbrögð.</p>

Íslandi til framtíðar. Bláskógabyggð og Hrunamannahreppur taka undir framangreinda ályktun skipulagsnefndar Uppsveita.

Sigríður Arna Arnþórsdóttir nefnir að tillagan sé yfirgripsmikil og metnaðarfull og greinilegt að mikil vinna hafi farið í hana.

Sveitarfélagið Hornafjörður telur að stefnan sé vel og faglega unnin og þar séu sett fram mikilvæg markmið og áætlanir í skipulagsgerð sem séu metnaðarfull og í takt við tímann. Sveitarfélagið telur að almenn sátt ríki í samfélaginu um helstu áherslur tillögunnar.

Sveitarfélagið Skagafjörður telur að í viðaukanum séu mörg mjög jákvæð markmið og áherslur er snerta skipulagsgerð, hvort tveggja í dreifbýli og þéttbýli.

Samband sveitarfélaga á Austurlandi fagnar þeirri miklu vinnu sem unnin hefur verið í undirbúningi tillögunnar og telur verkfæri og samantektir sem orðið hafa til í ferlinu auka upplýsingar og styrkja grundvöll umræðu um einstaka þætti landsskipulagsstefnu eftir því sem umsagnar- og vinnsluferli tillögunar vindur fram. Sem dæmi eru nefnd verkefni um greiningu landslagsgerða, samantekt um skipulag vindorkunýtingar, tengsl skipulags og heilsu sem og kortlagningu mannvirkja og þjónustu á miðhálandinu.

Vesturbyggð telur mörg atriði í viðaukanum til þess fallin að efla enn frekar þá framtíðarstefnu sem aðalskipulag sveitarfélaga er hverju sinni. Þó séu atriði sem rýna og útfæra þurfi betur.

Múlaþing lýsir almennt ánægju með þá vinnu sem liggur fyrir. Múlaþing telur viðaukann í mjög eðlilegu framhaldi af þeirri umræðu sem verið hefur, markmiðssetningu stjórnvalda og heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Landgræðslan lýsir yfir ánægju með tillöguna sem styðji í stórum dráttum við verksvið Landgræðslunnar og sé í samræmi við nálgun hennar á helstu viðgangsefni, einkum er varðar loftslagsmál, vistkerfavernd og sjálfbæra landnýtingu með lýðheilsu að markmiði.

Embætti landlæknis fagnar gerð viðaukans og styður heilshugar við að köflunum þremur sé bætt við fyrirliggjandi stefnu. Embættið tekur fram að sú áhersla sem lögð er á að horfa á málin heildstætt, samþætta mismunandi markmið og leitast við að ná margþættum ávinningi með sömu aðgerðum við skipulagsgerð sveitarfélaga falli vel að þeim áherslum sem embætti landlæknis leggur upp með.

Skógræktin telur að almennt megi segja að viðaukinn sé afar vel úr garði gerður og fagnar jákvæðum viðhorfum í garð skógræktar. Loftslagsmál gangi þvert á alla málaflokka og við fyrstu sýn virðist engir árekstrar vera á milli landsskipulagsstefnu og landsáætlunar í skógrækt. Þvert á móti endurspeglir landsskipulagsstefna þverfaglega sýn milli skógræktar og annarra málaflokka.

<p>Loftslagsráð fagnar því að loftslagsmálum, landslagi og lýðheilsu séu gerð ítarleg skil í landsskipulagsstefnu. Ráðið telur alla kaflana mikilvæga fyrir loftslagsmál sem séu samofin lífsgæðum og hagsæld.</p> <p>Reykjanesbær telur að gott sé að með landsskipulagsstefnu séu leiðbeiningar og markmið samræmd á landsvísu og að árangur sé mælanlegur og samanburðarhæfur á milli sveitarfélaga. Reykjanesbær nefnir að tillagan falli ágætlega að stefnu sveitarfélagsins í skipulagsmálum og öðrum stefnum sem þegar hafa verið lagðar fram eða unnið er að, m.a. lýðheilsustefnu og loftslagsstefnu sem ásamt Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna séu leiðbeinandi, t.d. í vinnu við endurskoðun Aðalskipulags Reykjanesbæjar.</p> <p>Snæfellsbær segir stefnumótun tillögunnar setta fram á skýran og einfaldan hátt. Bæjaryfirvöld hafi árum saman leitast við að auka sjálfbærni og stuðla að vistvænum lausnum í bæjarfélaginu. Verndun landslagsheilda skipti sköpum fyrir afkomu Snæfellsbæjar þar sem fallett umhverfi hafi mikið aðdráttarafl. Því er tekið fagnandi stefnumótun sem stuðli að loftslagsmiðuðu skipulagi og sjálfbærum samgöngum, áherslu á að vernda staðaranda, landslagsheildir og landgæði og nota skipulag til að yta undir bættu lýðheilsu.</p> <p>Grundarfjarðarbær tekur jákvætt í þær hugmyndir sem fram koma í viðaukanum og bendir jafnframt á að í nýsamþykktu aðalskipulagi Grundarfjarðarbæjar sé þegar unnið að þeirri stefnu sem lagt er upp með í tillögunni með tilliti til lýðheilsu, landslags- og loftslagsmála.</p> <p>Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi lýsa ánægju með þær áherslur sem ráðherra lagði fram 2018 varðandi viðbót við landsskipulagsstefnu og einnig með uppsetningu og meginefnistök tillögunnar sem Skipulagsstofnun leggur fram.</p> <p>Arkitektafélag Íslands fagnar áherslum á loftslag, landslag og lýðheilsu í skipulags- og mannvirkjagerð í viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015–2026.</p> <p>Samorka tekur heilt yfir vel í vinnuna við landsskipulagsstefnu með nokkrum ábendingum og athugasemdum.</p> <p>Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins fagnar viðbótum við landsskipulagsstefnu og telur þær samræmast meginmarkmiðum svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins 2015–2040, sér í lagi kaflar um loftslag og skipulag, 20 mínútna hverfið og heilsuvæna byggð og landnotkun.</p>	
<p>Í nokkrum umsögnum er vikið að ólíkum aðstæðum sveitarfélaga, meðal annars í umsögnum Loftslagsráðs, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Fjórðungssambands</p>	<p>Skipulagsstofnun þakkar fyrir ábendingarnar sem eru gagnlegt veganesti fyrir þá vinnu sem framundan er við útfærslu landsskipulagsstefnu, m.a. við gerð leiðbeininga um einstök viðfangsefni stefnunnar. Stofnunin telur ábendingarnar hins vegar ekki kalla á</p>

<p>Vestfirðinga, Reykjavíkurborgar, Sveitarfélagsins Skagafjarðar, skipulagsnefndar Uppsveita, Bláskógabyggðar, Hrunamannahrepps og Sveitarfélagsins Hornafjarðar.</p> <p>Fjórðungssamband Vestfirðinga nefnir að við mótun landsskipulagsstefnu eigi að taka tillit til ólíkra aðstæðna sveitarfélaga á þéttbýlli svæðum landsins og landsstórra sveitarfélaga í dreifbýli og einnig mismunandi aðstæðna fjölkjarnasveitarfélaga og sveitarfélaga sem hafa meginhluta íbúa í einum þéttbýliskjarna. Sambandið telur nálgun Skipulagsstofnunar of einhliða metna út frá viðfangsefnum sem koma úr ranni þéttbýlli sveitarfélaga og telur að nálgun á fyrirmyndir erlendis frá sé sama eðlis. Viðfangsefni sem sett séu á oddinn séu of höfuðborgarmiðuð og að sýn höfuðborgar um stefnu skipulags fyrir landið í heild séu ráðandi. Dæmi um það sé umfjöllun um 20 mínútna samfélagið, en fyrirmyndir séu sóttar til borga sem eru með til muna fleiri íbúa en jafnvel Ísland í heild sinni.</p> <p>Loftslagsráð bendir á að orðalag landsskipulagsstefnu þurfi að vera á þann veg að það sé leiðbeinandi þar sem verkefni sem hvert og eitt sveitarfélag leggur áherslu á taki mið af aðstæðum á hverjum stað.</p> <p>Reykjavíkurborg setur fram spurningu um hvernig komið verði til móts við sveitarfélög sem eru ekki í stakk búin til að vinna úttektir og rannsóknir, t.d. greiningu áskorana á afleiðingum loftslagsbreytinga.</p> <p>Samband íslenskra sveitarfélaga bendir á að rétt sé að hafa í huga að framlag einstakra sveitarfélaga til loftslagsmála getur orðið nokkuð breytilegt út frá aðstæðum þeirra en fámennari sveitarfélög geta m.a. lagt mikið af mörkum með markvissri landnýtingu, svo sem aukinni áherslu á kolefnisbindingu í jarðvegi og gróðri.</p> <p>Samband sveitarfélaga á Austurlandi bendir á mikilvægi þess að landsskipulagsstefna gefi áfram færi á mótun og þróun samfélaga um allt land á eigin forsendum. Horfa þurfi til allra þátta sem gera samfélag eftirsóknarvert fyrir íbúa á hverjum stað og hafa jafnframt sveigjanleika til staðar svo ekki verði allir steypdir í sama mót.</p> <p>Sveitarfélagið Skagafjörður minnir á að sveitarfélög á Íslandi séu mörg hver fámenn og strjálbýl og að sett gildi og viðmið þurfi að taka mið af því. Mikilvægt sé að tryggð séu góð búsetuskilyrði í dreifðari byggðum landsins.</p> <p>Samband íslenskra sveitarfélaga nefnir að aðstæður samfélaga séu afar misjafnar. Meginregluna um 20 mínútna bæinn geti í einhverjum tilvikum reynst örðugt að uppfylla við þær aðstæður sem þorp og bæir hafa byggst upp hér á landi.</p> <p>Skipulagsnefnd Uppsveita bendir á að ákveðin markmið stefnunnar geti haft veruleg áhrif á uppbyggingu í dreifbýli sé horft til þess að aðaláhersla uppbyggingar skuli beinast að þegar byggðum svæðum. Telur nefndin að byggð í dreifbýli þurfi einnig að geta þróast á jákvæðan hátt með tilliti til viðkomandi markmiða um orkuskipti í samgöngum,</p>	<p>breytingar á landsskipulagstillögunni. Eins og fram kemur í tillögunni eiga þær áherslur sem nú bætast við landsskipulagsstefnu eftir atvikum við um alla kafla gildandi landsskipulagsstefnu, m.a. þann sem snýr að skipulagi í dreifbýli. Er hinum nýju þematengdu markmiðum ætlað að dýpka og útfæra þá stefnu sem fyrir er, þvert á viðfangsefni hennar, eins og lýst er á skýringarmynd í tillögunni.</p> <p>Líkt og við gerð gildandi landsskipulagsstefnu voru mismunandi aðstæður sveitarfélaga hafðar í huga við mótun tillögunnar sem nú liggur fyrir. Um það atriði segir til að mynda í greinargerð með markmiði 5.3 um loftslagsvæna landnotkun að gert sé „ráð fyrir að hvert og eitt sveitarfélag marki sér stefnu, í samræmi við eigin aðstæður, um varðveislu og bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi“. Skipulagsstofnun telur mismunandi aðstæður sveitarfélaga fela í sér tækifæri og tilefni til ýmiss konar aðgerða sem vænta má að verði ólíkar eftir aðstæðum. Loftslagsvandinn verður, til dæmis, ekki leystur með einföldum altækum lausnum heldur skiptir máli að aðilar samfélagsins dragi fram og nýti sem best eigin möguleika til að leggja sitt af mörkun til sameiginlegra aðgerða. Á meðan tækifæri til breyttra ferðavenja til þess að draga úr losun frá samgöngum skipa stærris sess í fjölmennari þéttbýlisstöðum landsins geta fámenn og víðfeðm sveitarfélög til að mynda lagt mikið af mörkum með endurheimt votlendis og kolefnisbindingu í jarðvegi og gróðri.</p> <p>Fjallað er um dreifbýli í 6. kafla tillögunnar um landslag og sérstaklega tekið fram í greinargerð að markmið um skipulagsgerð með tilliti til landslags eigi við hvort sem um ræðir skipulagsgerð í þéttbýli, dreifbýli eða í óbyggðum. Í greinargerð með markmiði 6.1 um varðveislu og eflingu landslagsgæða og staðareinkenna segir enn fremur að markmiðið lúti allt í senn að „útþenslu þéttbýlis, uppbyggingu stakra mannvirkja eða húsaþyrpinga í dreifbýli“.</p> <p>Einnig er rétt að halda því til haga að þegar vísað er til þéttbýlis í tillögunni er um að ræða allt litróf hugtaksins, hvort sem um ræðir mannmarga staði eða fámennari og landfræðilega dreifðari. Þéttbýli á Íslandi tekur á sig ólíka mynd eftir aðstæðum og er ætlunin að hugtakið, sem er víðtækt, nái að endurspegla mismunandi birtingarmyndir í stefnunni. Varðandi þá athugasemd að tillagan sé þéttbýlismiðuð telur Skipulagsstofnun þurfa að hafa í huga að um 95% landsmanna búa í þéttbýli (í 106 þéttbýliskjörnum). Til samanburðar var hlutfall þeirra sem bjuggu í þéttbýli í byrjun síðustu aldar tæpur fjórðungur landsmanna. Þessir umfangsmiklu fólksflutningar úr sveit í bæi og borg leiða til þess að eðlilegt er að skoða skipulagsgerð hér á landi sérstaklega út frá aðstæðum þéttbýlis þar sem flestir landsmenn eiga þar heimili og sækja vinnu, þótt aðrar hliðar skipulags skipti að sjálfsögðu einnig miklu máli.</p> <p>Varðandi ábendingu um að í einhverjum tilvikum geti reynst erfitt að uppfylla viðmið 20 mínútna bæjarins bendir Skipulagsstofnun á að um er að ræða nálgun sem viðbúið er að sé útfærð með mismunandi hætti við ólíkar aðstæður. Hugmyndin um 20 mínútna</p>
--	--

<p>áherslur á vistvæna mannvirkjagerð og staðarmótun og landslagsvernd. Nefndin telur íbúa í dreifbýli eiga meiri möguleika á því að vinna heima en áður með ljósleiðaravæðingu svæða sem haldist í hendur við breytingar á vinnumarkaði samhliða fjórðu iðnbýltingunni. Það minnki þörf fólks á að þurfa að sækja vinnu um langan veg þar sem aukning verður á atvinnutækifærum óháð staðsetningu.</p> <p>Bláskógabyggð tekur undir ofangreinda ályktun skipulagsnefndar Uppsveita og telur að ekki sé hægt að hafa sömu viðmið hvað varðar uppbyggingu byggðar í þéttbýli og dreifbýli. Lögð er áhersla á að hinar dreifðu byggðir landsins geti byggst upp og fengið að þróast samhliða hugsanlegum breytingum í landbúnaði og tæknibreytingum.</p> <p>Hrunamannahreppur tekur í sama streng og skipulagsnefnd Uppsveita og Bláskógabyggð hér að framan varðandi uppbyggingu út frá sjónarhóli dreifbýlis og þéttbýlis.</p> <p>Sveitarfélagið Hornafjörður telur mikilvægt að leiðbeiningar um hvernig skuli staðið að söfnun grunnupplýsinga og mati á áhrifum á loftslag og viðnámsþrótt miði ekki bara að stærri þéttbýlisstöðum heldur taki einnig á dreifðum byggðum, bæði dreifbýli og dreifðum byggðakjörnum.</p> <p>Samband íslenskra sveitarfélaga bendir á að 7. kafli eigi einkum við um þéttbýli.</p>	<p>bæinn snýst um tilteknar forsendur sem lagðar eru til grundvallar við uppbyggingu og útfærslu hins byggða umhverfis, og eftir atvikum enduruppbyggingu og breytingar. Meðal þessara forsendna er að byggð og umhverfi miðist við mannlegar þarfir og mælikvarða og að íbúar eigi þess kost að nálgast helstu þjónustu í göngu- og hjólaferi, þar sem 20 mínútur er notað sem viðmið fremur en algildur mælikvarði og getur þannig til dæmis hvort heldur vísað til 5-10 mínútna ferðatíma frá einum stað til annars, eða til 15-20 mínútna ferðatíma. Ljóst er að vinna má að þessum markmiðum í öllum þéttbýlisstöðum landsins og horfa þar ýmist til bæja í heild eða einstakra hverfa innan stærri þéttbýlisstaða eða tveggja bæja sem eru í nánd hvor við annan.</p>
<p>Arkitektafélag Íslands leggur til að sérstökum kafla um höfuðborgarsvæðið verði bætt við viðaukann. Með því hvetur félagið Skipulagsstofnun til áframhaldandi góðra verka og undirstrikar þörfina á skýrari stefnumörkun um höfuðborg Íslands. Í skipulagslegu, landslagslegu, lýðheilsulegu og samfélagslegu samhengi sé mikilvægt að hlutverk höfuðborgar og höfuðborgarsvæðis verði skilgreint enn frekar í stefnumiðum landsskipulagsstefnu svo hægt sé að ávarpa kröfur, væntingar og ábyrgð á þann hátt sem gert er í nágrannalöndum okkar. Lagasetningu þar að lútandi ætti einnig að taka til skoðunar.</p> <p>Arkitektafélag Íslands telur stefnu skorta í húsnæðismálum í þéttbýli og þá sérstaklega varðandi höfuðborgina og höfuðborgarsvæðið, þar sem þorri landsmanna býr. Félagið leggur til heildstæða endurskoðun á kafla 3 í gildandi stefnu um búsetumynstur og dreifingu byggðar en í þeim kafla er mest tekið til þéttbýlis- og húsnæðismála. Einnig sé komið inn á málaflökkinn í kafla 7 í viðaukanum og leggur Arkitektafélag Íslands til nokkrar viðbætur við kaflann.</p>	<p>Skipulagsstofnun tekur undir tilefni til að í landsskipulagsstefnu verði sjónum sérstaklega beint að höfuðborgarsvæðinu og suðvesturhorninu sem helsta vaxtarsvæðis landsins. Stofnunin bendir í þessu sambandi á að lagt er til í grein 5.1.3 að Skipulagsstofnun standi fyrir „úttekt og sviðsmyndagreiningu á þróun búsetu- og samgöngumynsturs á vinnusóknar- og þjónustusvæði höfuðborgarsvæðisins, sem nýta megi sem undirstöðu að framtíðarstefnu um skipulagsmál á þessu landsvæði.“ Hugmyndin með slíkri greiningu er að skoða samþætt víðfeðmara svæði en svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins tekur til og fjalla meðal annars um þróun húsnæðismála og búsetu- og samgöngumynstur fyrir svæðið með hliðsjón af markmiðum Íslands í loftslagsmálum.</p> <p>Efni 3. kafla Landsskipulagsstefnu 2015–2026 var ekki endurskoðað að þessu sinni.</p>
<p>Samband sveitarfélaga á Austurlandi telur nauðsynlegt að skipulagsvinna verði áfram unnin á grundvelli faglegra forsendna og byggð á bestu mögulegu upplýsingum og sýn þeirra sem byggja samfélögin um þróun þeirra til lengri tíma. Bent er á mikilvægi</p>	<p>Skipulagsstofnun tekur undir það grundvallaratriði að sýn og ákvarðanir sem teknar eru við skipulagsgerð sveitarfélaga hvíli á traustum gögnum. Einnig er tekið undir mikilvægi svæðisskipulags sem stjórnækis við að samræma stefnu og miðla málum á milli samliggjandi sveitarfélaga. Við ýmsar aðgerðir í tillögunni er minnst á að stefnumörkun</p>

<p>svæðisskipulags í þessum efnunum sem þjóni sem brú á milli landsskipulagsstefnu og aðalskipulags sveitarfélaga.</p>	<p>fari fram í aðalskipulagi sveitarfélaga og „eftir atvikum svæðisskipulagi“. Svæðisskipulag getur til dæmis gegnt hlutverki í þeirri áskorun sveitarfélaga að taka saman höndum um minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda, endurheimt votlendis og að þróa loftslagsvænt byggðamynstur og samgöngur.</p>
<p>Loftslagsráð telur að þáttur stjórnvalda, annarra en sveitarfélaga, þurfi að koma betur fram, sérstaklega varðandi rannsóknir og greiningar á áskorunum vegna loftslagsbreytinga og viðnámsþoli innviða. Ráðið telur að verkefni sem sett eru fram í tillögunni ættu almennt ekki að einskorðast við skipulagsáætlanir sveitarfélaga, heldur að tengjast einnig öðrum áætlunum stjórnvalda, til dæmis varðandi samgöngur, byggðamál og skógrækt. Það nefnir í því sambandi sérstaklega greinar 5.1.2 um loftslagsvænar samgöngur, 5.2.1 um loftslagsvæna mannvirkjagerð, 5.4.1 um greiningu áskorana vegna afleiðinga loftslagsbreytinga og 5.4.2 um skipulag, innviði og mannvirkjagerð með tilliti til umhverfisbreytinga. Ráðið nefnir að í greinargerð mætti fjalla sérstaklega um hlutverk annarra áætlana stjórnvalda, svo sem samgönguáætlunar.</p>	<p>Skipulagsstofnun tekur undir mikilvægi þess að áherslur landsskipulagsstefnu liggja til grundvallar stefnumótun og áætlanagerð ríkisins. Framsetning stefnunnar ræðst þó af því að meginhlutverk hennar samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um landsskipulagsstefnu er að setja fram samræmda stefnu ríkisins í skipulagsmálum sem sveitarfélögum ber að taka mið af við skipulagsgerð. Í tillögunni er áhersla því lögð á hvernig skipulagsgerð getur nýst til að ná tilteknum markmiðum. Engu að síður er gert ráð fyrir að landsskipulagsstefna hafi einnig áhrif á áætlanir stjórnvalda í einstökum málaflokkum sem varða landnotkun og byggðaþróun. Gert er ráð fyrir að við mótun slíkra áætlana sé horft til þeirra áherslna sem settar eru fram í landsskipulagsstefnu og á það meðal annars við um byggðaáætlun og samgönguáætlun.</p> <p>Í samhengi loftslagsmála má benda á að grein 5.0.3 setur fram stefnu um að umhverfismat opinberra áætlana sem varða þróun byggðar, samgangna og landnotkunar feli í sér mat á loftslagsáhrifum og áhrifum viðkomandi áætlunar á viðnámsþrótt byggðar og samfélags. Hér er m.a. átt við samgönguáætlun, byggðaáætlun og landsáætlanir um skógrækt og landgræðslu. Með þessum hætti er stuðlað að því að fram fari kerfisbundið mat á því hvort og hvernig framangreindar áætlanir ríkisins styðja við markmið landsskipulagsstefnu um loftslagsmál.</p> <p>Skipulagsstofnun telur ábendinguna ekki kalla á breytingar á landsskipulagstillögunni.</p>
<p>Fjórðungssamband Vestfirðinga telur að heimildaskrá hefði átt að fylgja tillögu.</p>	<p>Brugðist hefur verið við ábendingunni með því að bæta við greinargerð umfjöllun um helstu heimildir sem stuðst var við, sjá kaflann <i>Forsendugreining og undirbúningur</i> í inngangi greinargerðar með tillögunni.</p>
<p>Embætti landlæknis bendir á að skýringarmyndir mættu vera stærri svo að texti sjáist betur. Varðandi skýringarmynd af forgangi ferðamáta telur embætti landlæknis æskilegt að teikna inn hjálm á þá sem eru á hjóli og hlaupahjóli. Myndin mætti einnig endurspeglar enn meiri fjölbreytileika, s.s fólk með fötlun og eldra fólk. Einnig er lögð fram spurning um stað rafskutlna og vespa í forgangsröðinni.</p>	<p>Skipulagsstofnun þakkar fyrir ábendingar um skýringarmyndir og hefur gert breytingar eftir því sem tilefni hefur þótt til.</p>
<p>Forsendur landsskipulagsstefnu</p>	
<p>Reykjanesbær telur brýnt að horft sé til fyrirhugaðra breytinga á skipulagslögum sem gerðar verða með því markmiði að einfalda og flýta fyrir skipulagsferlinu svo eitt vinni ekki gegn öðru.</p>	<p>Skipulagsstofnun tekur undir tilefni til heildstæðrar skoðunar á skipulagslögjöfni.</p>

<p>Sveitarfélagið Skagafjörður telur mikilvægt að farið verði í heildstæða yfirferð á skipulagslöggjöfinni til að stytta skipulagsferla og væntir þess að viðaukinn verði ekki til kostnaðarauka og lengingar skipulagsferla.</p> <p>Samband íslenskra sveitarfélaga telur að þörf sé á heildstæðri yfirferð á skipulagslöggjöf í þeim tilgangi að einfalda löggjöf og stytta ferla.</p> <p>Arkitektafélag Íslands vísar á nauðsyn á endurskoðun laga og reglugerða skipulagsmála og umhverfismats og beinir þeim tilmælum til ráðuneyta og stofnana sem hlut eiga að máli að arkitektar séu hafðir með í ráðum við sjálfa endurskoðunina og komi að vinnslu mála, allt frá stefnumótun til samþykkis og framkvæmda, enda heyri skipulag og mannvirkjagerð undir sérfræðipækkingu arkitekta.</p>	<p>Við mótun landsskipulagstillögunnar voru fyrirhugaðar breytingar á skipulagslögum hafðar til hliðsjónar, meðal annars í tengslum við gagnagátt um skipulag, mat á umhverfisáhrifum og leyfisveitingar.</p> <p>Skipulagsstofnun tekur undir mikilvægi samráðs þegar unnið er að endurskoðun á skipulagslöggjöfinni og að fjölbreyttur hópur hagsmunaaðila komi að þeirri vinnu.</p>
<p>Umhverfisstofnun bendir á yfirstandandi vinnu við innleiðingu laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Umhverfisstofnun bendir sérstaklega á að í 28. gr. laganna segi, þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda skuli vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem kemur fram í vatnaáætlun. Umhverfisstofnun vekur athygli á að lögð hafi verið fram til kynningar fyrsta tillaga að vatnaáætlun fyrir Ísland 2022–2027 sem felur í sér stefnumörkun um vatnsvernd. Áætlunin er í almennri kynningu og áætlað er að hún taki gildi árið 2022.</p>	<p>Skipulagsstofnun þakkar fyrir ábendinguna og hefur brugðist við með því að breyta orðalagi greinar 7.4.1 og bæta tilvísun til stefnumörkunar stjórnvalda um vatnamál við greinargerð með markmiði 7.4.</p>
<p>Skógræktin nefnir að loftslag, lýðheilsa og landslag séu mikilvæg atriði varðandi skóga og skógrækt en einkum verði loftslagsmálin áberandi í framtíðarsýn og stefnu um skógrækt. Skógræktin bendir á yfirstandandi vinnu við gerð landsáætlunar um skógrækt og landshlutaáætlanir sem unnar verða á grundvelli hennar. Þar verði fjallað um áhrif skógræktar á atvinnuþróun og byggð, lýðheilsu (útivistarskóga) og skógrækt í samhengi loftslagsbreytinga.</p>	<p>Skipulagsstofnun tekur undir mikilvægi skógræktar í tengslum við áhersluatriði tillögunnar. Víða í tillögunni er vísað til skógræktar og er víkið sérstaklega að landsáætlun í skógrækt í greinargerð með markmiði 5.3. Ábendingin kallar ekki á breytingar á tillögunni.</p>
<p>Arkitektafélag Íslands bendir á að í kafla um yfirlit yfir stefnu stjórnvalda komi aðeins „Framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks 2017–2021“ fram á málefnasviði félagsmálaráðuneytis. Undir ráðuneytið heyri hins vegar einnig stefnumótun og lagagerð um almennar íbúðir og hlutdeildarlán sem ætti að koma fram á listanum um helstu áætlanir og endurspeglast í viðauka við landsskipulagsstefnu.</p>	<p>Í yfirliti yfir stefnur og áætlanir stjórnvalda eru einungis taldar upp þær stefnur og áætlanir stjórnvalda sem hafa verið samþykktar og útgefnar. Þar er því hvorki að finna tillöguskjöl, né lög og reglugerðir. Skipulagsstofnun tekur þó undir mikilvægi þeirrar stefnumótunar sem bent er á.</p>
<p>Samband íslenskra sveitarfélaga nefnir að mikilvægt sé að bæta tölfraedi og gera hana aðgengilega niður á sveitarfélög eða landshluta, s.s. um losun gróðurhúsalofttegunda og kolefnisbindingu. Sambandið bendir einnig á mikilvægi áreiðanlegrar tölfraedi um meðhöndlun úrgangs og um húsnæðismál en fagnaðarefni sé að unnið sé að úrbótum í báðum þessum málaflokkum.</p>	<p>Skipulagsstofnun tekur undir gagnsemi þess að auka vinnslu og aðgengi upplýsinga um þá þætti sem nefndir eru í umsögninni. Bent skal á að fyrir dyrum stendur hjá Skipulagsstofnun uppfærsla á yfirliti yfir stöðu og þróun skipulagsmála, sem tekið var saman í fyrsta sinn í skýrslunni Skipulagsmál á Íslandi sem kom út árið 2014, en þar munu umræddar upplýsingar verða settar fram í samhengi skipulagsmála. Einnig má nefna að hjá Umhverfisstofnun hafa verið til skoðunar möguleikar á að gera aðgengilegar upplýsingar um losun og bindingu eftir landshlutum og sveitarfélögum, eins og til að</p>

	<p>mynda er gert í Noregi. Þær upplýsingar yrðu mikilvægur grunnur undir stefnumótun sveitarfélaga í loftslagsmálum, bæði við mótun almennra áætlana um að draga úr losun og auka kolefnisbindingu og í tengslum við skipulagsgerð.</p>
<p>Hugtakanotkun og orðalag</p>	
<p>Reykjavíkurborg telur að rétt geti verið að breyta orðalagi þar sem rætt er um græna innviði í tillögunni, en í tillögunni sé átt við náttúrulegar lausnir eða náttúrulega innviði. Reykjavíkurborg hafi horft til grænna innviða í víðara samhengi, þannig að hugtakið nái einnig til t.d. hjóla- og göngustíga. Reykjavíkurborg bendir einnig á að gott væri að spyrða saman grænum og mannvænum innviðum, þ.e. að um sé að ræða svæði sem nýtast almenningi þegar þau verka ekki sem vörn gegn vá. Til séu dæmi frá New York og Kaupmannahöfn um að sjóvarnargarðar og flóðasvæði nýtist sem útivistarsvæði, opin torg og leiksvæði, þ.e. séu fjölhæf svæði.</p> <p>Loftslagsráð bendir á að hugtakið grænir innviðir hafi verið notað í fleiri en einni merkingu, t.d. um innviði fyrir virkar samgöngur. Í þessu tilfalli væri skýrara að segja náttúrulegir innviðir.</p>	<p>Skipulagsstofnun þakkar ábendinguna en telur ekki tilefni til að breyta orðalagi um græna innviði þrátt fyrir breytilega notkun hugtaksins. Að mati stofnunarinnar er hugtakið „grænir innviðir“ heppilegra en „náttúrulegir innviðir“ til að lýsa þeirri hugmynd sem lögð er til grundvallar í tillögunni. Þar hefur meðal annars þýðingu að fyrrnefnda hugtakið nær betur utan um það samspil náttúrulegra og manngerðra þátta sem jafnan felst í uppbyggingu grænna innviða. Í tillögunni vísar hugtakið „grænir innviðir“ til margs konar innviða sem eiga sameiginlegt að nýta náttúruleg ferli eða vistkerfaþjónustu að mismiklu marki til að sinna tilteknu hlutverki sem að öðru jöfnu væri sinnt af manngerðum (eða svokölluðum hefðbundnum) innviðum. Benda má á orðnotkun Evrópusambandsins til hliðsjónar, sem vísar til grænna innviða sem nets hágæða náttúrulegra og hálnáttúrulegra svæða, en skilgreining sambandsins leggur áherslu á þá fjölbreyttu vistkerfaþjónustu sem slík svæði veita bæði í dreifbýli og þéttbýli. Brugðist hefur verið við ábendingunni með því að skýra betur í greinargerð þann skilning á hugtakinu sem byggt er á í tillögunni.</p>
<p>Embætti landlæknis bendir á að embættið kjósi alla jafna að nota orðið lífnaðarhættir í sínu starfi, en ekki lífsstíll.</p>	<p>Skipulagsstofnun telur orðið lífsstíll eiga betur við í umfjöllun tillögunnar og telur ekki tilefni til að gera breytingar með hliðsjón af ábendingunni.</p>
<p>Loftslagsráð nefnir að í tillögunni virðist orðið „stjórnvöld“ ýmist notað um öll stjórnsýslustig, þ.m.t. sveitarfélög, eða um stjórnsýslu ríkis eingöngu. Skýra þurfi hvaða stjórnsýslustig sé átt við í hvert sinn.</p>	<p>Skipulagsstofnun hefur yfirfarið tillöguna með tilliti til ábendingarinnar og telur notkun orðsins „stjórnvöld“ ekki til þess fallna að valda vafa eða túlkunarvanda. Í tillögunni vísar orðið almennt til stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga nema annað sé tekið fram. Í flestum tilvikum má skýrlega ráða af samhenginu til hvers er vísað hverju sinni. Undir yfirskriftinni „Önnur verkefni stjórnvalda“ er til að mynda tilgreint hvaða stjórnvöldum eru falin viðkomandi verkefni og er þar sérstaklega vísað til stofnana ríkisins annars vegar og sveitarfélaga hins vegar, sbr. t.d. greinar 5.0.4 og 7.0.3. Skipulagsstofnun telur ekki tilefni til að gera breytingar á tillögunni með hliðsjón af ábendingunni.</p>
<p>Umhverfisstofnun bendir á að orðalagið „sértök söfnun“ sé betra en „sértæk söfnun“ og vísar í því samhengi til laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.</p>	<p>Brugðist hefur verið ábendingunni með breytingu á orðalagi í greinargerð með markmiði 5.2.</p>

Breytingar á stefnu um skipulag á haf- og strandsvæðum

Helstu atriði athugasemda	Úrvinnsla Skipulagsstofnunar
Almennar athugasemdir við 4. kafla	
Múlþing gerir ekki athugasemdir við þær viðbætur við 4. kafla gildandi landsskipulagsstefnu sem lagðar eru til. Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi telja viðbætur við 4. kafla gildandi stefnu um haf- og strandsvæði góðar.	Þakkað er fyrir umsagnirnar. Kallar ekki á viðbrögð.
Vegagerðin nefnir að tryggja þurfi aðkomu hennar að skipulagi haf- og strandsvæða til að stofnunin geti sinnt lögbundnu hlutverki sínu m.a. í tengslum við hafnir, skipulag á lágsvæðum við strönd og siglingaleiðir.	Fjallað er um stjórn skipulagsmála á haf- og strandsvæðum í lögum nr. 88/2018 um skipulag haf- og strandsvæða. Þar er Vegagerðin tilgreind meðal ráðgefandi aðila, þ.e. fagstofnana sem fara með málaflokka sem varða nýtingu og vernd á haf- og strandsvæðum og skulu vera svæðisráðum og Skipulagsstofnun til ráðgjafar um atriði sem heyra undir lögum.
Umhverfisstofnun vekur athygli á aðild Íslands að samningi um líffræðilega fjölbreytni, en aðildarríki samningsins samþykktu árið 2010 tuttugu heimsmarkmið þar sem m.a. er kveðið á um að vernda eigi að minnsta kosti 10% hafsvæða.	Þakkað er fyrir ábendinguna. Kallar ekki á viðbrögð.
Múlþing ítrekar fyrri ábendingar um að sveitarfélagið telji eðlilegast að skipulag haf- og strandsvæða sé hluti af skipulagi hvers sveitarfélags. Að óbreyttri löggjöf leggur Múlþing áherslu á að sveitarfélög séu ráðandi við gerð haf- og strandsvæðisskipulags.	Kallar ekki á viðbrögð.
Fjórðungssamband Vestfirðinga telur mikilvægt að hraðað verði skipulagi haf- og strandsvæða við landið og að settir verði auknir starfskraftar og fjármagn til verkefnisins. Múlþing nefnir einnig mikilvægi þess að skipulag haf- og strandsvæða verði unnið sem fyrst.	Skipulagsstofnun tekur undir mikilvægi þess að hraða gerð strandsvæðisskipulags og að tryggt verði fjármagn til vinnslu þess og annarra verkefna við greiningu, áætlanagerð og miðlun upplýsinga sem tilgreind eru í lögum um skipulag haf- og strandsvæða.
4.1.3 Gagnagátt og kortavefsjá um útgefin leyfi á haf- og strandsvæðum	
Vegagerðin fagnar því að fyrirhugað sé að Skipulagsstofnun setji á stofn gagnagátt og kortavefsjá um útgefin leyfi fyrir framkvæmdum og annarri starfsemi á haf- og strandsvæðum og telur að slík vefsja muni nýtast Vegagerðinni.	Þakkað er fyrir ábendinguna. Kallar ekki á viðbrögð.
4.3.2 Aðlögun að áhrifum loftslagsbreytinga	

<p>Reykjavíkurborg telur að aðlögun að loftslagsbreytingum þurfi „viðtækari skilgreiningu en strandsvæði“ og nefnir tengsl við ýmsar tegundir náttúruvár.</p>	<p>Í gildandi Landsskipulagsstefnu 2015–2026 er að finna almenn markmið um skipulag með tilliti til náttúruvár og loftslagsbreytinga, bæði í dreifbýli (sjá grein 2.8) og þéttbýli (sjá grein 3.7), þar sem vísað er meðal annars til þeirra tegunda náttúruvár sem tengjast afleiðingum loftslagsbreytinga, svo sem hækkunar sjávarborðs og flóða- og skriðuhættu. Í 5. kafla tillögu að viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015–2026 er sett fram stefna um að skipulag efli viðnámsþrótt byggðar og samfélags gagnvart afleiðingum loftslagsbreytinga. Tillögur í þeim kafla ná til allrar skipulagsgerðar og eiga við um hvers konar afleiðingar loftslagsbreytinga, meðal annars hækkun sjávarborðs og ágang sjávar, vatnsflóð, hörfun jökla, skriðuföll, úrkomuákefð, ofviðri, gróðurelda og líffræðilega fjölbreytni.</p>
<p>4.3.3 Gerð strandsvæðisskipulags í Eyjafirði</p>	
<p>Samband íslenskra sveitarfélaga, svæðisskipulagsnefnd Eyjafjarðar og Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi lýsa ánægju með áform um að vinna strandsvæðisskipulag fyrir Eyjafjörð.</p>	<p>Kallar ekki á viðbrögð.</p>
<p>Norðurþing leggur til að í viðaukanum verði mælt fyrir um að á árinu 2021 verði hafin vinna við gerð strandsvæðisskipulags fyrir Skjálfanda.</p>	<p>Skipulagsstofnun mun gera tillögu til umhverfis- og auðlindaráðherra um að við grein 4.3.3 bætist tillaga um gerð strandsvæðisskipulags á Skjálfanda. Rök fyrir því koma fram í greinargerð við kafla 4.3.</p>
<p>Óttar Yngvason telur ástæður fyrir flýti og sérstökum forgangi vinnslu strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum, Austfjörðum og í Eyjafirði vera „þrýsting og yfirgang erlendra laxeldisrisa til að leggja undir sig sem flestar mögulegar ókeyps strandsvæðaauðlindir þjóðarinnar með tilheyrandi mengun umhverfisins“.</p>	<p>Skipulagsstofnun telur málefnalegar ástæður að baki ákvörðunum um gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum og Austfjörðum. Það sama á við um tillögu Skipulagsstofnunar um gerð strandsvæðisskipulags í Eyjafirði og á Skjálfanda og má þar vísa til skýringa í greinargerð með þeirri tillögu sem nú liggur fyrir. Hafa ber í huga að fiskeldi er aðeins einn af mörgum nýtingarmöguleikum sem fjallað er um í strandsvæðisskipulagi, en þar ber, í samræmi við lög nr. 88/2018 um skipulag haf- og strandsvæða, að setja fram markmið og ákvarðanir um framtíðarnýtingu og vernd á viðkomandi svæði og hvers konar framkvæmdir falla að nýtingu á svæðinu. Í strandsvæðisskipulagi er því tekin afstaða til ólíkrar nýtingar og verndar og til þess hvernig ólík nýting spilar saman. Það getur meðal annars varðað orkuvinnslu, mannvirkjagerð, fiskeldi, efnistöku, vernd, samgöngur, útivist og ferðaþjónustu.</p> <p>Skipulagsstofnun bendir jafnframt á að ákvörðun um á hvaða afmörkuðu svæðum gera skuli strandsvæðisskipulag skal koma fram í landsskipulagsstefnu, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga um skipulag haf- og strandsvæða. Slík ákvörðun er tekin að loknu umfangsmiklu ferli sem felur í sér ríka þátttöku hagsmunaaðila og almennings og lögbundna aðkomu nokkurra ráðherra. Ferlinu lýkur síðan með samþykki Alþingis. Samkvæmt skipulagslögum skal umhverfis- og auðlindaráðherra setja fram sameiginlega áherslu með ráðherrum sjávarútvegsmála, orkumála, ferðamála og samgöngumála um það á hvaða afmörkuðu</p>

	svæðum gera skuli strandsvæðisskipulag, sbr. 1. mgr. 11. gr. laganna. Í sama ákvæði er mælt fyrir um þau sjónarmið sem byggt skal á við val á svæðum, en þar kemur fram að forgang skuli hafa þau svæði þar sem talið er brýnt að samþætta ólíka nýtingu og verndarsjónarmið.
Óttar Yngvason telur að stjórnvöld og stjórnvísustofnanir hafi ekki haft í heiðri ákvæði 1. gr. fiskeldislaga nr. 71/2008 sem fjallar um að tryggja skuli verndun villtra nytjastofna, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Sama gildi um ákvæði náttúruverndarlaga nr. 60/2013, sérstaklega markmiðsákvæði 1. gr. og varúðarreglu 9. gr. (að náttúran skuli njóta vafans).	Skipulagsstofnun telur ábendinguna ekki beinast að tillögunni sem fyrir liggur og að hún kalli því ekki á viðbrögð.
4.3.4 Mat á þörf fyrir strandsvæðisskipulag	
Sveitarfélagið Hornafjörður fagnar því að strandsvæðisskipulag verði unnið út frá heildstæðu mati á þörf á vegum Skipulagsstofnunar.	Kallar ekki á viðbrögð.
Samband íslenskra sveitarfélaga telur tilefni til að kalla eftir afstöðu sveitarfélaga um hvort víðar sé þörf á strandsvæðisskipulagi en í Eyjafirði. Fjórðungssamband Vestfjarða telur að of langur tími líði þar til nærsvæði strandsvæðisskipulags Vestfjarða verði tekin til skoðunar með tilliti til strandsvæðisskipulags. Snæfellsbær óskar eftir upplýsingum um hvort mótuð hafi verið stefna um hvenær fyrirhugað sé að vinna að strandsvæðisskipulagi fyrir Breiðafjörð og Faxaflóa.	Skipulagsstofnun tekur undir að meta þurfi þörf fyrir gerð strandsvæðisskipulags víðar en á þeim svæðum þar sem slík vinna er hafin eða fyrirhuguð. Einnig að kalla þurfi eftir afstöðu sveitarfélaga við slíkt mat. Skipulagsstofnun telur að grein 4.3.4 í tillögunni taki nægilega á þessum þáttum, en þar er gert ráð fyrir að Skipulagsstofnun greini þörf fyrir gerð strandsvæðisskipulags á landsvísu og setji fram tillögu um forgangsröðun svæða fyrir næstu endurskoðun landsskipulagsstefnu. Í greininni er lagt til að Skipulagsstofnun vinni slíkt mat í samráði við bæði landshlutasamtök sveitarfélaga og þær fagstofnanir sem skilgreindar eru sem ráðgefandi aðilar í lögum nr. 88/2018 um skipulag haf- og strandsvæða.

Loftslagsmiðað skipulag

Helstu atriði athugasemda	Úrvinnsla Skipulagsstofnunar
Almennar athugasemdir við 5. kafla	
<p>Í nokkrum umsögnum var ánægju lýst með umfjöllun tillögunnar um loftslagsmál, meðal annars í umsögnum Loftslagsráðs, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Múlaþings, Orkustofnunar, Reykjavíkurborgar og Samtaka um náttúruvernd á Norðurlandi.</p> <p>Samband íslenskra sveitarfélaga telur áherslur í tillögunni á vistvænar samgöngur, loftslagsvæna byggð og landnotkun ásamt viðnámsþrótti gagnvart umhverfisbreytingum sjálfsgöða þætti við endurskoðun landsskipulagsstefnu sem geti einnig stuðlað að öðrum markmiðum, ekki síst um bættu lýðheilsu með uppbyggingu innviða fyrir loftslagsvænar samgöngur.</p> <p>Loftslagsráð fagnar því að tekið sé heildstætt á loftslagsmálum í landsskipulagsstefnu og að sett sé fram samræmd stefna, tillögur og leiðbeiningar um loftslagsmiðaða skipulagsgerð. Jákvætt sé að litið sé bæði til aðgerða sem minnka nettólosun og aðgerða sem byggja upp viðnámsþrótt gegn loftslagsvá.</p> <p>Loftslagsráð nefnir sérstaklega eftirfarandi atriði í loftslagshluta tillögunnar sem mikilvægar breytingar sem geti orðið til framfara:</p> <ul style="list-style-type: none"> - Settar verði fram leiðbeiningar til samræmingar vinnu sveitarfélaga og stofnana með gagnagrunna til grundvallar. - Loftslagsvænar samgöngur og lágmörkun losunar frá landnotkun verði fléttuð inn í skipulagsáætlanir. - Fjallað verði með skipulegum hætti um viðnámsþrótt byggðar og afleiðingar loftslagsbreytinga við skipulagsgerð. 	<p>Pakkað er fyrir umsagnirnar. Kallar ekki á viðbrögð.</p>

<p>Loftslagsráð telur að fjalla megi ítarlegar um atvinnulífið í tillögunni og umhverfismati. Í greinargerð megi jafnframt skerpa á því hvernig skipulag getur stutt við aðgerðir til að minnka losun frá iðnaði, landbúnaði, sjávarútvegi og annarri atvinnustarfsemi. Tillagan mætti auk þess fjalla betur um innviði fyrir orkuskipti í hafi, svo sem í sjávarútvegi, flutningastarfsemi og ferjusiglingum.</p> <p>Sigurður Loftur Thorlacius telur vanta umfjöllun um losun frá stóriðju, landbúnaði og sjávarútvegi.</p> <p>Sigríður Arna Arnþórsdóttir telur umhugsunarvert að tillagan feli í sér stefnu um minnkandi losun gróðurhúsalofttegunda með áherslu á framlag einstaklinga í tengslum við byggð, samgöngur og landnotkun án þess að fjallað sé um þátt stjórnvalda í að fækka álverum og stóriðju sem valdi hlutfallslega mestri mengun og útblæstri og vísar í því sambandi til losunar álfyrirtækja hér á landi.</p> <p>Orkustofnun nefnir að vistvæn orkuframléiðsla og afleidd starfsemi hafi jákvæð áhrif á heimsvísu þótt hún valdi aukinni losun gróðurhúsalofttegunda svæðisbundið. Mikilvægt sé að ekki sé aðeins horft til afmarkaðra svæða um losun hverju sinni heldur að málin séu skoðuð í víðara samhengi.</p> <p>Loftslagsráð telur að í tillögunni megi, auk endurnýjanlegs eldsneytis, fjalla ítarlegar um áhrif endurnýjanlegra orkugjafa eins og vatnsafls, jarðhita og vindorku og einnig horfa til þess hvernig tillagan hefur áhrif á nýtingu endurnýjanlegra orkuauðlinda.</p>	<p>Skipulagsstofnun tekur undir að fjalla megi ítarlegar um hvernig beita megi skipulagi til að draga úr losun frá atvinnulífinu. Brugðist hefur verið við ábendingu Loftslagsráðs með breytingum á grein 5.2, sbr. nánari umfjöllun í tengslum við tillögur í þeim kafla.</p> <p>Skipulagsstofnun bendir þó jafnframt á að yfirmarkmið 5. kafla um að skipulag stuðli að kolefnishlutleysi á við um öll svið samfélagsins sem hægt er að hafa áhrif á með skipulagi. Markmiðið miðar að því, eins og fram kemur í greinargerðinni, að skipulagsgerð verði nýtt eins og kostur er til að stuðla að kolefnishlutleysi og að sveitarfélög leiti til þess allra möguleika sem eru fyrir hendi á viðkomandi svæði. Yfirmarkmið kaflans á því við um öll svið samfélagsins og alla þá geira sem vísað er til í umsögnunum. Það sama gildir um markmið greinar 5.2 um að skipulag byggðar og landnotkunar miði að því að minnka kolefnisspor samfélagsins og efla hringrásarhagkerfið.</p> <p>Í tillögunni er farin sú leið að draga sérstaklega fram þá þætti samfélagsins og atvinnulífsins þar sem vænta má að skipulagsgerð nýtist helst sem stjórnæki í loftslagsmálum, samhliða og til stuðnings öðrum aðgerðum stjórnvalda. Skipulag byggðamynsturs og samgangna og útfærsla umhverfis sem styður við virka ferðamáta og almenningssamgöngur er hér bersýnilega mikilvægt viðfangsefni, eins og endurspeglast í tillögum í grein 5.1. Það sama má segja um þá þætti sem áhersla er lögð á í greinum 5.2 og 5.3, meðal annars mannvirkjagerð, auðlindanýtingu, úrgangsmál og ýmsa þætti landnotkunar eins og vernd votlendis og skógrækt. Skipulagsgerð felur á hinn bóginn í sér takmarkaðri tækifæri til að hafa áhrif á losun frá ýmsum af þeim geirum sem nefndir eru í umsögnunum, svo sem sjávarútvegi og annarri haftengdri starfsemi, stóriðju og þeim þáttum landbúnaðar sem snúa að öðru en landnotkun. Ætla má að stefnumótun ríkisins á öðrum sviðum sé heppilegri vettvangur til umfjöllunar um aðgerðir til að draga úr losun umræddra geira. Hið sama má segja um stefnumótun um innlenda orkuframléiðslu í hnattrænu samhengi loftslagsmála, en í því samhengi má þó benda á að gildandi landsskipulagsstefna hefur að geyma stefnu um orkuframléiðslu með vatnsafl, jarðvarma og vindorku, sjá grein 2.5.1. Auk þess má benda á að grein 5.2.2 í tillögunni hefur verið yfirfarin þannig að hún feli í sér stefnu um að skipulag styðji við að auðlindir séu nýttar með sjálfbærum hætti, m.a. með sjálfbærri orkuvinnslu.</p>
<p>Landsvirkjun leggur til að í landsskipulagsstefnu verði sérstaklega hugað að því hvernig skipulagsáætlanir sveitarfélaga geti stutt við orkusamfélög með það að markmiði að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá byggð, samgöngum og landnotkun. Á Íslandi hafi sveitarfélög og einstaklingar frá upphafi nýtingar orku til upphitunar húsa og framléiðslu rafmagns tekið sig saman um rekstur slíkra verkefna í félögum sem ekki voru rekin í ágóðaskyni. Í Evrópu hafi aukin áhersla verið á stuðning við hópa einstaklinga, sveitarfélaga og smærri fyrirtækja um stofnun orkusamfélaga. Markmiðið með þeim sé að gefa almenningi aukin tækifæri til að taka raunverulegan þátt í orkumálum hvort</p>	<p>Skipulagsstofnun þakkar fyrir athyglisverða ábendingu. Gerðar hafa verið breytingar á grein 5.2.2 <i>Sjálfbær auðlindanýting</i>, meðal annars í þeim tilgangi að landsskipulagsstefna hvetji til þess að horft sé með heildrænum hætti á auðlindanýtingu á hverju svæði og að skipulagsáætlanir styðji við verkefni sem stuðla að orkuskiptum og minna kolefnisspori.</p>

<p>tveggja sem notandi orku og framleiðandi. Orkusamfélög séu ekki rekin í hagnaðarskyni heldur til að ýta undir sjálfbæran og kolefnishlutlausan lífsstíl, byggðan á þeim auðlindum sem eru aðgengilegar hverju samfélagi.</p>	
<p>Reykjavíkurborg nefnir að við samþættingu loftslagsmála þurfi að horfa til þess að aðgerðir vinni ekki gegn öðrum mikilvægum samfélags- og umhverfislegum þáttum, t.d. gæðum byggðar, verndun náttúru, þjónustu vistkerfa, félagslegu réttlæti o.fl., heldur styrki þetta hvert annað.</p> <p>Skógræktin bendir á mikilvægi þess að skipulagsumgjörð landnýtingar í dreifbýli sé með þeim hætti að ekki séu lagðar skipulagshindranir á þau form landnýtingar sem eru viðurkennd í aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum.</p>	<p>Skipulagsstofnun tekur undir að mikilvægi þess að einstakar aðgerðir vinni ekki gegn öðrum mikilvægum samfélags- eða umhverfisþáttum og hefur haft að leiðarljósi að tillaga að landsskipulagsstefnu samþætti sem best áætlanir opinberra aðila á ýmsum sviðum sem varða landnotkun, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Einnig hefur áhersla verið lögð á samræmi og samlegð innbyrðis á milli tillagna í 5., 6. og 7. kafla. Til viðbótar umhverfismati sem fylgdi tillögunni á kynningartíma hefur verið bætt við tillöguna yfirliti yfir tengsl milli gildandi landsskipulagsstefnu og nýs viðauka og hins vegar innbyrðis milli þeirra markmiða sem lögð eru til í viðaukanum.</p>
<p>5. Loftslagsmiðað skipulag</p>	
<p><i>5.0.1 Stefna um loftslagsmiðað skipulag</i></p>	
<p>Reykjavíkurborg vekur athygli á mögulegri samtengingu við loftslagsstefnu sveitarfélaga samkvæmt loftslagslögum og bendir á að Samband íslenskra sveitarfélaga sé með verkfærakistu í smíðum. Reykjavíkurborg spyr hvert hlutverk Umhverfisstofnunar verði varðandi ráðgjöf um skipulagsgerð.</p>	<p>Skipulagsstofnun tekur undir að kanna þurfi möguleika á að tengja saman vinnu sveitarfélaga við stefnumótun á grundvelli loftslagslaga annars vegar og á grundvelli landsskipulagsstefnu hins vegar. Skipulagsstofnun vekur þó athygli á því að loftslagsstefna sveitarfélaga samkvæmt 5. gr. c laga um loftslagsmál nær eingöngu til innri starfsemi sveitarfélaga og fjallar þar af leiðandi ekki um samfélagslosun, þ.e. losun sem stafar frá samfélagslegum uppsprettum, svo sem samgöngum, úrgangi, landbúnaði o.fl. Engu að síður kunna að vera tækifæri til að nýta undirbúning og vinnu sem varðar loftslagsstefnu sveitarfélaga samkvæmt lögum um loftslagsmál á breiðari grundvelli, bæði við mótun stefnu um loftslagsmiðað skipulag og aðra stefnumótun í loftslagsmálum, eins og bent er á í skýringum við grein 5.0.1.</p>
<p><i>5.0.2 Mat á loftslagsáhrifum og viðnámsþrótti skipulags</i></p>	
<p>Umhverfisstofnun telur mikilvægt að gagnaöflun, greining og framsetning umhverfismats skipulagsáætlana, sem felur í sér mat á losun gróðurhúsalofttegunda, sé samræmd hjá sveitarfélögunum.</p>	<p>Skipulagsstofnun tekur undir þessa ábendingu og mun hafa hliðsjón af henni við gerð leiðbeininga um mat á loftslagstengdum áhrifum áætlana, sbr. grein 5.0.4.</p>
<p>Embætti landlæknis telur það jákvætt skref með tilliti til lýðheilsu að umhverfismat skipulagsáætlana sem og annarra áætlana sveitarfélaga skuli fela í sér mat á loftslagsáhrifum.</p>	<p>Kallar ekki á viðbrögð.</p>

Reykjavíkurborg lýsir ánægju með notkun orðsins viðnámspróttur.	Kallar ekki á viðbrögð.
Sigurður Loftur Thorlacius bendir á að umhverfismat skipulagsáætlana fari sjaldan fram og því ætti að hvetja sveitarfélög til að halda kolefnisbókhald á eins eða tveggja ára fresti.	Skipulagsstofnun tekur undir mikilvægi aukinnar upplýsingaöflunar og -miðlunar um losun og bindingu sveitarfélaga en telur landsskipulagsstefnu ekki réttan vettvang fyrir slíka kröfu til sveitarfélaga.
5.0.3 Mat á loftslagsáhrifum áætlana	
Loftslagsráð leggur til að í grein 5.0.3 verði einnig fjallað um viðnámsprótt innviða við umhverfismat annarra áætlana, til samræmis við grein 5.0.2 um mat á loftslagsáhrifum og viðnámsprótti skipulags sveitarfélaga.	Brugðist hefur verið við ábendingunni með breytingu á grein 5.0.3.
5.0.4 Leiðbeiningar um loftslagsmiðað skipulag og hvatning til loftslagsvæns lífsstíls	
Í umsögnum Loftslagsráðs, Reykjavíkurborgar, Múlabings og Sveitarfélagsins Hornafjarðar kom fram að mikil þörf væri á leiðbeiningarefni um loftslagsmiðað skipulag. Loftslagsráð, Reykjavíkurborg og Sveitarfélagið Hornafjörður kalla eftir því að vinnu við gerð leiðbeininga um loftslagsmiðað skipulag verði hraðað. Loftslagsráð og Reykjavíkurborg leggja til að skoðað verði að gefa sem fyrst út einfaldar leiðbeiningar og gátlista sem fylgt verði eftir með ítarlegri vinnu. Loftslagsráð leggur til að við grein 5.0.4 verði bætt setningunni: „Ráðist verði í gerð einfaldra leiðbeininga og gátlista sem síðar verði útfærðir í ítarlegri leiðbeiningum“, á eftir orðunum „í samráði við hlutaðeigandi aðila.“	Þakkað er fyrir ábendingarnar. Skipulagsstofnun mun eftir því sem kostur er leggja áherslu á að hraða vinnu við gerð leiðbeininga um loftslagsmál í skipulagi og umhverfismati. Brugðist hefur verið við ábendingunum með því að hnykkja á mikilvægi leiðbeininganna í greinargerð um 5. kafla.
5.0.5 Endurskoðun laga og reglugerða með tilliti til loftslagsmála	
5.1 Loftslagsvænar samgöngur	
Embætti landlæknis telur áherslu á virka ferðamáta í grein 5.1 falla vel að markmiðum stjórnvalda á sviði hreyfingar og lýðheilsu almennt.	Kallar ekki á viðbrögð.
Embætti landlæknis telur að í umræðu um loftslagsvænar samgöngur væri æskilegt að minnast á öryggi.	Skipulagsstofnun tekur undir að öryggi er meðal þeirra þátta sem stuðlað geta að aukinni hlutdeild virkra ferðamáta og almenningsamgangna. Sú leið var hins vegar farin í tillögunni að setja markmið um öryggi vegfarenda fram í tengslum við markmið á sviði lýðheilsu. Í 7. kafla um heilsuvæna byggð og landnotkun er vísað til öryggis meðal þeirra þátta sem gæta ber að við útfærslu byggðar og bæjarrýma og er meðal annars sett fram stefna um að skipulagsgerð miði að því að tryggja öryggi á götum og stígum og beini sjónum sérstaklega að þörfum viðkvæmra hópa.

<p>Samband íslenskra sveitarfélaga bendir á að ekki sé vikið að því að árstíðasveiflur í veðurfari geta haft mikil áhrif á val á samgöngumáta.</p> <p>Fjórðungssamband Vestfjarða tekur undir ábendingu Sambands íslenskra sveitarfélaga um að taka eigi tillit til aðstæðna að sumri sem vetri.</p>	<p>Skipulagsstofnun bendir á að aðgerðir tillögunnar miða almennt að því að bæta aðstæður fyrir virka ferðamáta árið um kring. Hluti af þeirri viðleitni er að huga að viðhaldi og snjómokstri gangstétta og stíga ásamt grávatni til upphitunar eins og nefnt er í greinargerð í þeim hluta tillögunnar sem fjallar um heilsuvæna ferðamáta. Leggja þarf sérstaka áherslu á öryggi á þeim stígum þar sem saman fer gangandi og hjólandi umferð. Varðandi áhrif árstíðasveiflna á samgönguval er hægt að búa svo um hnúta að aðstæður hvort sem að sumri eða vetri séu ákjósanlegar fyrir göngu og hjóleiðar, þótt valið sjálft sé á endanum undir einstaklingum komið, hvort sem það grundvallast af veðráttu eða öðru. Í grein 7.2.2 og í greinargerð með tillögunni er einnig fjallað um mikilvægi vandaðra útivistarsvæða og annarra aðlaðandi almenningsrýma sem hvetja til útiveru og hreyfingar í öllum veðrum, árið um kring.</p>
<p>5.1.1 Byggðamynstur í þágu loftslagsmála</p>	
<p>Múlþing nefnir að hugmyndin um 20 mínútna bæinn verði viðmið fyrir þéttbýlisstaði innan sveitarfélagsins. Varðandi dreifbýlið verði lögð áhersla á góðar tengingar og þjónustu sem dregið geti úr umferð og mengun en jafnframt tryggt góða þjónustu.</p>	<p>Skipulagsstofnun fagnar því að áherslur í skipulagsáætlunum sveitarfélaga rími við áherslur tillögunnar um 20 mínútna bæinn.</p>
<p>Loftslagsráð leggur til að eftirfarandi setningu verði bætt við í lok grein 5.1.1: „<i>Samhliða verði tekið mið af markmiðum í kafla 3.2 um sjálfbært skipulag, vaxtarmörk þéttbýlis og hagkvæma uppbyggingu.</i>“ Loftslagsráð nefnir í því samhengi að þétt og blönduð byggð sé lykilatriði til að árangur náist í að auka hlut virkra ferðamáta og almenningsgangna. Skipulagshugmyndir um 20 mínútna bæinn séu ágæt leið til að miðla þeirri sýn. Tengja megi betur við markmið sem sett eru í kafla 3.2. í gildandi landsskipulagsstefnu um sjálfbært skipulag, endurskipulagningu vannýttra svæða og að skilgreind verði vaxtarmörk þéttbýlisstaða. Þessi áhersluatriði séu enn grunnurinn að sjálfbæru skipulagi.</p> <p>Loftslagsráð nefnir að í greinargerð megi útskýra að gæta þurfi að því að hugmyndir um 20 mínútna bæinn verði ekki til þess að hverfin verði aðskilin og afmörkuð mengi, lítt tengd og þannig verði afturhvarf til úthverfaskipulags. Hverfin þurfi að fléttast saman og þjónusta og ferðaleiðir að samnýttast. Ráðið bendir á að hugtakið samgöngumiðað skipulag (Transit Oriented Development) nái einnig ágætlega yfir þessa nálgun.</p> <p>Sigurður Loftur Thorlacius telur að hindra ætti þenslu byggðar til að mynda grundvöll fyrir loftslagsvænum samgöngum. Sigurður telur að þrengja mætti að einkabílnum með markvissari hætti í viðaukanum. Hann telur 20 mínútna hverfið ágætis hugmynd en varar við því að mynda aðgreind einangruð hverfi, ekki megi hverfa aftur til úthverfaskipulags.</p>	<p>Stefnan sem fram kemur í viðaukanum fléttast með margvíslegum hætti saman við þær áherslur sem fram koma í gildandi landsskipulagsstefnu, þ.á m. kafla 3.2. Viðaukann ber að lesa og túlka með hliðsjón af markmiðum gildandi stefnu þótt ekki sé sérstaklega til þeirra vísað. Stofnunin tekur undir að þau atriði sem bent er á gefa tilefni til að draga tengsl við grein 3.2 í gildandi landsskipulagsstefnu sérstaklega fram og hefur gert breytingar á greinargerð 5. kafla með það að markmiði.</p> <p>Skipulagsstofnun tekur undir að tryggja þarf góðar tengingar milli byggðarheilda, bæði milli hverfa innan sama þéttbýlisstaðar og milli nærliggjandi þéttbýlisstaða. Í grein 5.1.1 er sett fram stefna um að skipulagsgerð stuðli að góðum tengslum milli byggðarheilda með almenningsgangum og svæðisbundnu stígakerfi.</p> <p>Með því að leggja framangreindar áherslur til grundvallar við skipulagsgerð má stuðla að því að íbúar geti reitt sig á aðra ferðamáta en einkabílinn í daglegum erindum, jafnvel þótt þeir sækji atvinnu eða þjónustu út fyrir sitt nærumhverfi. Í tillögunni er áhersla lögð á að hið byggða umhverfi skapi forsendur og hvatningu fyrir því að fólk geti valið aðra ferðamáta en einkabílinn, en margt bendir til þess að áhugi á því fari vaxandi, einkum meðal yngra fólks.</p>

<p>Sigurður Loftur Thorlacius telur mikilvægt að almenningsgöörðum og garðlöndum verði ekki fórnað fyrir þéttingu byggðar.</p>	<p>Skipulagsstofnun vísar til 6. og 7. kafla tillögunnar þar sem eru settar fram sérstakar áherslur varðandi græn svæði, fjölbreytt útivistarsvæði og náttúru í almenningsrýmum.</p>
<p>Vegagerðin kveðst hlynnt áformum um 20 mínútna bæinn, en mælir gegn því að þjóðvegir, sér í lagi stofn- og tengivegir, séu innan 20 mínútna hverfa. Vegagerðin telur erfitt að samþætta markmið um öryggi annars vegar og greiðfærni hins vegar þegar stór ökutæki eiga í hlut. Vísar hún til fyrirlestrar Robert Huxford á Skipulags- og umhverfismatsdeginum 2020 um að velja þurfi svæði sem 20 mínútna hverfi þar sem ekki er gegnumakstur. Einnig vísar hún til þess að Norðmenn hafi tekið fyrir að hönnun þjóðvega verði fyrir blandaða starfsemi og vísar þar til Rundskriv 2015/15, „Miljögata skal ekki brukas på riksveg“.</p> <p>Vegagerðin telur að beina þurfi þeim tilmælum til sveitarfélaga við gerð skipulagsáætlana að hönnun þjóðvega lúti sérstökum lögum og reglugerðum og vísar í því sambandi til rits Vegagerðarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga, „Vegir og skipulag“.</p> <p>Vegagerðin telur að hugmyndir um loftslagsmiðað skipulag samrýmist markmiðum um styttingu leiða og eflingu almenningsgangna. Hvatning til loftslagsvæns lífsstíls feli í sér að innviðir fyrir ólíka ferðamáta verði að vera til staðar, í þéttbýli sem og í dreifðari byggðum. Vegagerðin telur mikilvægt að uppbygging búsetu verði samfara og í takti við uppbyggingu samgöngunnar. Í þessu sambandi eru nefndir góðir og öruggir innviðir fyrir alla samgöngumáta. Mikilvægt sé að ákveðin eftirfylgni verði á ólíkum skipulagsstigum hvað þetta varðar og mælir Vegagerðin með því að horft verði til annarra landa hvað varðar samgöngumat, sér í lagi á deiliskipulagsstigi. Með samgöngumati megi fá góða yfirsýn yfir alla samgöngunnar. Með þessu móti megi stuðla að því að skipulagsgerð sveitarfélaga miði að því að kolefnisspor byggðar verði lágmarkað.</p>	<p>Pakkað er fyrir ábendingar og hugleiðingar sem fram koma í umsögn Vegagerðarinnar. Í erindi sínu á Skipulags- og umhverfismatsdeginum á liðnu ári fjallaði Robert Huxford um sögulega þróun gatnahönnunar og m.a. sérstaklega um rannsóknarskýrslu enskra stjórnvalda sem kom út árið 2007, Transport Research Laboratory Report 661: The Manual for Streets: Evidence and Research og um stefnu skoskra stjórnvalda um hönnun gatnakerfa og gatna, Designing Streets: A policy statement for Scotland frá 2010. Skipulagsstofnun telur ekki vera hægt að lesa úr máli Robert Huxford eða þeim gögnum sem hann vísaði til að ekki geti verið gegnumakstur í gegnum 20 mínútna hverfi eins og staðhæft er í umsögn Vegagerðarinnar. Áhersla áður nefnds stefnuskjals Skota er á gatnahönnun út frá aðstæðum, “Street design must consider place before movement”. Fleira kom fram í máli Robert Huxford sem gengur gegn þessari túlkun Vegagerðarinnar. Þá telur Skipulagsstofnun ekki vera rétt vísað til stefnu Norðmanna um miljögata í umsögn Vegagerðarinnar. Samkvæmt norska vegstaðlinum er flokkun vega utan þéttbýlis og gatna innan þéttbýlis mismunandi. Samkvæmt honum skulu þjóðvegir sem liggja í gegnum þéttbýli fylgja reglum um gatnahönnun í þéttbýli og taka mið af blandaðri notkun. Miljögata er hinsvegar sérstök útfærsla gatna sem um gilda sérstakar reglur.</p> <p>Skipulagsstofnun þakkar fyrir ábendingu um samgöngumat. Skipulagsstofnun telur einmitt sóknarfæri geta falist í að farið verði markvisst í skoðun á ýmsum farsælum stefnumótunar- og stjórnækjum í samgönguskipulagi og samtvinnun borgarhönnunar og samgönguskipulags sem innleidd hafa verið í nágrennalöndum okkar á undanföllum árum og áratugum. Auk samgöngumats ber þar einnig að nefna svæðis- og staðbundnar samgönguáætlanir (Sustainable Urban Mobility Plans) sem og handbækur og staðla um hönnun gatnakerfa og gatna eins og Manual for streets sem ensk stjórnvöld gáfu út árið 2007 og Designing Streets sem skosk stjórnvöld gáfu út 2010 og sambærilegar útgáfur annarra ríkja. Skipulagsstofnun telur tilefni til að þetta verði tekið til skoðunar við rýni á skipulagsreglugerð með tilliti til loftslagsáherslna sbr. aðgerð 5.0.5 í tillögu að landsskipulagsstefnu.</p>
<p>Samtök iðnaðarins telja að með ríki áherslu í tillögunni á að þetta og blanda byggð (sjá m.a. aðgerðir 5.1.1 og 7.1.1) sé þrengt verulega að núverandi atvinnustarfsemi, svo sem að teknu tilliti til samþils atvinnustarfsemi og íbúðarbyggðar. Hér geti komið til álita ólík áhrif af léttum iðnaði og skrifstofustarfsemi annars vegar og þyngri atvinnustarfsemi og mengandi hins vegar. Telja samtökin að taka þurfi til skoðunar og bæta við umfjöllun um þessa þætti í tillögunni og að mikilvægt sé í því samhengi að marka stefnu og framtíðarsýn.</p>	<p>Pakkað er fyrir umsögnina. Hér er um að ræða viðfangsefni sem þarf iðulega að rýna og velta upp við skipulagsgerð, bæði við endurskoðun aðalskipulags og nánari stefnumörkun í deiliskipulagi. Jafnvel einnig á svæðisskipulagsstigi. Skipulagsstofnun mun hafa þessar ábendingar í huga við vinnu að leiðbeiningagerð á grundvelli landsskipulagsstefnu, en telur þær ekki gefa tilefni til beinna breytinga á tillögunni.</p>

5.1.2 Skipulag innviða í þágu loftslagsvænna samgangna	
Vegagerðin nefnir að til að skapa skilyrði fyrir samtengd kerfi samgangna þurfi í skipulagsáætlunum að taka frá rými við t.d. biðstöðvar almenningssamgangna þar sem geyma má einkafarartæki, hvort sem það eru bílar eða reiðhjól. Vegagerðin bendir á að skipulagsáætlanir sveitarfélaga um þróun og útfærslu byggðar hafi afgerandi áhrif á möguleika fólks til að velja vistvæna ferðamáta. Því sé mikilvægt að eftirfylgni verði á öllum skipulagsstigum hvað varðar samgönguinnviði.	Þakkað er fyrir ábendinguna. Kallar ekki á viðbrögð.
Samorka fagnar áherslu á virka ferðamáta og almenningssamgöngur í grein 5.1.2 en leggur til að sama megináhersla verði lögð á orkuskiptin, þ.e. að í skipulagi verði það einnig forgangsatriði að huga að innviðum fyrir orkuskipti.	Þakkað er fyrir ábendinguna. Farin var sú leið í tillögunni að leggja áherslu á virka ferðamáta, almenningssamgöngur og breyttar ferðavenjur þar sem útfærsla byggðar hefur mikil áhrif á möguleika til að breyta ferðavenjum í þágu loftslagsmála. Ákvarðanir um þessa þætti í skipulagsgerð hafa því sérstaklega mikla þýðingu við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Orkuskiptin eru einnig mikilvægt markmið við skipulagsgerð og er vísað til þeirra í grein 5.1.2 þar sem fram kemur markmið um að skipulag styðji við orkuskipti. Markmiðið er skýrt nánar í greinargerð þar sem m.a. er vikið að því að þróa þurfi og endurmeta innviði eftir því sem orkuskiptum vindur fram.
5.1.3 Greining byggðapróunar á vinnusóknar- og þjónustusvæði höfuðborgarsvæðisins	
Vegagerðin fagnar því að gera eigi greiningu á vinnusóknarsvæði höfuðborgarsvæðisins og telur slíka greiningu geta gagnast við gerð samgöngulíkana og varðandi fyrirkomulag almenningssamgangna.	Kallar ekki á viðbrögð.
5.1.4 Könnun á viðhorfi til virkra ferðamáta og almenningssamgangna	
Embætti landlæknis telur könnun á hvötum og hindrunum fyrir notkun virkra ferðamáta og almenningssamgangna verða verðmætt innlegg í starf stjórnvalda m.t.t lýðheilsu.	Kallar ekki á viðbrögð.
5.2 Loftslagsvæn byggð	
5.2.1 Loftslagsvæn mannvirkjagerð	
Loftslagsráð telur að í greinargerð megi dýpka umfjöllun um loftslagsvæna mannvirkjagerð og hringrásarhagkerfið og tengja betur við líftíma bygginga. Umhverfisstofnun telur umfjöllun um endurnýtingu í landsskipulagsstefnu jákvæða og bendir á tækifæri í byggingargeiranum þegar kemur að endurnotkun byggingarefna við niðurrif, en samkvæmt 3. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs er hugtakið endurnotkun skilgreint sem hvers kyns aðgerð þar sem vörur eða íhlutir, sem ekki eru úrgangur, eru notuð í sama tilgangi og þau voru ætluð til í upphafi.	Brugðist hefur verið við ábendingu Loftslagsráðs með breytingum á texta greinargerðar með grein 5.2. Einnig hefur umfjöllun um aðgerð sem varðar loftslagsáhrif byggingariðnaðarins í aðgerðaáætlun í loftslagsmálum verið yfirfarin til að draga skýrar fram tengsl þeirrar vinnu við landsskipulagsstefnu og skipulagsgerð sveitarfélaga. Skipulagsstofnun tekur undir athugasemd Umhverfisstofnunar um tækifæri sem felast í endurnotkun byggingarefna við niðurrif og vísar í ofangreinda breytingu á greinargerð með grein 5.2.

<p>Samtök iðnaðarins vekja athygli á yfirstandandi vinnu um loftslagsvæna byggð á grundvelli aðgerðar C.3 í aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum. Samtökin telja mikilvægt að stefnumörkun í tillögu að landsskipulagsstefnu taki tillit til þeirrar vinnu sem fram fer á þessum vettvangi.</p>	<p>Fjallað er um yfirstandandi vinnu stjórnvalda varðandi loftslagsáhrif byggingariðnaðarins í greinargerð með grein 5.2 og vísað í því samhengi til aðgerðar C.3 í aðgerðaáætlun í loftslagsmálum. Umfjöllunin hefur verið yfirfarin til að draga enn skýrar fram tengsl landsskipulagsstefnu og skipulagsgerðar sveitarfélaga við fyrirhugaða áætlun hins opinbera um samdrátt í losun frá byggingariðnaðinum.</p>
<p>Skógræktin telur að ein skilvirkasta leiðin til að draga úr loftslagsáhrifum byggingariðnaðarins sé að byggja minna úr steinsteypu og meira úr timbri. Skógræktin nefnir að eitt tonn af sementi losi við framleiðsluna 900 kg CO₂ meðan timbrið losi ekki CO₂ heldur bindi það, svo lengi sem timburmannvirkið stendur.</p>	<p>Skipulagsstofnun bendir á að ofangreint verkefni stjórnvalda á grundvelli aðgerðar C.3 í aðgerðaáætlun í loftslagsmálum er heppilegri vettvangur til stefnumótunar um áherslur hvað varðar notkun tiltekinn byggingarefna. Verkefnið felur í sér að ríkið móti áætlun um samdrátt í losun frá byggingariðnaðinum á grundvelli fyrirbyggjandi verkefna og rannsókna á loftslags- og umhverfismálum.</p>
<p>5.2.2 Auðlindanýting, endurvinnsla og endurnýting</p>	
<p>Loftslagsráð telur að skerpa mætti á umfjöllun um áform sem stuðla að iðngörðum þar sem affall er notað áfram og þannig unnið að hringrás efnisnotkunar. Í tillögunni kemur þetta atriði fram í umfjöllun um úrgang en á frekar heima í umfjöllun um skipulag iðnaðarsvæða. Ráðið nefnir að í skipulagi mætti huga að landsvæðum til að vinna að föngun og förgun eða nýtingu kolefnis frá iðnaði og orkuvinnslu.</p> <p>Ráðið leggur til að texti í grein 5.2.2 verði orðaður á eftirfarandi hátt: „Í aðalskipulagi sveitarfélaga, og eftir atvikum deiliskipulagi, verði sett fram stefna og skipulagsákvæði um aðstæður fyrir endurvinnslu og endurnýtingu, með það að markmiði að efla hringrásarhagkerfið og draga eins og kostur er úr urðun úrgangs. Skipulag styðji við að auðlindir séu nýttar með sjálfbærum hætti, í samræmi við hugmyndafræði hringrásarhagkerfisins. Horft verði til orkuskipta í atvinnulífi, iðngarða, föngun kolefnis og annarra aðgerða fyrirtækja sem miða að kolefnishlutleysi.“</p>	<p>Þakkað er fyrir gagnlega ábendingu. Brugðist hefur verið við henni með breytingu á grein 5.2.2 sem felur nú í sér stefnu um að við skipulagsgerð verði leitað leiða til að minnka kolefnisspor samfélagsins, meðal annars með því að stuðla að aukinni endurvinnslu og endurnýtingu og með því að huga að uppbyggingu iðngarða, nýtingu kolefnis frá iðnaði og sjálfbærri orkuvinnslu.</p> <p>Varðandi ábendingu um að huga verði að landsvæðum til að vinna að föngun og förgun kolefnis er bent á að í grein 5.3.1 er sett fram stefna um að í skipulagi verði, eftir því sem við á, tekin afstaða til ráðstöfunar lands fyrir bindingu kolefnis í bergi.</p>
<p>Samband íslenskra sveitarfélaga telur þörf á leiðbeiningum um hvernig grein 5.2.2 yrði útfærð í skipulagi.</p>	<p>Skipulagsstofnun tekur undir þörf á leiðbeiningum um viðfangsefni greinarinnar og gerir ráð fyrir að standa fyrir slíkrri leiðbeiningargerð í samráði við sérfróða aðila í samræmi við grein 5.0.4 í tillögunni. Í þeirri grein er Skipulagsstofnun falið að hafa forgöngu um gerð og miðlun upplýsinga og leiðbeiningarefnis fyrir sveitarfélög, skipulagsráðgjafa og hönnuði um loftslagsmiðað skipulag.</p>
<p>Umhverfisstofnun tekur fram að landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2013–2024 sé ekki lengur í gildi. Unnið sé að gerð stefnu um meðhöndlun úrgangs sem stefnt er að því að klára árið 2021. Umhverfisstofnun bendir á að hægt sé að vísa til aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum þegar rætt er um að draga úr urðun lífræns úrgangs, en þar eru settar fram aðgerðir um bann við urðun lífræns og lífbriótanlegs úrgangs.</p>	<p>Þakkað er fyrir ábendinguna. Greinargerð um markmið 5.2 um loftslagsvæna byggð hefur verið breytt í tillögunni með hliðsjón af vinnu við endurskoðun nýrrar áætlunar og stefnumótunar um úrgangsmál.</p>

5.3 Loftslagsvæn landnotkun	
<p>Loftslagsráð bendir á að kafli 5.3 tengist öðrum áætlunum stjórnvalda og verkefnum. Skýra megi betur hvaða aðgerðir eru nýjar tillögur og hverjar eru þegar fram komnar í öðrum áætlunum, stefnum eða lögum, svo sem skógræktarstefnu, átaki um bættu landnýtingu og náttúruverndarlögum. Tekið er undir nauðsyn þess að í skipulagi sé öll stefnumörkun um landnotkun tengd og að þar skapist heildarsýn á landnotkun með hliðsjón af loftslagsáhrifum.</p> <p>Reykjavíkurborg telur mikilvægt að samræma áform um verndun lands fyrir kolefnisbindingu við náttúruvernd eins og hægt er.</p> <p>Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að skógrækt og endurheimt votlendis taki tillit til verndarmarkmiða í 2. gr. og 3. gr. náttúruverndarlaga þar sem skógrækt og endurheimt votlendis geti haft áhrif á vistgerðir, vistkerfi, jarðmyndanir og landslag.</p> <p>Landgræðslan óskar eftir því að landgræðsluáætlun sem unnið er að um þessar mundir sé höfð til hliðsjónar við skipulagsgerð líkt og gert er í tillögunni varðandi fyrirhugaða skógræktaráætlun, einkum varðandi vernd og aukna útbreiðslu náttúruskóga og vernd og endurheimt vistkerfa almennt.</p>	<p>Brugðist hefur verið við ábendingum Loftslagsráðs og Reykjavíkurborgar með því að yfirfara umfjöllun í greinargerð og gera nánar grein fyrir tengslum við önnur stefnumið stjórnvalda, meða annars þau sem fram koma í náttúruverndarlögum, lögum um skóga og skógrækt og lögum um landgræðslu. Skipulagsstofnun bendir þó á að tillögum í grein 5.3 er fyrst og fremst ætlað að draga fram hvernig nýta megi skipulagsgerð til að stuðla að því að ná megi markmiðum stjórnvalda um bættu landnýtingu í þágu loftslagsmála. Því er í reynd ekki um að ræða „nýjar tillögur“ um aðgerðir á sviði loftslagsvænni landnotkunar heldur fremur áherslu á það hlutverk sem skipulagsgerð gegnir í þessu sambandi. Hér má einnig minna á það hlutverk landsskipulagsstefnu að samþætta áætlanir opinberra aðila á ýmsum sviðum, þar á meðal um náttúruvernd, eins og mælt er fyrir um í 2. mgr. 10. gr. skipulagslaga.</p> <p>Bætt hefur verið við umfjöllun um lands- og svæðisbundnar áætlanir um landgræðslu í greinargerð með grein 5.3.</p>
<p>Loftslagsráð bendir á að í tillögunni sé áhersla á landnotkun í dreifbýli en telur að fjalla þurfi nánar um landnotkun í þéttbýli og manngert umhverfi til að hafa áhrif á aðal- og svæðisskipulagsgerð. Áskoranir séu þar aðrar og flokkun lands lúti öðrum lögmálum. Auk stærðar og gerðar landsvæða þurfi að taka tillit til hlutverks þeirra fyrir samfélag, lýðheilsu og gæði byggðar því að litlir grænir reitir geti haft mikið vægi í þéttri byggð.</p> <p>Reykjavíkurborg bendir á að mikilvægt sé að horfa einnig til gróðurs í þéttbýli við mat á kolefnisbúskap lands.</p>	<p>Þakkað er fyrir ábendinguna. Skipulagsstofnun tekur undir að um aðrar áskoranir er að tefla í þéttbýli en í dreifbýli hvað varðar loftslagsvæna landnotkun. Í kafla 5.3 er áhersla lögð á möguleika til varðveislu og bindingu kolefnis í jarðvegi og gróðri án þess að fjallað sé með aðgreindum hætti um þéttbýli. Er það meðal annars í samræmi við nálgun aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum. Meginmarkmiðið nær þó vissulega einnig til þéttbýlis eftir því sem við á og hefur orðalag í grein 5.3.1 og greinargerð verið yfirfarið til að draga það fram með skýrari hætti. Auk þess hefur verið bætt við greinargerðina tilvísun til viðeigandi greina í 6. og 7. kafla tillögunnar þar sem fjallað er um græna innviði og græn svæði í byggð. Í greinargerð með grein 6.2 hefur jafnframt verið skerpt á umfjöllun um þann margþætta ávinning gróðursvæða í þéttbýli sem Loftslagsráð vísar til, þar á meðal á sviði kolefnisbindingar.</p> <p>Vegna ábendingar Loftslagsráðs um flokkun lands bendir Skipulagsstofnun á grein 6.1.5 í tillögunni þar sem gert er ráð fyrir að Skipulagsstofnun standi fyrir verkefni sem felur í sér flokkun landslagsgerða innan þéttbýlis.</p>

<p>Í tengslum við kafla 5.3 vísar Vegagerðin í lög um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og telur að mat á umhverfisáhrifum sé afbragðs vettvangur til að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmda, tryggja samvinnu og mótvægisáðgerðir. Vegagerðin telur þó kostnað vegna matsvinnu umtalsverðan og mælir með því að leitað verði leiða til að samræma, einfalda og gera vinnu við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda skilvirkari.</p>	<p>Skipulagsstofnun tekur undir mikilvægi þess að nýta umhverfismat bæði á skipulags- og framkvæmdastigi til að greina þá valkosti sem til greina koma með tilliti til umhverfisáhrifa. Að öðru leyti vísar stofnunin til yfirstandandi endurskoðunar laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.</p>
<p><i>5.3.1 Varðveisla og binding kolefnis í jarðvegi og gróðri</i></p>	
<p>Reykjavíkurborg telur að ræða mætti á meira afgerandi hátt um hvernig auka megi bindingu með verndun og ræktun gróðurþekju, sér í lagi votlendis og skóglendis.</p>	<p>Í markmiði 5.3 um loftslagsvæna landnotkun ásamt greinargerð er fjallað um hvernig skipulag getur stuðlað að aukinni skógrækt, votlendisvernd o.fl. í samræmi við stefnu stjórnvalda. Skipulagsstofnun tekur undir mikilvægi þess að leggja áherslu á bindingu með verndun og ræktun gróðurþekju en telur landsskipulagsstefnu ekki vettvang fyrir ítarlega umræðu um bindingarmöguleika einstakra aðgerða.</p>
<p><i>5.3.2 Vernd og endurheimt votlendis</i></p>	
<p>Landgræðslan vill koma á framfæri ábendingu um að byggð sé ekki skipulögð í votlendi í samræmi við áherslur um vernd og endurheimt votlendis sem mótvægisáðgerð gegn loftslagsvá. Þá er bent á að votlendi njóti sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum.</p> <p>Sigurður Loftur Thorlacius telur að hvetja ætti sveitarfélög til að velja rétt land undir mannvirki og byggð og forðast land með djúpan, kolefnisríkan jarðveg (votlendisjarðveg).</p>	<p>Þakkað er fyrir ábendingarnar. Brugðist hefur verið við þeim með breyttu orðalagi greinar 5.3.1 og greinargerðar til að skerpa á því að stefna kaflans eigi við jafnt í þéttbýli sem dreifbýli, þar á meðal um ráðstöfun lands undir mannvirki og byggð.</p>
<p>Sigurður Loftur Thorlacius telur að áréttu ætti hlutverk sveitarfélaga sem eftirlitsaðila með óheftri framræslu votlendis. Þau hafi ekki verið meðvituð um það hlutverk og rétt sé að áminna um það hér.</p>	<p>Brugðist hefur verið við ábendingunni með því að skerpa á umfjöllun um ákvæði 61. gr. laga um náttúruvernd í skýringum við grein 5.3.2, þar á meðal um skyldu til að afla framkvæmdaleyfis vegna framkvæmda sem hafa í för með sér röskun á votlendi sem fellur undir 61. gr. Að mati Skipulagsstofnunar er landsskipulagsstefna hins vegar ekki rétti vettvangurinn til nánari umfjöllunar um eftirlitshlutverk sveitarfélaga í tengslum við umræddar leyfisveitingar.</p>
<p><i>5.3.3 Skógar og skógrækt</i></p>	
<p>Landgræðslan leggur til að við skipulagsgerð sé gerður skýr greinarmunur á skógrækt með innfluttum tegundum annars vegar og vernd og aukinni útbreiðslu náttúruskóga hins vegar.</p>	<p>Í greinargerð hefur verið bætt við umfjöllun um markmið laga um skóga og skógrækt og laga um landgræðslu og dregin með skýrari hætti fram tengsl þessara markmiða við áherslur landsskipulagsstefnu. Einnig má benda á að í grein 6.1.3 er sett fram stefna um að í skipulagi verði mörkuð stefna um skóga og skógrækt, þar sem m.a. koma fram áherslur sveitarstjórnar varðandi náttúruskóga.</p>

<p>Embætti landlæknis telur að í umfjöllun greinargerðarinnar um skóga og skógrækt mætti vísa í kafla 7 þar sem m.a. er fjallað um aðgengi að náttúrusvæðum og möguleikum til útivistar.</p>	<p>Brugðist hefur verið við ábendingunni með breytingu á texta greinargerðar.</p>
<p>Skógræktin nefnir að mikil viðhorfsbreyting hafi átt sér stað á undanförunum árum og telur tækifærin blasa við þeim sem vilji sjá þau. Afar mikilvægt sé að auka enn frekar samstarf milli sveitarfélaga og Skógræktarinnar til að ná sem mestum ávinningi af stækkandi skógarauðlind Íslands á sjálfbæran hátt.</p>	<p>Kallar ekki á viðbrögð.</p>
<p><i>5.3.4 Framleiðsla matvæla og orkujurta</i></p>	
<p>Loftslagsráð leggur til að grein 5.3.4 falli út úr tillögunni og að tilmæli um hvaða tegundir eru ræktaðar verði sett fram á öðrum vettvangi en í landsskipulagsstefnu. Ráðið bendir á að annars staðar í tillögunni og í öðrum stefnum stjórnvalda sé tekið á flokkun landbúnaðarlands og varðveislu ræktunarlands.</p> <p>Loftslagsráð telur að í greinargerð séu misvísandi fullyrðingar um kolefnisspor matvælavinnslu og orkujurta. Fram komi að minnka megi kolefnisspor með því að minnka flutning á matvælum og fóðri til Íslands. Loftslagsráð bendir á að rannsóknir hafi sýnt að tegund matvæla skipti enn meira máli en flutningar og því væri meiri ávinningur í að skoða loftslagsáhrif af framleiðslu ólíkra matvæla. Sömuleiðis sé ekki sjálfgefið að loftslagsávinningur verði af framleiðslu orkujurta. Byggja þurfi á vistferilgreiningum til að þekkja kolefnisspor alls lífsferils orkunotkunar og framleiðslu.</p> <p>Sigurður Loftur Thorlacius telur að hvetja ætti til minni kjötframleiðslu og meiri framleiðslu loftslagsvænna matvæla, þ.e.a.s. grænmetis.</p>	<p>Þakkað er fyrir gagnlegar ábendingar. Skipulagsstofnun telur tilefni til að landsskipulagsstefna fjalli um matvælaframleiðslu í samhengi loftslagsmála. Í nýútgefinni matvælastefnu stjórnvalda er áhersla lögð á að auðlindanýting hér á landi verði sjálfbær og kolefnishlutlaus og er þar vísað til hlutverks landsskipulagsstefnu við að auka sjálfbæra nýtingu lands. Í matvælastefnu kemur jafnframt fram að skipulag landnotkunar þurfi að styðja við fjölbreytta og hagkvæma nýtingu landbúnaðarsvæða og að vernda þurfi gott ræktunarland sérstaklega og gæta þess að svæðum sem henta vel til ræktunar sé ekki ráðstafað til annarra nota með óafturkræfum hætti. Sama stefna kemur fram í grein 2.3 í gildandi landsskipulagsstefnu og á sér einnig samhljóm í markmiðsákvæði jarðalaga nr. 81/2004. Ljóst er að ráðstöfun lands í skipulagi hefur áhrif á framboð þeirrar takmörkuðu auðlindar sem gott ræktunarland er hér á landi og er mikilvægt að ákvarðanir um slíka nýtingu byggist á sem bestum upplýsingum, sem m.a. má leiða fram með flokkun landbúnaðarlands. Skipulagsstofnun telur því ekki tilefni til að fella grein 5.3.4 brott en hefur með hliðsjón af ábendingu Loftslagsráðs endurskoðað orðalag hennar og viðeigandi texta í greinargerð þannig að stefnan eigi með almennum hætti við hvers konar loftslagsvænna matvælaframleiðslu og ræktun afurða með lítið kolefnisspor.</p> <p>Í samræmi við ábendingu Sigurðar Lofts Thorlacius hefur orðalag greinarinnar einnig verið endurskoðað með það í huga að landsskipulagsstefna styðji betur við markmið stjórnvalda um að auka innlenda grænmetisframleiðslu (sbr. aðgerð E.3 í aðgerðaáætlun í loftslagsmálum).</p>
<p>Reykjavíkurborg bendir á að ræða þurfi um möguleika á matvælaframleiðslu í þéttbýli fyrir almenning og að tekin séu frá svæði til slíks.</p>	<p>Í greinargerð með grein 7.2 í tillögunni er vikið að matjurtaræktun í þéttbýli í samhengi við markmið um að skipulag geri ráð fyrir fjölbreyttum útivistarsvæðum til margvíslegra nota. Einnig er vísað til matjurtaræktunar í gr. 3.3 í gildandi landsskipulagsstefnu.</p>
<p>Hrunamannahreppur fagnar markmiði 5.3.4 og vísar til farsællar reynslu sveitarfélagsins varðandi stefnu um landbúnaðarsvæði.</p>	<p>Kallar ekki á viðbrögð.</p>

5.3.5 Upplýsingagátt fyrir stefnumótun um loftslagsvæna landnotkun	
<p>Samband íslenskra sveitarfélaga telur jákvætt að umhverfis- og auðlindaráðuneytið hyggist hafa forgöngu um smíði upplýsingagáttar um losun og bindingu gróðurhúsalofttegunda vegna landnotkunar, svo sem um kolefnisspor ólíkrar landnotkunar. Sú vinna muni án efa reynast mikilvægt innlegg í samstarfsverkefni sambandsins og Umhverfisstofnunar um Verkfærakistu sveitarfélaga í loftslagsmálum. Flest sveitarfélög séu nú þegar í sinni skipulagsvinnu að uppfylla markmið um loftslagsmiðað skipulag ásamt því að meta loftslagsáhrif sinna áætlana.</p> <p>Loftslagsráð tekur undir að góð þekking sé grunnur að loftslagsvænni landnotkun. Sveitarfélög séu þar í lykilstöðu með til dæmis vali á landi undir mannvirki og byggð. Upplýsingagátt sem lagt er til að stjórnvöld hafi forgöngu um að útbúa sé því gríðarlega mikilvæg. Aðgangur sveitarfélaga og stofnana að gagnagrunnum vísindamanna tryggja gæði, samræmi og að ávallt séu bestu upplýsingar nýttar.</p> <p>Sveitarfélagið Hornafjörður telur mikilvægt að í upplýsingagáttinni verði yfirlit yfir ástand lands á landsvísu með tilliti til kolefnisbúskapar, sem sveitarfélög geti byggt á við skipulagsgerð sína.</p> <p>Skógræktin bendir á að loftslagsdeild Mógilsár, rannsóknarsviðs Skógræktarinnar, taki þátt í gerð losunarbókhalds íslenska ríkisins. Til að fá nákvæmari upplýsingar varðandi þá bindingu sem á sér stað í skógum hvers sveitarfélags – eða þá kolefnisbindingu með skógrækt sem möguleg er innan hvers sveitarfélags – þurfi að gera úttekt fyrir hvert sveitarfélag fyrir sig.</p> <p>Sigurður Loftur Thorlacius leggur til að gert verði kort með áætlaðri losun vegna landnotkunar til að hvetja sveitarfélög til að draga úr þeirri losun.</p>	<p>Tekið er undir þörf á kortlagningu losunar frá landi á landsvísu, sem og losun einstakra sveitarfélaga. Skipulagsstofnun bendir í þessu samhengi á að grein 5.3.5 felur í sér tillögu um að umhverfis- og auðlindaráðuneytið hafi forgöngu um að gera aðgengileg gögn sem varða losun og bindingu gróðurhúsalofttegunda vegna landnotkunar. Verkefnið felur í sér miðlun bestu fánlegra upplýsinga sem nýta má við stefnumótun og áætlanagerð sveitarfélaga og annarra aðila. Tilgangurinn er einkum að taka saman fyrirbyggjandi upplýsingar og gera þær aðgengilegar á einum stað. Við yfirferð tillögunnar voru gerðar breytingar á orðalagi greinar 5.3.5 og greinargerðar til að endurspegla tilgang verkefnisins með skýrari hætti.</p>
5.4 Byggð með viðnámsþrótt gagnvart umhverfisbreytingum	
<p>Sveitarfélagið Hornafjörður telur viðnámsþrótt gagnvart umhverfisbreytingum mikilvægt verkefni og telur æskilegt að gera ráð fyrir því að hætta á náttúruvá sé sett fram í aðalskipulagi, umfram það sem nú er gert.</p>	<p>Í grein 5.0.1 í tillögunni er gert ráð fyrir að í aðalskipulagi sveitarfélaga, og eftir því sem við á í svæðisskipulagi, sé mörkuð stefna um aðlögun byggðar og samfélags að afleiðingum loftslagsbreytinga.</p>
<p>Samtök iðnaðarins telja verulega skorta á umfjöllun um innviði og tengsl við áætlanir stjórnvalda í hluta tillögunnar um viðnámsþrótt sveitarfélaga gagnvart afleiðingum loftslagsbreytinga. Tillagan beri með sér að skylda hvíli eingöngu á sveitarfélögum að gera slíkar áætlanir. Samtökin telja mikilvægt að landsskipulagsstefna tryggi tengingar við opinbera stefnumörkun á þessum sviðum og að tryggt sé að samræmi verði á milli stefnumörkunar hins opinbera hverju sinni, en ekki eingöngu sú kvöð lögð á einstök sveitarfélög að gera áætlanir.</p>	<p>Skipulagsstofnun tekur undir að þörf er á að styrkja tengsl milli stefnumótunar ríkisins og sveitarfélaga um viðnámsþrótt gagnvart afleiðingum loftslagsbreytinga. Í því sambandi er tilefni til að landsskipulagsstefna vísi til greiningarvinnu og stefnumótunar ríkisins vegna áhrifa loftslagsbreytinga og loftslagstengdrar náttúruvár, en slík vinna er meðal annars unnin á grundvelli laga nr. 70/2012 um loftslagsmál. Skipulagsstofnun hefur bætt tilvísun til greiningarvinnu og stefnu ríkisins við greinar 5.4.1 og 5.4.2 og í viðeigandi texta greinargerðar. Einnig er vísað til breytingar sem gerð hefur verið á grein</p>

	5.0.3, þar sem nú er gert ráð fyrir að umhverfismat áætlana stjórnvalda feli, auk mats á loftslagsáhrifum, í sér mat á áhrifum á viðnámsþrótt byggðar og samfélags gagnvart afleiðingum loftslagsbreytinga.
5.4.1 Greining áskorana	
Veðurstofa Íslands leggur til að við upptalningu í markmiði 5.4.1 og í umfjöllun greinargerðar um markmiðið verði bætt „sjávarflóðum“, „flóðbylgjum“ og „skyndiflóðum“.	Tilvísun til flóðbylgja hefur verið bætt við grein 5.4.1 í samræmi við tillögu Veðurstofu Íslands en Skipulagsstofnun lítur svo á að sjávarflóð og skyndiflóð séu þegar falin í öðrum hugtökum sem talin eru í greininni og því óþarft að bæta þeim við.
Loftslagsráð tekur fram að loftslagsmiðað skipulag geti dregið umtalsvert úr tjóni sem tengja má breytingum á veður- og vatnafari. Ljóst sé að afleiðingar loftslagsbreytinga hér á landi, til að mynda vegna aukinnar úrkomuákefðar og hækkunar á yfirborði sjávar, feli í sér umtalsverða áhættu fyrir fólk, eignir, innviði og efnahag. Við blasi að auka verði rannsóknir og vöktun á áhrifum loftslagsbreytinga á Íslandi og afleiðingum þeirra fyrir íslenskt samfélag. Jafnframt þurfi að auka samstarf og samskipti ólíkra aðila, sveitarfélaga, atvinnulífs, háskólasamfélagsins, stofnana og félagasamtaka. Auk þess sé grundvallaratriði að huga að fræðslu og aðgengi að upplýsingum vegna loftslagstengdrar áhættu.	Skipulagsstofnun tekur undir ábendinguna og vonast til að geta lagt af mörkum til miðlunar fræðslu og bætts aðgengis að upplýsingum vegna loftslagstengdrar áhættu með leiðbeiningagerð um aðlögun í skipulagi byggðar sem gert er ráð fyrir í grein 5.4.4 í tillögunni.
Loftslagsráð telur að koma þurfi á formlegu vinnulagi við mótnun sviðsmynda um áhrif loftslagsbreytinga sem taki mið af bestu vísindalegu þekkingu, sem sveitarfélög og stofnanir geti tekið mið af við skipulagsákvæðanir. Nýta mætti verklag sem haft er við mat á annarri náttúruvá, svo sem snjóflóðahættu, skriðuhættu og jarðhræringum. Sveitarfélög og stofnanir ættu að hafa aðgang að bestu upplýsingum, frekar en að hvert og eitt sveitarfélög leggi í slíka kortlagningu á sínu svæði. Slík einföldun auki líkur á því að sveitarfélög taki á viðkomandi verkefnum í aðalskipulagsáætlunum. Viðmiðunarreglur sem gefnar verða út þurfi að byggja á sviðsmyndum til langs tíma því byggð sé gerð til að standa til árhundraða. Loftslagsráð nefnir að þörf sé á að endurskoða hættumat og framtíðarsviðsmyndir í ljósi loftslagsbreytinga.	Þakkað er fyrir ábendinguna. Skipulagsstofnun tekur undir að sveitarfélög og stofnanir þurfi að hafa aðgang að kortlagningu og mati náttúruvár af hálfu ríkisins til aðstoðar við skipulagsgerð. Tillögur í greinum 5.4.1 og 5.4.2 hafa verið yfirfarnar til að draga þetta betur fram.
5.4.2 Skipulag og mannvirkjagerð með tilliti til umhverfisbreytinga	
Loftslagsráð leggur til að eftirfarandi setningu verði bætt við grein 5.4.2: „Tekin verði afstaða til varnaraðgerða vegna núverandi byggðar, byggt á hættumati fyrir svæði.“	Skipulagsstofnun telur að afstaða til varnaraðgerða vegna núverandi byggðar felist í þeirri skipulagsstefnu og skipulagsákvörðunum sem lýst er í tillögunni. Ábendingin kallar því ekki á breytingar á tillögunni.

<p>Loftslagsráð leggur til að stefnu 5.4.2 verði einnig beint til annarra stjórnvalda en sveitarfélaga og að fjallað verði um viðnámsþrótt innviða og hvernig þeir geta staðist afleiðingar loftslagsbreytinga, m.a. vegakerfið, raforkuflutningskerfi, hafnir og samskiptakerfi.</p>	<p>Skipulagsstofnun tekur undir að horfa þurfi til viðnámsþróttar innviða við áætlanagerð ríkisins og hefur bætt við greinargerð ábendingu um að greiningar og áætlanagerð vegna aðlögunar þurfi að byggjast á nánú samstarfi ríkis og sveitarfélaga. Varðandi framsetningu þessa atriðis í landsskipulagsstefnu er til þess að líta að meginhlutverk stefnunnar er að leiðbeina sveitarfélögum við skipulagsgerð. Sjá nánari umfjöllun í almenna hluta skjalsins þar sem vikið er að öðrum ábendingum Loftslagsráðs um að stefnunni ætti að beina til allra stjórnvalda en ekki einungis sveitarfélaga.</p>
<p>Veðurstofa Íslands leggur til tilteknar breytingar á texta í grein 5.4.2.</p>	<p>Þakkað er fyrir gagnlegar ábendingar og upplýsingar. Farið var yfir greinargerðina og gerðar á henni breytingar til samræmis við tillögur Veðurstofunnar þar sem tilefni þótti til. Höfð verður hliðsjón af vinnu Veðurstofunnar sem nefnd er í umsögninni við leiðbeiningagerð um aðlögun í skipulagi byggðar sem gert er ráð fyrir í grein 5.4.4.</p>
<p>Loftslagsráð bendir á að í greinargerð tillögunnar komi fram að héraðis sé hækkandi sjávarborð helsta hætta sem fyrirséð er vegna áhrifa loftslagsbreytinga. Ráðið telur að útvíkka megi umfjöllun í kaflanum með tilliti til annarra áskorana sem blasa við í ljósi skýrslu Vísindanefndar um loftslagsbreytingar frá 2018 svo sem aukinnar úrkomuákefðar og skriðuhættu.</p>	<p>Í umsögn Loftslagsráðs er því ranglega haldið fram að í greinargerð með tillögunni komi fram að „héraðis sé hækkandi sjávarborð helsta hætta sem fyrirséð er vegna áhrifa loftslagsbreytinga“. Kafli 5.4 á við um allar þekktar afleiðingar loftslagsbreytinga, sbr. orðalag greina 5.4.1 og 5.4.2 og umfjöllun í greinargerð. Í grein 5.4.1 og í texta greinargerðar eru nefnd fjölmörg dæmi um áhættuþætti vegna afleiðinga loftslagsbreytinga hér á landi. Umfjöllunin byggist eins og fram kemur í greinargerðinni á skýrslu vísindanefndar um loftslagsbreytingar frá árinu 2018 og umræðuskýrslu Loftslagsráðs frá árinu 2020. Í umfjöllun um skipulag og mannvirkjagerð með tilliti til umhverfisbreytinga kemur fram að þær afleiðingar loftslagsbreytinga „sem fyrirséð er að hafi einna helst áhrif í þéttbýli á Íslandi [séu] sjávarflóð vegna hækkandi sjávarborðs og flóð innan byggðar vegna úrkomu“. Ástæða þykir til að draga þessa áhættuþætti fram í dæmaskyni þar sem ljóst er að þeir hafa almennt mikla þýðingu við skipulagsgerð hér á landi.</p>
<p>Loftslagsráð telur að í greinargerð þurfi að leggja sterka áherslu á að varanleg byggð verði ekki skipulögð á lágsvæðum sem eru í hættu vegna hækkandi sjávarborðs eða á öðrum svæðum með vaxandi náttúruvá.</p> <p>Sigurður Loftur Thorlacius telur að koma þurfi fram að óæskilegt sé að skipuleggja byggð á landfyllingum eða lágu svæði þar sem hækkunar sjávarborðs er vænst. Forðast ætti að skipuleggja byggð sem fyrirséð er að muni eyðast innan nokkurra hundraða ára.</p>	<p>Skipulagsstofnun bendir á umfjöllun greinargerðar 5.4 í tillögu um sjávarflóð vegna hækkandi sjávarborðs og flóð innan byggðar vegna úrkomu. Þar kemur fram að mikilvægt sé að draga úr áhrifum af flóðum innan byggðar með því að taka tillit til hækkunar sjávarstöðu við skipulag og mannvirkjagerð. Hægt sé að stýra áhættu með skipulagsákvörðunum, svo sem með ráðstöfunum varðandi mannvirkjagerð á lágsvæðum og uppbyggingu flóðavarna. Skipulagsstofnun telur nánari umfjöllun um þetta efni vera viðfangsefni leiðbeininga á grundvelli stefnunnar.</p>
<p>5.4.3 Grænir innviðir</p>	

<p>Loftslagsráð leggur til að yfirskrift greinar 5.4.3 verði „<i>Margnota og náttúrulegir innviðir</i>“. Ráðið leggur jafnframt til að greinin verði orðuð svo: „<i>Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði sérstaklega hugað að því hvernig nýta má náttúrulega innviði til að milda og takast á við áhrif loftslagsbreytinga á byggð. Einnig að hugað verði að því að slík svæði verði margnota fyrir íbúa sveitarfélagsins.</i>“ Í umsögn ráðsins kemur fram að í greinargerð megi fjalla nánar um hvernig svæði með náttúrulegum lausnum nýtist sem almennarými þegar áhrif loftslagsbreytinga eru árstíðabundin eða tímabundin eins og gerist við aukna úrkomu eða sjávarágang.</p>	<p>Skipulagsstofnun telur ekki tilefni til að endurskoða tilvísanir tillögunnar til <i>grænna innviða</i>, sbr. nánar umfjöllun í kaflanum <i>Hugtök og orðalag</i> hér að framan. Varðandi tillögu að orðalagsbreytingu á grein 5.4.3 bendir Skipulagsstofnun á að í grein 6.2.3 er fjallað með almennum hætti um þann margþætta ávinning sem grænir innviðir geta haft í för með sér. Grein 5.4.3 beinist hins vegar eingöngu að þýðingu grænna innviða í tengslum við aðlögun að loftslagsbreytingum, en eins og fram kemur í greinargerð með tillögunni ber að skoða og túlka þá stefnu sem fram kemur í köflum tillögunnar sem eina heild. Skipulagsstofnun telur ekki tilefni til að gera breytingar á tillögunni með hliðsjón af ábendingunni.</p>
<p>Loftslagsráð nefnir að í skipulagi þurfi að huga að áhrifum veðurbreytinga á innviði, svo sem vegi og frárenniskerfi. Samspil við blágrænar ofanvatnslausnir geti dregið úr álagi og minnkað þörf á að stækka innviðina til að mæta auknu álagi.</p>	<p>Skipulagsstofnun tekur undir mikilvægi þess að skipulag innviða taki mið af áhrifum veðurbreytinga og þýðingu sjálfbærra ofanvatnslausna í því samhengi. Athugasemdin kallar ekki á breytingar á tillögunni en fjallað er um skipulag með tilliti til afleiðinga loftslagsbreytinga í grein 5.4.2 og um græna innviði í grein 5.4.3. Í greinargerð er víkið sérstaklega að sjálfbærum ofanvatnslausnum (sem einnig eru nefndar blágrænar ofanvatnslausnir) og vísað til greinar í gildandi landsskipulagsstefnu þar sem sveitarfélög eru hvött til þess að huga að sjálfbærum ofanvatnslausnum þar sem það á við.</p>
<p><i>5.4.4 Leiðbeiningar um aðlögun í skipulagi byggðar</i></p>	
<p>Sveitarfélagið Hornafjörður bendir á að þörf sé á að gögn um náttúruvá verði aðgengileg á landsvísu. Hættumat vegna ýmissa mögulegra viðburða séu víða til en að finna í mörgum skýrslum sem séu misjafnlega aðgengilegar.</p> <p>Reykjavíkurborg nefnir að mikilvægt sé að til staðar sé kort yfir öll svæði sem eru viðkvæm fyrir áhrifum loftslagsbreytinga.</p>	<p>Skipulagsstofnun tekur undir að þörf er á að gögn um náttúruvá, þar á meðal kortlagning á hættusvæðum, séu bætt og gerð aðgengileg. Í þessu sambandi má vísa til vinnu sem fram fer á Veðurstofu Íslands varðandi ýmsar tegundir náttúruvá og vísað er til í umsögn stofnunarinnar um tillöguna sem hér er til umfjöllunar. Þar kemur meðal annars fram að unnið er að hættumati vegna vatnsflóða, þar með talið skyndiflóða í þéttbýli, og kortlagningu á óstöðugum hlíðum, þ.e. svæðum þar sem skriðuhætta er til staðar.</p>

Staðarmótun og landslagsvernd

Helstu atriði athugasemda	Úrvinnsla Skipulagsstofnunar
Almennar athugasemdir við 6. kafla	
<p>Samband íslenskra sveitarfélaga telur að mikilvæg vinna hafi verið unnin við gerð kafla 6 um landslag og skipulag, m.a. varðandi þróun aðferðafræði við landslagsgreiningar, kortlagningu víðerna og flokkun landbúnaðarlands. Ljóst sé að þessi vinna muni gagnast við skipulagsgerð sveitarfélaga.</p> <p>Múlaping telur 6. kafla tillögunnar mikilvæga viðbót við landsskipulagsstefnu og verðmæti felist í því að fella skipulagsáætlanir að yfirbragði byggðarlaga og ásýnd ásamt landslagi og náttúrulegum aðstæðum. Fyrir séu húsakannanir og fornleifaskráning, sem unnar eru við gerð deiliskipulags, mikilvægir liðir í því að draga fram sérkenni og verðmæti þeirrar byggðar og umhverfis sem fyrir er.</p> <p>Embætti landlæknis telur 6. kafla samræmast vel áherslum stjórnvalda með tilliti til lýðheilsu, ekki síst það markmið að skapa góða umgjörð um mannlíf á hverjum stað.</p>	<p>Jákvætt er að sjá þann hljómgrunn sem efni og nálgun landsskipulagstillögunnar um þetta efni fær. Ábendingarnar kalla að öðru leyti ekki á viðbrögð eða breytingar á landsskipulagstillögunni.</p>
<p>Umhverfisstofnun vekur athygli á ákvæðum um landslag og landslagsvernd í náttúruverndarlögum og vísar þar sérstaklega til markmiða í 1. og 3. gr. laganna. Stofnunin vekur einnig athygli á ákvæðum í 61. gr. laganna um vernd fossa og í 70. gr. um að við túnrækt, skógrækt, uppgræðslu lands, skjólbeltagerð og aðra ræktun skuli þess gætt að hún falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúru- og menningarminjum.</p>	<p>Vísað er til ákvæða náttúruverndarlaga um landslag og landslagsvernd í greinargerðarskýringum í auglýstu landsskipulagstillögunni. Við lokafrágang landsskipulagstillögunnar hefur verið yfirfarið hvort tilefni sé til að hnykkja frekar á samspili stefnunnar við umræddar áherslur í náttúruverndarlögum.</p>
<p>Samband íslenskra sveitarfélaga telur mikilvægt að hafa í huga við yfirferð tillögunnar að með landslagi sé bæði átt við svokallað borgarlandslag, byggðamynstur og almannarými í þéttbýli (e. townscape), menningar- eða búsetulandslag í dreifbýli (e. cultural landscape) og hið náttúrulega landslag í dreifbýli og óbyggðum eins og segir á bls. 36 í tillögunni. Sambandið tekur undir þá nálgun en setur þann fyrirvara að skipulagsvaldið sé hjá sveitarfélögum og að skipulagsákvæðanir geti verið matskenndar. Leiðbeiningar um leiðir til að vernda landslagsgæði geti hins vegar reynst sveitarfélögum gagnlegar.</p>	<p>Þakkað er fyrir ábendinguna. Kallar ekki á frekari viðbrögð eða breytingar á landsskipulagstillögunni.</p>
<p>Embætti landlæknis telur að gott væri að nefna andlega heilsu og vellíðan í tengslum við umfjöllun um skynjun á landslagi og tengja við kafla 7.</p>	<p>Þakkað er fyrir ábendinguna. Við lokafrágang landsskipulagstillögunnar hefur verið yfirfarið hvort tilefni sé til að hnykkja frekar á samspili umfjöllunar í 6. og 7. kafla tillögunnar.</p>

6. Staðarmótun og landslagsvernd	
6.0.1 Skipulag með tilliti til landslags	
6.0.2 Mat á áhrifum skipulags á landslag	
6.0.3 Leiðbeiningar, hvatning og vitundarvakning um staðarmótun, landslagsgæði og landslagsvernd í skipulagi	
<p>Samband íslenskra sveitarfélaga telur sveitarfélög standa frammi fyrir áskorunum þar sem mikilvægt sé að horfa til landslagsverndar, meðal annars vegna aukinnar áherslu á kolefnisbindingu og áforma um nýtingu vindorku. Góðar leiðbeiningar séu mikilvægar um slík atriði.</p> <p>Reykjavíkurborg bendir á að þekking til grundvallar kortlagningu og mati á gildi landslags sé takmörkuð. Því sé mikil þörf á skýrum leiðbeiningum og viðmiðum fyrir skipulagsgerð og umhverfismat.</p>	<p>Tekið er undir mikilvægi þessara þátta. Kallar ekki á frekari viðbrögð eða breytingar á landsskipulagstillögunni.</p>
<p>Reykjavíkurborg telur að leiðbeiningar þurfi að ná yfir bæði náttúrulegt og menningarlegt landslag og samspil beggja. Í þéttbýli geti þetta reynst sérlega krefjandi vegna mikillar fjölbreytni landslags og ólíkra sjónarhorna. Til dæmis þurfi að huga að fjarlægð og nálægð, stórum og smáum skala og tryggja samlegð við sjónarmið sem tengjast hönnun, byggingarsögu, náttúruvernd, umhverfisgæðum og fleiri atriðum. Reykjavíkurborg telur að ágætlega sé fjallað um þessi atriði í landsskipulagstillögunni og jákvætt að stefnt sé að því að móta leiðbeiningar samhliða því sem meðvitund er um að upplifun á landslagi er alltaf að vissum hluta matskennd og einstaklingsbundin. Hér þurfi að vanda til verka því að það sé vel þekkt að truflun á landslagi, t.d. vegna útsýnisskerðingar eða breytinga á ásýnd svæða, feli mjög oft í sér erfið úrlausnarefni við uppbyggingu, bæði í dreif- og þéttbýli.</p>	<p>Tekið er undir mikilvægi þessara þátta. Kallar ekki á frekari viðbrögð eða breytingar á landsskipulagstillögunni.</p>
<p>Samorka telur mikilvægt að víðtækt samráð verði um leiðbeiningar sem lýst er í aðgerð 6.0.3 og telur að þær hefði mátt setja fram sem fylgiskjal með landsskipulagstillögunni. Að mati Samorku sé mikilvægt að Alþingi komi sem mest að stórum stefnumótandi ákvörðunum, meðal annars slíkum leiðbeiningum.</p>	<p>Nákvæmni og útfærsla landsskipulagstillögunnar ræðst af hlutverki hennar samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um landsskipulagsstefnu, en það er að setja fram leiðarljós um landnotkun, nýtingu lands og landgæða sem tryggir öryggi og heildarhagsmuni við gerð skipulagsáætlana og stuðlar að sjálfbærri þróun og skilvirkri áætlanagerð, auk þess að stuðla að samræmingu í stefnumótun ríkis og sveitarfélaga um landnotkun og nýtingu lands. Alþingi er ætluð að koma að afgreiðslu stefnunnar, en framfylgd stefnunnar, svo sem hvað varðar útfærslu leiðbeininga á grundvelli hennar, er á hinn bóginn viðfangsefni stjórnvalda. Einnig þarf að hafa í huga að afgreiðsla Alþingis á landsskipulagsstefnu getur verið mikilvæg forsenda fjárveitinga og forgangsroðunar tiltekinna verkefna stjórnvalda sem fela í sér leiðbeiningar við stefnuna eða nánari útfærslu hennar. Víða er vikið að samráði í tillögunni varðandi vinnslu framfylgdarverkefna, meðal annars í gr. 6.0.3 og</p>

	tekur Skipulagsstofnun undir mikilvægi þess. Ábendingarnar kalla ekki á breytingar á landsskipulagstillögunni.
6.1 Varðveisla og efling landslagsgæða og staðareinkenna	
Samtök iðnaðarins telja að umræðu skorti um sjálfbæra orkuvinnslu í kafla 6.1, svo sem nýtingu vatnsafls, jarðhita og vindorku. Að mati Samtaka iðnaðarins er eitt stærsta framlag Íslands til kolefnisjöfnunar að nýta sjálfbærar orkulindir landsins og því telja samtökin mikilvægt að við stefnumótun hins opinbera verið tekið tillit til slíkrar nýtingar á við aðra nýtingu landsgæða.	Vísað er til umfjöllunar um framkomnar athugasemdir við 5. kafla að framan, í kaflanum <i>Almennar athugasemdir við 5. kafla</i> . Ábendingarnar kalla ekki á breytingar á landsskipulagstillögunni.
6.1.1 Skipulagsgerð með tilliti til landslags og staðareinkenna	
Samband íslenskra sveitarfélaga bendir á að aðstæður í sveitarfélögum séu mismunandi og telur að meðal annars af þeirri ástæðu ætti ekki að vera gerð ófrávíkjanleg krafa um flokkun landbúnaðarlands við gerð aðalskipulags. Vesturbyggð nefnir að í víðfeðmum sveitarfélögum þar sem hefðbundinn landbúnaður hefur verið á undanhaldi geti ófrávíkjanleg krafa um að allt landbúnaðarland skuli vera flokkað við gerð aðalskipulags kallað á umfangsmikla vinnu og kostnaðarsama.	Tekið er undir mikilvægi þess að við mótun og túlkun landsskipulagsstefnu sé tekið mið af ólíkum staðbundnum aðstæðum. Umfjöllun um flokkun landbúnaðarlands í landsskipulagstillögunni fylgir eftir áherslu sem er að finna í gildandi landsskipulagsstefnu. Auk þess áformar atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið að gefa út leiðbeiningar um flokkun landbúnaðarlands á grundvelli heimildar í jarðalögum. Skipulagsstofnun telur að þar sé um að ræða aðferðafræði sem unnt sé að beita almennt við gerð aðalskipulags í dreifbýli, án þess að um verulega íþyngjandi viðbót sé að ræða. Með því skapast heildstæður upplýsingagrunnur fyrir ákvarðanir um ráðstöfun lands. Stofnunin telur ábendinguna ekki kalla á breytingar á landsskipulagstillögunni.
6.1.2 Skipulagsgerð með tilliti til víðerna	
Landsvirkjun telur að huga þurfi að notkun hugtaksins óbyggð víðerni, sem eigi annars vegar við friðlýsingarflokk samkvæmt lögum um náttúruvernd og sé hins vegar notað um kort af óbyggðum víðernum ótengt friðlýsingu. Slíkt geti valdið óvissu eða missskilningi.	Skipulagsstofnun tekur undir mikilvægi þess að skýrt sé til hvors er vísað þegar rætt er um óbyggð víðerni, þ.e. hvort átt er við landsvæði sem hafa þá eiginleika sem felast í skilgreiningu hugtaksins óbyggð víðerni samkvæmt 5. gr. náttúruverndarlaga, eða hvort átt er við svæði sem friðlýst hafa verið sem óbyggð víðerni samkvæmt 46. gr. náttúruverndarlaga. Öll umfjöllun um víðerni í gildandi landsskipulagsstefnu og um óbyggð víðerni í landsskipulagstillögunni vísar til þess fyrrnefnda. Við lokafrágang landsskipulagstillögunnar hefur verið yfirfarið hvort tilefni sé til að hnykkja frekar á þessu atriði. Þá hefur texti tillögu og greinargerðar verið yfirfarinn með tilliti til breytinga á náttúruverndarlögum sem Alþingi samþykkti 3. febrúar 2021 sem fela í sér heimild til umhverfis- og auðlindaráðherra til að setja reglugerð um kortlagningu óbyggðra víðerna og skyldu til að kortleggja óbyggð víðerni fyrir 1. júní 2023.
6.1.3 Skipulagsgerð um skóga og skógrækt	

<p>Reykjavíkurborg telur jákvætt að í tillögunni sé skerpt á því að sveitarfélög marki sér stefnu um skóga og skógrækt og að hugað sé að varðveislu verðmæts landslags og sjónása. Þetta sé ekki síst mikilvægt þegar landrými er nokkuð takmarkað eins og í landi Reykjavíkur og þar sem meiri líkur eru á að skógræktarsvæði séu nýtt til fjölbreyttra nota, t.d. fyrir útivist. Allar leiðbeiningar um skipulag skógræktarsvæða og landbúnaðarlands séu jákvæðar og horfa þurfi til sérstöðu jaðarsvæða nálægt þéttbýli í því sambandi þar sem aðstæður eru líklegar til að vera öðruvísi en í víðáttumiklu dreifbýli. Til dæmis sé líklegra að landbúnaðarland á jarðarsvæðum sé í meiri blöndun við aðra landnotkun og að jarðir séu smærri.</p>	<p>Pakkað er fyrir gagnlega ábendingu. Kallar ekki á frekari viðbrögð eða breytingar á landskipulagstillögunni.</p>
<p><i>6.1.4 Skipulagsgerð með tilliti til ræktunarskilyrða</i></p>	
<p>Sveitarfélagið Hornafjörður kallar eftir nánari skýringum við umfjöllun um uppskiptingu lands, þar sem aðalskipulag fjalli ekki um eignarhald lands.</p>	<p>Í grein 6.1.3 í landsskipulagstillögunni er því beint til sveitarfélaga að byggja ákvarðanir um uppskiptingu lands á skipulagsáætlunum. Í 48. gr. skipulagslaga er kveðið á um að óheimilt sé að skipta jörðum, löndum eða lóðum eða breyta landamerkjum og lóðamörkum nema samþykki sveitarstjórnar komi til. Í þéttbýli er skilgreining lóða almennt ákveðin með skipulagi. Í dreifbýli er hinsvegar algengara að lóðir og skikar séu stofnaðir með sérstöku samþykki sveitarstjórnar, áður en unnið er og samþykkt skipulag sem viðkomandi lóðarskilgreining ætti með réttu að byggja á.</p> <p>Í frumvarpi til breytinga á jarðalögum sem Alþingi hefur til umfjöllunar á yfirstandandi þingi er lagt til að í jarðalögum verði kveðið á um að skipting lands á landbúnaðarsvæðum skuli samrýmast skipulagsáætlun. Er þar um að ræða ákvæði sem kom inn í jarðalög með lagabreytingu árið 2020, en lagt er til að færast til vegna annarra breytinga á jarðalögum. Um það segir í greinargerð með frumvarpinu: „Kom ákvæði þetta í jarðalög með lögum nr. 85/2020 en með því var horft til þess að tryggja að ekki kæmi til þess að sú heildarsýn á þróun byggðar sem sett er fram í skipulagi skerðist að mun ef landeignir og lóðir hafa verið festar í sessi áður en skipulag er unnið.“</p> <p>Ábendingin kallar ekki á breytingar á landskipulagstillögunni.</p>
<p>Landgræðslan telur að gæta þurfi sérstaklega að vernd votlendis við skipulag ræktarlands og leitast við að endurskipuleggja framræslukerfi í þeim tilgangi að tryggja gott ræktarland. Jafnframt sé leitast við að endurheimta framræst votlendi sem ekki er nýtt til landbúnaðar.</p>	<p>Tekið er undir ábendingar Landgræðslunnar sem falla vel að þeim áherslum sem settar eru fram í landsskipulagstillögunni, í greinum 5.3.1 og 5.3.2. Við lokafrágang landsskipulagstillögunnar hefur verið yfirfarið hvort tilefni sé til að hnykkja frekar á þessu atriði þar sem fjallað er um skipulag landbúnaðarlands í 6. kafla.</p>
<p><i>6.1.5 Flokkun landslagsgerða og leiðbeiningar um landslagsgreiningu</i></p>	

<p>Sveitarfélagið Hornafjörður fagnar vinnu við greiningu á landslagi yfir allt landið og telur fullt tilefni til að halda áfram með það verkefni og vinna frekari greiningu líkt og gert hefur verið með góðum árangri í Skotlandi og á fleiri stöðum.</p> <p>Múlaping telur greiningu landslags og mikilvægra jarðmyndana og náttúrufars afar mikilvæga og jafnframt að tekið sé tillit til slíkra greininga við gerð skipulagsáætlana. Byggðarlögin sem mynda Múlaping hafi hvert sitt svipmót og einkenni sem sé mikils um vert að gefa gaum við alla skipulagsgerð. Múlaping leggur áherslu á mikilvægi vinnu góðra leiðbeininga við þennan kafla sem leiðarvísir við skipulagsgerð</p> <p>Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi telja skýrslu EFLU og LUC um landslagsgreiningu gríðarmikinn feng en slíkrar greiningar hafi verið beðið lengi.</p>	<p>Jákvætt er að sjá þann hljómgrunn sem efni og nálgun landsskipulagstillögunnar um þetta efni fær. Ábendingarnar kalla að öðru leyti ekki á viðbrögð eða breytingar á landsskipulagstillögunni.</p>
<p>Reykjavíkurborg telur gott að fá leiðbeiningar um landslagsgreiningu, eða aðstoð við að „lesa landið“. Hér þurfi t.d. að vera skýrt hvort skilgreining á landgerð breytist þegar votlendi er endurheimt, þ.e. hvort gerður er greinarmunur á opnu svæði eftir því hvort það er skóglendi, graslendi, framræst votlendi eða gróðurlaust og sett í samhengi við loftslagsmál og nýtingarmöguleika.</p>	<p>Pakkað er fyrir ábendinguna. Kallar ekki á breytingar á landsskipulagstillögunni.</p>
<p><i>6.1.6 Greining og kortlagning óbyggðra víðerna á landsvísu og leiðbeiningar um staðbundna kortlagningu óbyggðra víðerna</i></p>	
<p>Samband íslenskra sveitarfélaga vekur athygli sveitarfélaga á gr. 6.1.6 um viðmið við kortlagningu óbyggðra víðerna og mat á skerðingaráformum skipulagsáforma á þau.</p>	<p>Kallar ekki á viðbrögð eða breytingar á landsskipulagstillögunni.</p>
<p>Dalabyggð leggur til að sett verði lágmarksstærðarmörk í skilgreininguna á óbyggðum víðernum, sbr. lög um náttúruvernd, og að miðað verði að lágmarki við 10 km en ekki 5 km. Á þeim jörðum sem búið er á verði miðað við landamerki en ekki mannvirki, ekki sé hægt að skilgreina byggðar jarðir sem óbyggð víðerni. Þar sem þannig háttar til að tiltekið svæði falli inn á fleiri en eitt aðalskipulagssvæði skuli samráð haft milli sveitarfélaga um skilgreininguna.</p>	<p>Öll umfjöllun landsskipulagstillögunnar um óbyggð víðerni gengur út frá skilgreiningu 5. gr. laga um náttúruvernd á hugtakinu óbyggð víðerni, þar með talið viðmiðinu sem þar er sett um að óbyggð víðerni séu að jafnaði a.m.k. 25 km². Í þeim viðmiðum sem gerð er tillaga um í gr. 6.1.6 er gengið út frá því að skerðingarvegalegd mannvirkja gagnvart óbyggðum víðernum sé mislöng, eftir eðli og umfangi mannvirkja. Þar er grunnviðmiðið 5 km, sbr. áður nefnda skilgreiningu laga um náttúruvernd, en getur verið lengra eða styttra, eftir því hverskonar mannvirki eiga í hlut. Þannig er til dæmis ljóst, að mati Skipulagsstofnunar, að vindorkuver með klasa vindmylla sem eru 150 m háar eða hærrí myndu hafa skerðingarvegalegd sem nemur talsvert lengri vegalegd en 5 km gagnvart óbyggðum víðernum, nema til komi landform sem byrgja sýn að þeim. Skipulagsstofnun getur ekki tekið undir tillögu um að kortlagning óbyggðra víðerna fylgi afmörkun landeigna. Hugtakið óbyggð víðerni felur í sér ákveðna landslagseiginleika. Liggi landsvæði innan eignarlanda sem uppfylla þau skilyrði myndu þau falla þar undir, rétt eins og ætti við ef landslag er greint í mismunandi landslagsgerðir, eins og fjalllendi og dali. Hvað varðar samráð við nágrennasveitarfélög við gerð aðalskipulags, gilda</p>

	<p>almennar samráðskröfur skipulagslaga og skipulagsreglugerðar um þetta efni. Ábendingin kallar ekki á breytingar á landsskipulagstillögunni.</p>
<p>Landsvirkjun vísar til frumvarps til breytinga á lögum um náttúruvernd þar sem lagt er til að við lögin bætist nýtt ákvæði um kortlagningu óbyggðra víðerna. Landsvirkjun telur að það geti verið til bóta að kortleggja óbyggð víðerni. Það þurfi þó að vera skýrt hver hefur slíkt með höndum, hvernig meðferð slíkrar kortlagningar verður háttað, hvaða réttaráhrif slíkt hefur og hvaða aðkomu hagsmunaaðilar hafa að þeirri vinnu. Í tillögu að viðauka við landsskipulagsstefnu er lagt til að Skipulagsstofnun hafi forgöngu um að ávallt sé til uppfært kort af óbyggðum víðernum en ekki kemur fram hvernig sú kortagerð skuli fara fram né hvaða aðkomu hagsmunaaðilar muni hafa að þeirri vinnu. Landsvirkjun telur mikilvægt að tilgreint verði í landsskipulagsstefnu nánar um aðferðafræði kortlagningar, aðkoma hagsmunaaðila og hvar hægt verði að nálgast útgefið og/eða opinbert kort hverju sinni ásamt lýsingu á víðernissvæðum.</p>	<p>Frá því að tillaga að landsskipulagsstefnu var auglýst í nóvember 2020 hefur Alþingi samþykkt umrædda breytingu á lögum um náttúruvernd. Í landsskipulagstillögunni er gengið út frá því að Skipulagsstofnun í samráði við Umhverfisstofnun hafi forgöngu um að ávallt sé aðgengilegt uppfært kort af óbyggðum víðernum á landsvísu ásamt lýsingu megin víðernissvæða. Í lagabreytingunni er gert ráð fyrir að í reglugerð verði kveðið á um hvernig standa skuli að kortlagningunni. Í umfjöllun umhverfis- og samgöngunefndar um málið kom fram að nefndin teldi eðlilegt að Skipulagsstofnun héldi utan um verkefnið. Skipulagsstofnun telur verkefnið falla vel að hlutverki og fagþekkingu stofnunarinnar og eðlilegt að upplýsingar um óbyggð víðerni verði birtar í landfræðilegri vefsíðu tengt áformaðri vefsíðu um stafrænt skipulag og skipulagsgátt. Jafnframt tekur stofnunin undir mikilvægi gagnsæis og samráðs við vinnslu verkefnis við kortlagningu óbyggðra víðerna. Þá bendir stofnunin á að í áður nefndri breytingu á lögum um náttúruvernd er tilgreint að kort yfir óbyggð víðerni skuli vera til upplýsingar fyrir stjórnvöld við stefnumótun um verndun landslags og aðra landnotkun. Ábendingin kallar ekki á breytingar á landsskipulagstillögunni umfram að uppfærður er texti í greinargerð tillögunnar varðandi áorðna breytingu á lögum um náttúruvernd.</p>
<p>Landsvirkjun telur æskilegt að endanleg niðurstaða um afmörkun óbyggðra víðerna eða að minnsta kosti drög að korti af óbyggðum víðernum séu gefin út með viðaukanum en ítrekar mikilvægi samráðs við þá kortagerð. Einnig væri ákjósanlegt að leiðbeiningarefni Skipulagsstofnunar við kortlagningu víðerna væri gefið út samhliða. Varðandi forsendur afmörkunar víðerna telur Landsvirkjun að nauðsynlegt sé að taka tillit til mismunandi landslagsheilda eða landforma.</p> <p>Samorka telur að hér sé um að ræða verkefni sem geti haft miklar afleiðingar og því sé mikilvægt að það sé vel og ítarlega fjallað um aðferðafræðina sem notuð verður og aðkomu hagsmunaaðila að vinnunni. Samorka kallar eftir samráði um þetta mál og að niðurstaða varðandi bæði kortlagningu og leiðbeiningarefni verði gefin út með viðauka við landsskipulagsstefnu. Þannig verði tryggt að ferli þessa mikilvæga máls bjóði upp á næga umræðu og aðkomu sérfræðinga og hagsmunaaðila.</p>	<p>Ekki er unnt að verða við tillögu um að drög að korti af óbyggðum víðernum eða leiðbeiningar verði birt með landsskipulagstillögunni, en tekið undir mikilvægi gagnsæis og samráðs við vinnslu verkefnis við kortlagningu óbyggðra víðerna, sem og að byggt sé á traustum aðferðum. Í þeim viðmiðum sem lögð eru til í grein 6.1.6 í tillögunni er miðað við að tekið verði tillit til landforma eins og Landsvirkjun leggur til í athugasemd sinni. Að öðru leyti vísast til viðbragða við athugasemdum Samorku við grein 6.0.3 að ofan. Ábendingin kallar ekki á breytingar á landsskipulagstillögunni.</p>

<p>Landsvirkjun telur ekki ljóst hvað átt er við með mjög stórum mannvirkjum í viðmiði um skerðingarvegalegd. Ekki sé heldur ljóst hvort átt sé við tæknileg ummerki eins og rafhlínur, orkuver, miðlunarlón og uppbyggða vegi eins og þeim er lýst í Landsskipulagsstefnu 2015–2026. Skýra þurfi betur framangreind hugtök. Ef átt er við mannvirki eins og vindmyllur og vindmyllugarða sé eðlilegt að það sé tekið fram í viðaukanum. Jafnframt sé óljóst hvað átt sé við með að skerðingarvegalegd verði lengri en 5 km í slíkum tilvikum. Eðlilegra væri að gefa einhver viðmið þannig að það sé ekki mat hvers og eins hvaða skerðingarvegalegd eigi að miða við.</p>	<p>Með mjög stórum mannvirkjum er í þessu tilliti ekki síst vísað til áforma um vindorkuver, en eins og kunnugt er geta þau falist í klösum vindmylla sem geta verið 150 m háar eða hærrí. Einnig getur þar verið vísað til mastra raforkuflutningslína, þótt þær séu mun lægri en áður nefndar vindmyllur. Skipulagsstofnun telur ljóst, hvað varðar mjög stórar vindmyllur, að gera megi ráð fyrir að skerðingarvegalegd þeirra með tilliti til óbyggðra víðerna sé talsvert umfram 5 km. Stofnunin telur þar geta átt við að miða við 10 km, nema til komi landform sem byrgja sýn að mannvirkjunum. Í landsskipulagstillögunni er gert ráð fyrir að þessi viðmið verði fest niður með útgáfu korts á landsvísu og leiðbeininga, að undangengnu samráði. Þá er rétt að benda á að samkvæmt nýsamþykktum breytingum á lögum um náttúruvernd skal kortleggja óbyggð víðerni fyrir 1. júní 2023.</p>
<p>Skipulagsnefnd Uppsveita telur að skoða þurfi stefnumörkun um óbyggð víðerni með ítarlegri hætti.</p> <p>Bláskógabyggð tekur undir ofangreinda ályktun skipulagsnefndar Uppsveita og telur að skoða þurfi vel greiningu og kortlagningu á óbyggðum víðernum. Sveitarfélög þurfi að koma að þeirri vinnu og útfærslu með beinum hætti.</p> <p>Hrunamannahreppur leggur áherslu á að tryggja þurfi víðtæka sátt um stefnumörkun um óbyggð víðerni og skoða stefnumörkun um óbyggð víðerni með ítarlegri hætti.</p>	<p>Skipulagsstofnun vísar til ofangreindra svara við athugasemdum Landsvirkjunar og tekur undir mikilvægi þessarar vinnu og samráðs um hana.</p>
<p>ÓFEIG náttúruvernd vísar til vinnu samtakanna við kortlagningu víðerna við Drangajökul árið 2019 og skýrslu sem er afrakstur þess verkefnis. Þá vísa samtökin til frumvarps til breytinga á náttúruverndarlögum sem lagt var fram á haustþingi 2020. Samkvæmt því skuli liggja fyrir kort af óbyggðum víðernum fyrir landið í heild fyrir 1. júní 2023. Í skýringum við frumvarpið komi fram að byggja skuli á alþjóðlega viðurkenndri aðferðafræði. ÓFEIG náttúruvernd leggur til að aðgerð 6.1.6 ásamt greinargerð verði uppfærð með það í huga að samkvæmt náttúruverndarlögum eigi óbyggð víðerni sér beina samsvörun í verndarflokki 1b í flokkunarkerfi Alþjóðanáttúruverndarsambandsins. Samtökin telja að uppfæra þurfi greinina annars vegar með tilliti til skilgreiningar náttúruverndarlaga á hugtakinu „óbyggð víðerni“ (þ.m.t. huglægur þáttur hennar og IUCN samsvörun) og með tilliti til frumvarps um breytingu á náttúruverndarlögum og athugasemdum með frumvarpsákvæðinu að því er varðar alþjóðlega viðurkennda aðferðafræði.</p>	<p>Skipulagsstofnun hefur við mótun landsskipulagstillögunnar horft til þess sem fyrir hefur legið úr verkefninu við kortlagningu óbyggðra víðerna á Drangajökulssvæðinu, eins og annars þess nýlega efnis sem fyrir liggur um kortlagningu víðerna hér á landi. Verkefnisskýrsla um afrakstur þess var hinsvegar ekki gerð aðgengileg fyrr en í ársbyrjun 2021.</p> <p>Öll umfjöllun landsskipulagstillögunnar um óbyggð víðerni gengur út frá skilgreiningu 5. gr. laga um náttúruvernd á hugtakinu óbyggð víðerni, þar með talið um að hægt sé að njóta einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja.</p> <p>Skipulagsstofnun telur að gera verði ákveðinn greinarmun á því að kortleggja svæði sem hafa landslagseiginleika sem uppfylla þau skilyrði sem hugtakaskilgreiningin í 5. gr. náttúruverndarlaga felur í sér og þess að útnefna tiltekin óbyggð víðerni sem verndarsvæði samkvæmt 46. gr. náttúruverndarlaga, en sá friðlýsingarflokkur sem þar er skilgreindur á sér samsvörun í flokki 1b samkvæmt flokkunarkerfi Alþjóðanáttúruverndarsamtakanna fyrir vernduð svæði. Í nýsamþykktum breytingum á náttúruverndarlögum kemur fram að kortlagningu óbyggðra víðerna eigi að nýta til upplýsingar fyrir stjórnvöld við stefnumótun um verndun landslags og aðra landnotkun.</p>

	Bætt verður við greinargerðarskýringar við grein 6.1.6 umfjöllun um nýsamþykktu breytingu á náttúruverndarlögum.
Vegagerðin telur skilgreiningar tillögunnar á óbyggðum víðernum fela í sér mjög huglægt mat. Vegagerðin leggur áherslu á að tryggð verði möguleg uppbygging á öruggum og góðum mannvirkjum til að þjónusta vaxandi fjölda ferðamanna.	Grunnviðmið um skilgreiningu óbyggðra víðerna koma fram í 5. gr. laga um náttúruvernd. Óhjákvæmilegt er að nánari útfærsla þeirra með tilliti til ólíkra mannvirkja að gerð og umfangi verði að einhverju leyti matskennd. Af þeim sökum er mikilvægt að sú vinna sé gegnsæ, byggð á traustum aðferðum og unnin í samráði við hlutaðeignandi aðila. Skipulagsstofnun vísar að öðru leyti til framangreindra svara við athugasemdum sem varða óbyggð víðerni og til þeirra áherslna sem fram koma um verndun víðerna í náttúruverndarlögum og gildandi landsskipulagsstefnu. Stofnunin minnir einnig á framfylgdarverkefni sem skilgreint er í gr. 1.3.3 í gildandi landsskipulagsstefnu og á mikilvægi þess að vegahönnun á viðkvæmum náttúrusvæðum taki mið af landslagi og umhverfi.
Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi telja ekki nægilega tekið utan um tilmæli ráðherra um viðmið fyrir greiningu á óbyggðum víðernum. Samtökin kalla eftir viðmiðum sem taka tillit til huglægs þáttar víðernaskilgreiningar, skírskotunar til tímasettrar skyldu til að kortleggja öll víðernasvæði landsins og sambærilegum samningi og gerður var við EFLU og LUC um landslagsgreiningu 2019. Hugtakið óbyggð víðerni hafi skv. lögum huglægan þátt, þ.e. „að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja“, sbr. 19. tl. 5. gr. náttúruverndarlaga. Kalla samtökin eftir viðmiðum sem ná huglægum hluta skilgreiningarinnar fram. Aðferðir hafi verið þróaðar sem taki inn fjarlægð frá vélknúnu aðgengi (hversu langan tíma það tekur mann að ganga frá e.k. vegi eða lendingu á sjó), hversu erfitt land er yfirferðar og hversu náttúrulegt það virkar. Dæmi um beitingu slíkra viðmiða við hlið viðmiða um sýnileika mannvirkja megi finna í skýrslu um Drangajökulsvíðerni.	Öll umfjöllun landsskipulagstillögunnar um óbyggð víðerni gengur út frá skilgreiningu 5. gr. laga um náttúruvernd á hugtakinu óbyggð víðerni, þar með talið um að hægt sé að njóta einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja. Ábendingar sem fram koma í umsögninni verða hafðar í huga við frekari vinnu við kortlagningu og leiðbeiningar um óbyggð víðerni.
Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi segjast í umsögn sinni hafa talað mjög fyrir verndun óbyggðra víðerna, bæði innan og utan miðhálandis. Til þess að verndun geti orðið þurfi að liggja fyrir grunnástand í formi kortlagningar. Það séu nokkur vonbrigði að tillaga að landsskipulagsstefnu gangi ekki lengra í átt að stefnumótun um verndun óbyggðra víðerna og leggi hvorki fram fullmótaða aðferðafræði við kortlagningu þeirra, né neins konar tilraun til kortlagningar óbyggðra víðerna utan miðhálandisins. Þar sem fram sé komið stjórnarfrumvarp á Alþingi um breytingu á náttúruverndarlögum sem tímasetur skyldu til að kortleggja öll óbyggð víðerni á Íslandi og lesa megi úr frumvarpinu að gert sé ráð fyrir að Skipulagsstofnun annist umsjón þess verks, kalli samtökin eftir því að í uppfærðri landsskipulagsstefnu verði að finna skírskotun til þeirrar (fyrirhuguðu) lagasetningar. Tímabært sé að mati samtakanna að fylgja eftir, með markvissum áætlunum um aðgerðir, þeim tveggja áratuga fyrirætlunum að kortleggja víðerni Íslands	Skipulagsstofnun tekur undir mikilvægi vandaðrar kortlagningar óbyggðra víðerna og að hún liggja fyrir sem fyrst. Ákjósanlegt hefði verið að viðmið og kortlagning hefði verið komin lengra á veg í landsskipulagstillögunni. Stofnunin fagnar því að Alþingi hafi samþykkt skyldu til slíkrar kortlagningar fyrir tiltekinn tíma og vonast jafnframt til að hægt verði á grunni þeirrar undirbúningsvinnu sem farið hefur fram á ýmsum vettvangi á undanförunum árum að uppfylla þá skyldu mun fyrr en lögin gera kröfu um.

<p>en slíkt getur í senn verið grunnur rannsókna, skipulagsákvæðana og ákvarðana um friðlýsingu í verndarflokki 46. gr. náttúruverndarlaganna. Í þessu samhengi telja samtökin útfærslu í tillögunni á aðgerð 6.1.6 allt of rýra og ekki til bóta frá núverandi ástandi, ekki síst samanborið við áherslu á aðra þætti viðbótarinnar við landsskipulagsstefnu. Í greinargerð um þennan þátt á bls. 41-42 sé jafnframt ekki að finna þær áherslur sem nauðsynlegar eru um viðmið og kortlagningu víðerna.</p> <p>Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi kalla eftir mun skýrari og afdráttarlausari aðgerðum varðandi óbyggð víðerni í landsskipulagsstefnu. Ábyrgð Íslands á að kortleggja víðerni sín eftir bestu aðferðum, staðfærðum eftir atvikum, og vernda þau sem þess þurfa með, sé mikil og mikilvægt að kortlagning á landsvísu takist vel.</p>	
<p>Samorka telur mikilvægt að skilgreint verði betur í tillögunni hvað sé átt við með þeim hugtökum sem notuð eru í aðgerð 6.1.6 í fjórum punktum um skerðingarvegalegd til grundvallar kortlagningu óbyggðra víðerna, sérlega hvað „mjög stór mannvirki“ og „stök umfangslítill mannvirki“ séu. Það muni hafa mikil áhrif hvernig þessi hugtök verða túlkuð og því er mikilvægt að það komi fram.</p>	<p>Við lokafrágang landsskipulagstillögunnar hefur verið bætt við skýringum við umrædd ákvæði í greinargerð.</p>
<p><i>6.1.7 Leiðbeiningar um skipulag landbúnaðarlands</i></p>	
<p>6.2 Landslagshönnun og mannvirki í landslagi</p>	
<p>Reykjavíkurborg telur eðlilegt og jákvætt að innihald 5.-7. kafla sé samþætt eins og kostur er, en að áhugavert væri að rýna á meiri dýpt þann hluta bæjarhönnunar sem tengist landslagi og hvernig viðmið og reglur um landslag og varðveislu þess eru heimfærð og aðlöguð að umhverfi þéttbýlishönnunar og skipulags. Þar sé óneitanlega um krefjandi verkefni að ræða enda þróun og vöxtur borga eitt mikilvægasta viðfangsefni okkar tíma, þar sem taka þarf tillit til ótal atriða og áskorana varðandi samfélag, umhverfi og ólík sjónarmið. Mikilvægi ásýndar og landslags í borgarumhverfinu muni einungis aukast eftir því sem borgir stækka og íbúum þeirra fjölga. Reykjavíkurborg hvetur Skipulagsstofnun til að halda áfram að styrkja stoðir þekkingar um skipulagsgerð borgar, þ.m.t. um borgarlandslag, og er mjög áhugasöm um frekara samtal um þetta viðfangsefni.</p>	<p>Þakkað er fyrir hvatningu og gagnlegar ábendingar sem hafðar verða í huga við áframhaldandi vinnu um þessi efni.</p>
<p><i>6.2.1 Fjölbreytt og lifandi bæjarrými</i></p>	
<p><i>6.2.2 Gatnakerfi og göturými</i></p>	
<p><i>6.2.3 Grænir innviðir</i></p>	

<p>Embætti landlæknis leggur til breytingar á orðalagi í gr. 6.2.3 í þá veru að við bætist „sem stuðlar að heilsu og vellíðan“ aftan við orðin „ skapa aðlaðandi og áhugaverða umgjörð um hreyfingu og útveru“.</p>	<p>Þakkað er fyrir ábendinguna. Hún var höfð í huga við endanlegan frágang landsskipulagstillögunnar en kallaði ekki á breytingar að mati Skipulagsstofnunar.</p>
<p>6.2.4 Hönnun mannvirkja í landslagi</p>	
<p>Arkitektafélag Íslands fagnar áherslum tillögunnar á hönnun mannvirkja í landslagi en leggur til orðalagsbreytingar á grein 6.2.4 (viðbót Af feitletruð): „Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði vandað til staðarvals og hönnunar mannvirkja, hvort heldur stórra eða smárra, jafnt í þéttbýli og í opnu landi og með tilliti til staðbundinna gæða sem felast í landslagi. Hönnun allra mannvirkja taki mið af landslagi, kennileitum, sjónlínunum, útsýni og þeirri byggð, sögu og menningarlandslagi sem fyrir er. Sérstaklega verði vandað til hönnunar bygginga og annarra mannvirkja sem mynda ný kennileiti. Við mannvirkjagerð í opnu landi sé hugað að heildum og samhengi og því hvernig manngert inngríp í náttúrulegu landslagi getur stuðlað að náttúruvernd.“</p>	<p>Þakkað er fyrir ábendinguna. Hún var höfð í huga við endanlegan frágang landsskipulagstillögunnar en kallaði ekki á breytingar að mati Skipulagsstofnunar.</p>
<p>6.2.5 Leiðbeiningar um skipulag og hönnun bæjar- og göturýma</p>	
<p>Grundarfjarðarbær segir hugmyndafræði á bak við 20 mínútna bæinn þegar vera í vinnslu hjá bæjarfélaginu hvað varðar gönguleiðir og framtíðaruppbyggingu. Markmið sé þar sett um „Gönguvænan Grundarfjörð“. Einnig sé þegar hafin vinna við blágrænar ofanvatnslausnir í þéttbýli.</p>	<p>Skipulagsstofnun þakkar fyrir ábendinguna. Kallar ekki á breytingar á landsskipulagstillögunni.</p>
<p>6.3 Nýting vindorku í sátt við umhverfi og samfélag</p>	
<p>Samband íslenskra sveitarfélaga leggur áherslu á að nýting vindorku sé nýtt viðfangsefni í skipulagi og umhverfismati hér á landi sem fylgi nýjar áskoranir, ekki síst varðandi áhrif á landslag. Stefna og viðmið um slíka nýtingu séu mikilvæg fyrir ákvarðanatöku sveitarfélaga og hafi sveitarfélög ítrekað kallað eftir skýrri stefnu og leiðsögn um þetta efni. Þótt í því skjali sem nú sé lagt fram til umsagnar séu engar tillögur um þetta efni liggi fyrir greinargóð skýrsla frá Alta sem nefnist Landslag og vindorka þar sem kortlögð séu helstu álitaeftni um þetta málefni. Einnig hafi sambandið átt aðkomu að starfshópi um lagaumhverfi vindorkuvera sem skilaði tillögum árið 2019.</p> <p>Samband íslenskra sveitarfélaga telur að brýnt sé að setja skýrar leikreglur um vindorkunýtingu hér á landi og voru vonir bundnar við að í tillögu að landsskipulagsstefnu kæmu fram gagnlegar leiðbeiningar til sveitarfélaga um þetta mikilvæga málefni. Það séu því veruleg vonbrigði að tillögu um þetta efni hafi á síðustu stundu verið kippt til baka. Af sambandsins hálfu er lögð á það áhersla að áherslur um vindorku verði í sem bestum takti við viðmið sem stuðst er við í nálægum ríkjum og að á</p>	<p>Þegar umhverfis- og auðlindaráðherra fól Skipulagsstofnun að hefja vinnu við breytingar á Landsskipulagsstefnu 2015–2026 óskaði hann eftir því að í tillögu stofnunarinnar yrði fjallað um skipulag vindorkunýtingar með tilliti til landslags og sett viðmið um ákvarðanir fyrir slíka nýtingu. Undirbúningsvinna vegna landsskipulagstillögunnar tók mið af þessum áherslum ráðherra og fól meðal annars í sér úttekt á stefnumótun í Skotlandi og Noregi og greiningu á aðferðum sem beita má við staðarval og skipulagshönnun vindorkuvera.</p> <p>Haustið 2020 ákvað umhverfis- og auðlindaráðherra hinsvegar að stefna og viðmið um staðsetningu vindorkuvera skyldu stað sett fram í þingsályktun á grundvelli laga um verndar- og orkunýtingaráætlun. Þegar tillaga að viðauka við landsskipulagsstefnu var auglýst í nóvember 2020 lá ekki fyrir hvernig slík stefna og viðmið yrðu útfærð í fyrirhugaðri þingsályktun og ekki var ráðrúm til að endurskoða gr. 6.3 eins og hún lá þá</p>

<p>grundvelli þeirra áherslna geti sveitarstjórnir mótað skynsamlega stefnu um heppilega staðsetningu vindorkuvera innan sinna marka.</p> <p>Fjórðungssamband Vestfirðinga telur miður að felld hafi verið út umfjöllun um vindorkunýtingu og tekur undir kröfu Sambands Íslenskra sveitarfélaga um að kafli um vindorku komi fram í þingsályktunartillögu ráðherra.</p> <p>Sveitarfélagið Hornafjörður telur óheppilegt að kafli um vindorkunýtingu hafi verið felldur út úr kynningargögnum.</p> <p>Vesturbyggð telur mikilvægt að vindorkunýtingu og skipulagi svæða til vindorkuframléiðslu verði gerð skil í viðaukanum þar sem aukinn áhugi sé á svæðum sem hentað geti vel til uppbyggingar vindorkuvera. Slík framléiðsla samræmist vel áherslu um efnahagslegan hvata til orkuskipta, t.d. á kaldari svæðum sem hafa með að gera landsvæði sem hentað gætu vel til vindorkuframléiðslu.</p> <p>Múlaping segir það vonbrigði að engar tillögur um vindorku sé að finna í þeim viðauka sem liggja fyrir. Að áliti Múlapingar er mjög brýnt að settar verði skýrar leikreglur um vindorkunýtingu og voru vonir bundnar við að í tillögu að landsskipulagsstefnu kæmu fram gagnlegar leiðbeiningar til sveitarfélaga um þetta mikilvæga málefni. Múlaping leggur áherslu á að kafli um vindorku komi inn í landsskipulagsstefnu, að áherslur um vindorku verði í sem bestum takti við þær áherslur sem þar er að finna og að á grundvelli þeirra geti sveitarstjórnir mótað skynsamlega stefnu um heppilega staðsetningu vindorkuvera innan sinna marka. Mikilvægt sé að unnar verði góðar leiðbeiningar um úrvinnslu slíkra áætlana fyrir skipulagsvinnu, ekki síst fyrir sveitarfélög sem ná yfir mikið landsvæði eins og í tilfelli Múlapingar.</p>	<p>fyrir í landsskipulagstillögunni með tilliti til þess. Því var greinin felld út í heild sinni í hinni auglýstu tillögu.</p> <p>Umhverfis- og auðlindaráðuneytið kynnti í janúar 2021 drög að breytingum á lögum um rammaáætlun varðandi vindorku, ásamt drögum að þingsályktun um vindorkustefnu í samráðsgátt stjórnvalda.</p> <p>Í ljósi framangreinds hefur sú tillaga að gr. 6.3 sem áður hafði verið unnið að, verið endurskoðuð með tilliti til skörunar og samræmis við áður nefnd drög að þingsályktun á grundvelli laga um verndar- og orkunýtingaráætlun. Er gerð tillaga að nýrri grein 6.3 í tillögu að landsskipulagsstefnu eins og henni er skilað til umhverfis- og auðlindaráðherra.</p>
<p>Vegagerðin bendir á að við staðsetningu vindmylla sé að ýmsu að huga varðandi samgöngur. Tryggja þurfi hæfilega fjarlægð framkvæmdasvæðis við vegi, að vegfarendur verði ekki fyrir sjónrænni truflun, ískast af spöðum og möguleika á ókyrrð í lofti. Vindmyllur séu settar saman úr stórum og þungum einingum (turnar, mylluhús, spaðar) og óvíst að flutningsleiðir séu til þess gerðar að geta flutt þessa hluti. Lengstu einingar séu umtalsvert lengri en lengstu farartæki sem heimiluð eru á þjóðvegum og burðarþol brúa og vega geti verið takmarkað. Við val á flutningsleið þurfi að taka tillit til umferðar um þéttbýli, breiddar vega, beygjuradíusa, burðarþols vega og brúa. Líklegt sé að gera þurfi breytingar á vegakerfi til að koma íhlutum á áfangastað, breytingarnar geti verið til bráðabirgða eða varanlegar og þurfi að vera unnar í nánú samráði og með heimild Vegagerðarinnar en verði ávallt á kostnað framkvæmdaraðila.</p>	<p>Pakkað er fyrir ábendinguna sem verður höfð í huga við framhaldsvinnu um þetta efni.</p>

Samorka gerir í umsögn sinni ábendingar við drög landsskipulagstillögunnar sem fólu í sér kafla um vindorku, sem síðar var dreginn til baka. Í umsögninni er meðal annars vikið að samspili landsskipulagsstefnu við verkefni verkefnisstjórnar rammaáætlunar og málsmeðferð hjá verkefnisstjórn. Þá er komið á framfæri ábendingum við þá flokkun landsvæða sem kynnt var í eldri drögum.

Skipulagsstofnun vísar til þess sem segir að ofan um ákvörðun umhverfis- og auðlindaráðherra um að stefna og viðmið fyrir nýtingu vindorku verði sett fram í þingsályktun á grundvelli laga um verndar- og orkunýtingaráætlun.

Athugasemdir Samorku lúta meðal annars að samspili landsskipulagsstefnu við hlutverk verkefnisstjórnar rammaáætlunar. Það var útfært með þeim hætti sem gert var í þeim eldri drögum að landsskipulagstillögunni sem Samorka vitnar til, í ljósi þeirra áforma sem þá lágu fyrir um hlutverk verkefnisstjórnar í vinnu við breytingar á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun.

Varðandi ábendingar Samorku við flokkun landsvæða, þá hefur eins og að framan greinir verið ákveðið af umhverfis- og auðlindaráðherra að vettvangur fyrir slíka flokkun verði ekki í landsskipulagsstefnu, heldur í þingsályktun sem samþykkt verði á grundvelli laga um verndar- og orkunýtingaráætlun. Er því ekki tilefni til að bregðast við þeim ábendingum á þessum vettvangi nú.

Heilsuvæn byggð og landnotkun

Helstu atriði athugasemda	Úrvinnsla Skipulagsstofnunar
Almennar athugasemdir við 7. kafla	
<p>Samband íslenskra sveitarfélaga segir það að mörgu leyti hvalreka fyrir sveitarfélög að í tillögunni sé kafla um heilsuvæna byggð og landnotkun, þar sem er gert ráð fyrir leiðbeiningum til sveitarfélaga um heilsuvænt skipulag.</p> <p>Múlaping telur 7. kafla rökrétta viðbót við landsskipulagsstefnu.</p> <p>Reykjavíkurborg fagnar sérstaklega þeirri stefnumörkun sem kemur fram í 7. kafla og telur stefnumiðin falla mjög vel að markmiðum gildandi aðalskipulags Reykjavíkur, nýjum áherslum í endurskoðun þess og annarri stefnumörkun borgarinnar á borð við Græna planið, húsnæðisáætlun og mótun lýðheilsustefnu.</p> <p>Embætti landlæknis telur 7. kafla verðmæta viðbót við landsskipulagsstefnu sem falli almennt vel að áherslum í starfi stjórnvalda um lýðheilsu.</p> <p>Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi telja 7. kafla vel útfærðan.</p>	<p>Pakkað er fyrir umsagnirnar. Kallar ekki frekari á viðbrögð.</p>
7. Heilsuvæn byggð og landnotkun	
<p>Embætti landlæknis telur að æskilegt væri að bæta lifnaðarháttum við meginmarkmið kaflans, þ.e. „skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að heilsusamlegum lifnaðarháttum, heilsu og vellíðan“. Embættið telur einnig að í greinargerð væri æskilegt að nefna hreyfingu og andlega líðan á undan offitu. Það myndi samræmast betur áherslu embættisins hvað þetta varðar og falla betur að áhersluatriðum greinargerðar. Þá bendir embættið á að svefn sé aðkallandi lýðheilsuáskorun sem gæti verið vert að nefna og nefni í því samhengi hávaða, ferðaleiðir og tengsl við offitu.</p>	<p>Pakkað er fyrir ábendingarnar. Þær voru hafðar í huga við endanlegan frágang landsskipulagstillögunnar en kölluðu ekki á breytingar að mati Skipulagsstofnunar.</p>
<p>Vegagerðin telur að ítreka mætti vægi umferðaröryggis í landsskipulagsstefnu. Bendir Vegagerðin í því samhengi á að breytingar á ferðavenjum auki samspil óvarinna vegfarenda og ökutækja og að aukning hafi verið í fjölda hjólreiðaslysa og slysa tengdum rafskútum á undanförunum árum.</p>	<p>Pakkað er fyrir ábendinguna. Skipulagsstofnun vísar til erlendra fyrirmynda, í rannsóknnum og stefnuskjöllum, þar sem er miðað að gatnahönnun út frá aðstæðum, lægri hönnunarhraða og rými fyrir ólíka ferðamáta til að bæta umferðaröryggi. Meðal annars má vísa til Transport Research Laboratory Report 661: The Manual for Streets: Evidence and Research í þessu samhengi.</p>
<i>7.0.1 Skipulag í þágu lýðheilsu</i>	

Embætti landlæknis leggur til að bæta við orðinu „fjölbreytileika“ í kafla 7.0.1, þ.e. : „Við útfærslu byggðar og bæjarrýma verði gætt að jafnræði, fjölbreytileika, öryggi og aðgengi ólíkra félags- og getuhópa.“	Grein 7.0.1. hefur verið breytt í samræmi við tillögu embættis landlæknis.
Páll Jakob Línal leggur til breytingu á orðalagi í aðgerð 7.0.1, þannig að í stað „verði leitast við“ komi „verði skapað“.	Þakkað er fyrir ábendinguna. Hún var höfð í huga við endanlegan frágang landsskipulagstillögunnar en kallaði ekki á breytingar að mati Skipulagsstofnunar.
7.0.2 Mat á lýðheilsuáhrifum skipulags	
Embætti landlæknis leggur til að heilsa verði skilgreind og metin með heildstæðari/ítarlegri hætti en nú er gert í umhverfismati. Embættið leggur til tilteknar textaviðbætur í því tilliti.	Skipulagsstofnun hefur brugðist við ábendingunni með breytingu á greinargerð tillögunnar varðandi grein 7.0.2.
7.0.3 Leiðbeiningar um skipulagsgerð með tilliti til lýðheilsu og hvatning til heilsuvæns lífsstíls	
Páll Jakob Línal telur að það væri framsækið skref ef í landsskipulagsstefnu væri gert ráð fyrir að Skipulagsstofnun hefði frumkvæði að reglu- og kerfisbundnum könnunum og/eða rannsóknum á áhrifum byggðs umhverfis og skipulags á lýðheilsu í samráði við hlutaðeigandi aðila.	Skipulagsstofnun tekur undir mikilvægi rannsókna og samráðs í þessa veru og vísar í þessu samhengi til greinar 7.0.3, ásamt umfjöllun í greinargerð. Stofnunin telur ábendinguna ekki kalla á breytingar á tillögunni.
7.1 Heilsuvænin ferðamátar og hreyfing í daglegu lífi	
7.1.1 Byggðamynstur í þágu lýðheilsu	
7.1.2 Skipulag og hönnun gatna og stíga í þágu lýðheilsu	
7.2 Fjölbreytt útivist í nánd við náttúru	
Reykjavíkurborg telur jákvætt að fjallað sé um náttúru og útivistarsvæði en að skerpa mætti á mikilvægi almenningsrýma til samveru og félagslegra samskipta (sem eru mikilvæg fyrir geðheilsu) í grennd við þjónustu. Torg og svæði sem tengja ólíka aldurshópa, með verslun og þjónustu í kring mætti vera meira áhersluatriði í texta. Þá bendir Reykjavíkurborg á að góð almenningsrými hvetji einnig til virkra ferðamáta sem dregur úr losun vegna samgangna.	Gerðar hafa verið breytingar á greinargerð til samræmis við ábendingar Reykjavíkurborgar.
7.2.1 Fjölbreytt útivistarsvæði til margvíslegra nota	
Samband íslenskra sveitarfélaga telur að víkja mætti að því að útivistarmöguleikar geti tengst vetraríþróttum, svo sem með því að hvetja til gönguskíðaiðkunar í þéttbýli.	Skipulagsstofnun telur ólík form útivistar falin í umfjöllun um útivist og fjölbreytta útivistarmöguleika árið um kring í greinargerð, þar með talið vetraríþróttir og iðkun á borð við gönguskíðaiðkun í þéttbýli.

<i>7.2.2 Náttúra í almenningsrýmum</i>	
7.3 Fjölbreytt húsnæði sem mætir þörfum ólíkra hópa	
Samband íslenskra sveitarfélaga telur að þörf sé á að fram fari heildstæð skoðun á skipulagslöggjöf til að vinna að lækkun byggingarkostnaðar. Í þeirri vinnu sé eðlilegt að hafa til hliðsjónar skýrslu OECD og Samkeppniseftirlitsins um samkeppnishæfni húsnæðismarkaðar og ferðaþjónustu á Íslandi, þar sem settar eru fram fjölmargar ábendingar um einföldun löggjafar og styttingu ferla.	Kallar ekki á viðbrögð.
<i>7.3.1 Fjölbreytt og vel staðsett íbúðarhúsnæði</i>	
Samband íslenskra sveitarfélaga telur jákvætt að vikið sé að samspili skipulagsáætlana og húsnæðisáætlana. Gæði húsnæðisáætlana hafa aukist á undanförunum árum og einnig liggja fyrir betri upplýsingar um áætlað byggingarmagn á hverjum tíma. Þessi þróun sé til þess fallin að auka áreiðanleika skipulagsáætlana.	Kallar ekki á viðbrögð.
Arkitektafélag Íslands leggur til eftirfarandi viðbót við kafla 7.3.1: „Til þess að tryggja félagslega fjölbreytni, góða endingu húsnæðiskosts, sjálfbærni og umhverfisvernd, verði í stefnugerð ríkis og sveitarfélaga og í skipulagsgerð stuðlað að því að tryggja gæði nýrra íbúða fyrir alla tekjuhópa. Litið verði til rýmisþarfarar við daglegar athafnir, birtuskilyrða, sólarljóss, hljóð- og loftgæða og vandaðar efnisnotkunar. Horft verði til gæða leik- og dvalarsvæða lóða ásamt góðra og öruggra tenginga við næsta umhverfi.“ Einnig bendir Arkitektafélagið á að í tengslum við tillögu um endurskoðun laga og reglugerða skipulagsmála væri vert að huga að frekari leiðum í skipulagsgerð til að tryggja fjölbreytt húsnæði fyrir alla tekjuhópa. Sem dæmi gæti sveitarfélögum yfir skilgreindri stærð verið gert skylt að útvega ákveðið hlutfall íbúðarhúsnæðis fyrir lægstu tekjuhópa og um leið huga að gæðum íbúðanna. Sveitarfélögum yfir ákveðinni stærð gæti einnig verið gert skylt að úthluta ákveðnu hlutfalli nýskipulagðrar íbúðabyggingar til byggingar leigu- eða búseturéttaríbúða til óhagnaðardrífina húsnæðisfélaga.	Þakkað er fyrir gagnlegar ábendingar. Skipulagsstofnun tekur undir mikilvægi þeirra þátta sem Arkitektafélag Íslands nefnir og þýðingu þeirra við mótun umgjafar daglegs lífs, fjölbreytts og vandaðs íbúðarhúsnæðis og umhverfis þess, þar sem gæði í þessu fjölbreytta samhengi skipta höfuðmáli. Ábendingarnar verða hafðar í huga við vinnu Skipulagsstofnunar á grundvelli greinar 7.0.3 en kalla að mati stofnunarinnar ekki á breytingar á landsskipulagstillögunni. Skipulagsstofnun bendir að auk þess sem fram kemur í greinum 7.3.1 og 7.3.2 í tillögunni er í gildandi landsskipulagsstefnu vikið að mörgum þeirra þátta sem Arkitektafélag Íslands nefnir með einum eða öðrum hætti, s.s. í grein 3.2.2 þar sem meðal annars er lögð áhersla á fjölbreytta húsnæðiskosti, félagslega fjölbreytni og framboð á húsnæði fyrir alla tekjuhópa og grein 3.3 þar sem fjallað er um sjálfbært skipulag byggðar og lögð áhersla á gæði og heilnæmi hins byggða umhverfis, byggðar og bæjarrýma.
<i>7.3.2 Vandað íbúðarhúsnæði</i>	
Tilmæli Arkitektafélags Íslands varðandi kafla 7.3.2. lúta að efnistöfum og áherslum. Til að mynda telur félagið hugtakið „gæða-“ þurfa að koma til umfjöllunar á fyrstu stigum skipulags og þróunar með áherslu á að framtíð samfélags og náttúru beri ekki skaða af og að meðvitund kynslóða um efnisnotkun, staðarval og staðaranda verði vakin og eflid. Skoða þurfi hugtakið „gæði“ sérstaklega í samhengi við hönnun húsnæðis. Þar sé fyrst og síðast átt við góða endingu og umhverfisvæna hönnun sem taki mið af hagkvæmni í hvívetna. Arkitektafélag Íslands leggur til að Skipulagsstofnun hvetji til endurskoðunar	Vísað er til viðbragða við ábendingum Arkitektafélags Íslands undir grein 7.3.1 hér að framan.

<p>hugtakaskilgreininga í byggingarreglugerð en árið 2010 var hún tekin til gagnerrar endurskoðunar þar sem að Arkitektafélag Íslands gagnrýndi m.a. algjört brotthvarf skilgreiningar á hugtakinu „gæða-“.</p>	
<p>7.4 Heilnæmt og öruggt umhverfi</p>	
<p><i>7.4.1 Loftgæði og hljóðvist</i></p>	
<p>Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fjallað sé um og hugað að staðarvali fyrir mengandi starfsemi í landsskipulagsstefnu þar sem mengandi starfsemi getur rýrt loftgæði og valdið hljóðmengun. Vísar stofnunin í því sambandi til reglugerða nr. 724/2008 um hávaða, nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit og lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.</p>	<p>Skipulagsstofnun tekur undir ábendinguna en telur ekki tilefni til að breyta tillögunni. Hafa ber í huga að markmið greinar 7.4.1 á við um staðarval mengandi starfsemi líkt og aðrar ákvarðanir um þróun byggðar og ráðstöfun lands. Auk þess má benda á grein 7.0.2 þar sem áhersla er lögð á að umhverfismat skipulagsáætlana feli í sér mat á lýðheilsuáhrifum skipulagstillagna og annarra valkosta sem til greina koma.</p>
<p><i>7.4.2 Aðgengi og öryggi í almenningsrýmum</i></p>	
<p>7.5 Tækifæri til áhrifa á mótun nærumhverfis</p>	
<p>Sigríður Arna Arnþórsdóttir telur grein 7.5 um að ólíkum aldurs- og félagshópum verði tryggð aðkoma við skipulag byggðar og landnotkunar sérstaklega jákvæða og vonar að framfylgni þessa gangi eftir.</p>	<p>Kallar ekki á viðbrögð.</p>
<p>Páll Jakob Línadal fagnar áherslu á mikilvægi staðarsjálfsmyndar en gerir athugasemd við að hugtakið skuli eitt vera tekið út fyrir sviga, fleiri hugtök eigi við í þessu samhengi, svo sem staðarvensl (place attachment), staðarkennd (sense of place), félagsauður (social capital) og sjálfstjórn (sense of control). Páll telur að víkka mætti umræðuna með því að fjalla með sambærilegum hætti um þessi hugtök.</p>	<p>Þakkað er fyrir gagnlega ábendingu sem horft verður til við áframhaldandi vinnu Skipulagsstofnunar í tengslum við markmið greinar 7.5. Skipulagsstofnun telur hins vegar ekki tilefni til að breyta landsskipulagstillögunni með hliðsjón af ábendingunni. Bent er á að í greinargerð við markmið 7.5 er dregið fram mikilvægi þess að leita til íbúa um upplýsingar, hugmyndir og sjónarmið sem nýtast við að móta staði sem endurspegla staðbundið landslag, sögu og menningu, en þessi þættir eru nátengdir öðru meginviðfangi viðaukans, þ.e. staðarmótun og landslagsvernd. Hugtakið staðarsjálfsmynd (place identity) er notað í tillögunni til að vekja athygli á að greining á tengslum íbúa við sinn stað, með ýmiss konar samráðsaðferðum, getur komið að gagni við að móta staði sem styrkja þessi tengsl.</p> <p>Líkt og bent er á í umsögninni geta fleiri fræðihugtök komið til greina í þessu samhengi. Samráð við skipulagsgerð getur til dæmis nýst við að efla félagsauð (social capital) með því að leiða saman ólíka hópa og styrkja tengsl þeirra. Samráð er einnig leið til að tryggja möguleika fólks til að hafa áhrif á ákvarðanir sem snerta daglegt líf eins og vikið er að í greinargerðinni án þess að hugtakið sjálfstjórn (sense of control) sé tiltekið. Hugtökin staðarvensl (place attachment) og staðarkennd (sense of place) eru nátengd hugtakinu staðarsjálfsmynd. Ekki þykir þörf á undirbyggja markmið 7.5 nánar með því að fjalla um og útskýra þessi hugtök sérstaklega í greinargerðinni.</p>

<i>7.5.1 Samráð við skipulagsgerð</i>	
Sveitarfélagið Skagafjörður telur að skoða verði betur atriði varðandi ítarlegri og fjölþættari aðkomu almennings að skipulagsmálum, þ.e. hvort þau atriði séu í takt við þær hugmyndir sem viðráðar hafa verið um styttingu ferla í skipulagsmálum.	Þakkað er fyrir ábendinguna. Skipulagsstofnun bendir á að áherslur í grein 7.5.1 fela ekki í sér nýjar kröfur um aðkomu almennings að skipulagsferlinu umfram það sem lög gera ráð fyrir heldur er markmið þeirra að hvetja sveitarfélög til að auðvelda íbúum að kynna sér og taka afstöðu til skipulagsvinnu, með því að nýta fjölbreyttar aðferðir við kynningu og samráð.
Vegagerðin tekur undir mikilvægi íbúalýðræðis en telur að vanda þurfi til verka þegar skipulag nær til þátta sem varða aðra en þá sem eru í nærumhverfinu. Vegagerð og samgöngur séu dæmi um framkvæmdir sem tengjast skipulagsáætlunum sveitarfélaga þar sem aðrir en íbúar í nærumhverfi geti haft meiri hagsmuni varðandi ákvarðanir í skipulagi. Leiðir og lega þjóðvega geti verið þess eðlis að ákvarðanatöku þurfi að vera á efra stigi og í samstarfi við fleiri sveitarfélög. Tryggja þurfi að umferðaröryggi verði ávallt forsenda við gerð skipulagsáætlana.	Þakkað er fyrir ábendinguna. Mikilvægur þáttur vinnu við alla skipulagsgerð felst í greiningu hagsmunaaðila og hagsmuna og vali á viðeigandi samráðsaðferðum út frá aðstæðum og viðfangsefni skipulagsvinnunnar hverju sinni.
Páll Jakob Líndal telur mikilvægt að í landsskipulagsstefnu komi fram ríkari kröfur um framsetningu skipulagsgagna sem lögð eru fram til kynningar en nú tíðkast. Vísar Páll til tækniframfara síðustu ára sem mikilvægt sé að stefnumótun stjórnvalda taki mið af auk greinar 7.5.1 um fjölbreyttar aðferðir við kynningu og samráð við skipulagsgerð og kallar eftir að farið sé fram á að skipulagsgögn séu sett fram í þrívídd, þar sem slíkt á við.	Þakkað er fyrir ábendinguna. Skipulagsstofnun telur ekki tímabært að gerð sé krafa um framsetningu gagna í þrívídd, en bendir á að í tillögunni er lögð áhersla á myndræna og aðgengilega framsetningu. Með þróun stafræns skipulags og aðferða við vinnslu og framsetningu skipulagsgagna sem eru í farvatninu má ætla að þróunin verði í þá átt sem vísað er til í umsögninni.
<i>7.5.2 Úttekt á áhrifum almennings á ákvarðanatöku</i>	
<i>7.5.3 Leiðbeiningar um samráð við almenning</i>	
<i>7.5.4 Vefgátt og vefsja um skipulag og framkvæmdir</i>	
Sveitarfélagið Hornafjörður fagnar áherslu á samráð við skipulagsgerð og fyrirhugaðri vefsja um skipulag og framkvæmdir. Sveitarfélagið leggur áherslu á að í framhaldi af opnun landfræðilegrar vefsjár og vefgáttar sé tilefni til að endurskoða og einfalda málsmeðferð. Mikilvægt sé að tryggja fjármagn til þróunar og starfrækslu gagnagáttarinnar og að haft sé samráð við væntanlega notendur, þ.e. sveitarfélög, umsagnaraðila og íbúa. Enn fremur sé mikilvægt að tryggja að gáttin verði notendavæn og til þess fallin að auðvelda íbúum að leggja fram athugasemdir og tillögur við skipulagsgerð. Samband íslenskra sveitarfélaga telur það jákvætt að lögð sé áhersla á stafræna þróun og hlutverk Skipulagsstofnunar í að leiða þróun vefgáttar um skipulagsgerð, umhverfismat og leyfisveitingar í því skyni að auka skilvirkni. Í því samhengi sé þó tilefni til að áréttta þörf	Skipulagsstofnun þakkar fyrir góðar ábendingar. Þær kalla ekki á breytingar á landsskipulagstillögunni.

á að endurskoða skipulagslögjöf með tilliti til málshraða. Betra aðgengi að upplýsingum og einföldun viðmóts til að gera athugasemdir við skipulagsáform gefi m.a. möguleika á að stytta málsmeðferðarfresti skipulagstillagna og við leyfisveitingar.

Múlaþing fagnar sérstaklega að lögð sé áhersla á stafræna þróun og hlutverk Skipulagsstofnunar í að leiða þróun vefgáttar um skipulagsgerð, umhverfismat og leyfisveitingar í því skyni að auka skilvirkni. Múlaþing telur að hér sé um mjög mikilvægt mál að ræða sem geti verið sveitarfélögum til stuðnings við vinnu að skipulagsáætlunum, verið vettvangur til að auka aðkomu almennings að þeirri vinnu og gera hana aðgengilega íbúum og hagsmunaaðilum til virkrar þátttöku í skipulagsferlinu.

Umhverfismat

Helstu atriði athugasemda	Úrvinnsla Skipulagsstofnunar
Almennar athugasemdir	
<p>Loftslagsráð nefnir að umhverfismat tillögu að landsskipulagsstefnu sé unnið út frá Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Valið sé að takmarka matið við þau heimsmarkmið eða undirmarkmið þeirra sem ríkisstjórn Íslands hefur valið til áherslu. Greiningin sé almennt grunn og virðist ekki byggð á gögnum. Í einhverjum tilvikum sé óljóst á hverju staðhæfingar byggja. Æskilegt væri að horfa á tillöguna í heild og spegla hana í heildstæðri greiningu á heimsmarkmiðunum, ekki eingöngu þeim sem ríkisstjórnin hefur valið.</p>	<p>Þakkað er fyrir þessar ábendingar sem hafðar verða í huga til framtíðar, en er ekki ráðrúm til að vinna frekar með á þessu stigi.</p> <p>Umhverfismatið var unnið í samræmi við kröfur laga um umhverfismat áætlaða og tekur nákvæmni og aðferðir við það mið af eðli og nákvæmni þeirrar stefnu sem í hlut á og staðsetningu hennar í stigskiptingu áætlaða.</p> <p>Umhverfisviðmiðin voru valin á lýsingarstigi, nema hvað síðar var bætt við viðmiði úr Landslagssamningi Evrópu.</p>
<p>Óttar Yngvason telur viðmiðin „ástand hafsins“ og „villta laxfiska“ vanta í töflu yfir umhverfisviðmið. Þá telur hann vanta á nokkrum stöðum merkingu eftirfarandi umhverfisviðmiða í eftirfarandi heimsmarkmiðsreiti:</p> <ul style="list-style-type: none"> - Dýr, vanti í reiti 8 og 17. - Líffræðileg fjölbreytni, vanti í reiti 8 og 17. - Eignir, vanti í reit 17. - Landslag, vanti í reiti 8, 14 og 17. - Ástand hafsins, eigi að vera í reitum 8, 14 og 17. - Villtir laxfiskar, eigi að vera í reitum 6, 8, 14 og 17. 	<p>Þakkað er fyrir ábendinguna. Þetta hefur verið yfirfarið við lokafrágang landsskipulagsstillögunnar og umhverfismats hennar.</p>
<p>Óttar Yngvason telur vísana „erfðablöndun laxafiska“ og „sníkjudýr, meindýr“ vanta í töflu fyrir umhverfisvísa. Þá vanti á nokkrum stöðum merkingu eftirfarandi umhverfisvísa í viðkomandi heimsmarkmiðsreiti:</p> <ul style="list-style-type: none"> - Ástand sjávar, vanti í reiti 8 og 17. - Fráveita, vanti í reiti 8, 14 og 17. - Líffræðileg fjölbreytni, vanti í reiti 8, 14 og 17. - Sjúkdómar, vanti í reiti 8, 14 og 17. - Úrgangsméðhöndlun, vanti í reiti 8, 14 og 17. - Erfðablöndun laxfiska, eigi að vera í reitum 8, 4 og 17. - Sníkjudýr, meindýr, eigi að vera í reitum 8, 4 og 17. 	<p>Þakkað er fyrir ábendinguna. Þetta hefur verið yfirfarið við lokafrágang landsskipulagsstillögunnar og umhverfismats hennar.</p>